

ARI HÁLFÐÁN AÐALGEIRSSON

Spilað á munnhörpu og sungið í Napolí

• ferðir • bílar • heimili

ALLT í MIÐJU BLAÐSINS



GEIRFLUGLARNIR

Mikil aðdáun á Árna Bergmann

Nota gamla bókarkápu á nýtt plötuumslag

FÓLK 34



Hittumst á Hellu!
22.-24. ÁGÚST 2008
www.landbunadarsyning.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. ágúst 2008 — 225. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR



Flytur úr Garðabæ í Hveragerði

Eigandi verslunarinnar segir þetta tímamót í sögu Hannyrða-búðarinnar.

TÍMAMÓT 18

Yrkir um almættið

Pétur Síurgeirsson biskup á dágott safn ljóða sem hann hefur sjálfur ort.

FÓLK 25

Hitar upp fyrir Air

Hljómsveitin Bang Gang með Barða Jóhannsson í fararbroddi hitar upp fyrir dúettinn Air á tvennum tónleikum í Frakklandi í október.

FÓLK 34


Gríðarlegur liðsstyrkur



Körfuboltakapparnir Jón Arnór Stefánsson og Jakob Örn Sigurðarson leika með KR í vetur.

ÍPRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTSKÝJAÐ Í dag verða norðan 5-10 suðaustan til og austast annars hægvíðri. Víða léttskýjað þegar líður á daginn, síst við austur- og suðausturströndina. Hiti 10-18 stíg, hlýjast í uppsveitum syðra.

VEÐUR 4

Geir vill að Ísland uppfylli skilyrði um upptöku evru

Forsætisráðherra segir að Íbúðalánasjóður verði heildsölubanki og breytingar verði gerðar á ríkisábyrgð lána. Hann segir fulla samstöðu í ríkisstjórn um álver við Bakka. Geir styður Bitruvirkjun og útilokar ekki eignarnám í neðri hluta Þjórsár. Sameina þurfi fjármálafyrirtæki og huga að einkavæðingu Íslandspósts.

EFNAHAGSMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra segist enn vera þeirrar skoðunar að hagsmunum Íslands sé betur borgið utan Evrópusambandsins en innan. Hann telur hins vegar rétt að íslensk stjórnvöld stefni að því að uppfylla Maastricht-skilyrði evrópska myntbandalagsins um upptöku evru sem fyrst, óháð aðild að sambandinu. „Það eru almennir hagsmunir okkar að gera það óháð Evrópusambandinu,“ segir forsætisráðherra í viðtali við Markaðinn í dag.

„Við munum uppfylla öll Maastricht-skilyrðin ef við náum þeim árangri sem að er stefnt og

lýst í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og þá verður ekki nein ástæða til að taka upp annan gjaldmiðil því þá verður kominn sá stöðugleiki sem nauðsynlegur er,“ segir hann.

Geir upplýsir í viðtalinu að frekari umbætur standi til á Íbúðalánasjóði, félagslegi hluti lánveitinga verði tekinn út og aðgreindur frá öðrum, búinn til heildsölubanki og breytingar gerðar á ríkisábyrgð.

Geir segir unnt að hagræða frekar á fjármálamarkaði með sameiningu fyrirtækja og ríkisstjórnin muni stuðla að því. Hann telur rétt að huga að einkavæðingu Íslandspósts og

segir menntamálaráðherra undirbúa breytingar á þátttöku Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði.

„Auðlindir eru ekki mikils virði ef þær eru ekkert nýttar og engin þjóð telur sig hafa efni á að nýta ekki þær auðlindir sem hún ræður yfir,“ segir Geir og telur rétt að ljúka undirbúningi við virkjanir í neðri hluta Þjórsár og útilokar ekki eignarnám í þeim efnum. Hann vill einnig sjá Búðarhálsvirkjun og ljúka undirbúningi við Bitruvirkjun og segir fulla samstöðu í ríkisstjórn um stuðning við fyrirhugað álver á Bakka. - bih / sjá Markaðinn



MEÐ MARADONA Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari og aðstoðarmaður hans Gunnar Magnússon sjást hér með knattspyrnugoðsögninni Diego Armando Maradona.

Hittu sjálfan Maradona

PEKING 2008 Ísland spilaði í morgun við Pólland í átta liða úrslitum handboltakeppni Ólympíuleikanna í Peking.

Landsliðsþjálfararnir vonuðu að það væri góður fyrirboði fyrir leikinn í morgun að þeir hittu tvær af stærri knattspyrnustjórnnum heimsins á mánudaginn. Fyrstur varð Ronaldinho á vegi þeirra í Ólympíuborpinu og seinna rákust þeir á Diego Armando Maradona þegar þeir heimsóttu sjálfan Kínamúrinn.

Takist strákunum að vinna Pólverja þá mun liðið spila til verðlauna á leikunum. Fari svo, eins og Íslendingar vonast til, mætir það sigurvegaramum í viðureign Kóreu og Spánar í undanúrslitum.

Ísland hefur aðeins einu sinni komist alla leið í undanúrslit í handboltakeppni Ólympíuleikanna en það var á leikunum í Barcelona fyrir sextán árum.

-óój, -hbg / sjá síðu 31

Nýtt í Hagkaupum

Viltu bæta hlaupatímann þinn án meira álags?



Smart Motion hlaupastíllinn er kominn á DVD í Hagkaup!

HAGKAUP Ein ferð betra verð

Íslendingur í Flórída gefur lítið fyrir áhyggjur heimamanna af hitabeltisstorminum Fay:

Mikill viðbúnaður fyrir lítið

VEÐUR „Þetta var algjörlega ofmetið,“ segir Bjarni Þór Ásgeirsson flugnemi sem staddur er í Napolí á Flórída um hitabeltisstorminn Fay sem heimamenn hræddust mjög.

Útgöngubann var víða sett og skólum lokað auk þess sem ríkisstjóri fylkisins lýsti yfir neyðarástandi. Bjarni gefur þó lítið fyrir áhyggjur innfæddra. „Við myndum kalla þetta vont veður heima á

Íslandi. Ég er úr Grafarholtinu þannig að ég þekki þetta.“

Borist hafa fréttir af áhrifum óveðursins á svæðinu, meðal annars um rafmagnsleysi hjá nærri sex þúsund manns og að 150 hafi þurft að gista í stormskýlum.

„Jú, það er mikil rigning og vatn flæðir um götur, en maður kemst samt um. Pálmagreinar og eitt-hvert drasl fýkur um en það er alls ekki mikil eyðilegging,“ segir

Bjarni sem þótti verst að útgöngubann yfirvalda hefði truflað fyrirhugað póker- og björkvöld félaga hans.

Áður en stormurinn kom til Bandaríkjanna fór hann um Haítí og Dóminíska lýðveldið þar sem hann olli meiri usla en í Bandaríkjunum. Talið er að tugir manna hafi látist þar. Gert var ráð fyrir að bæta myndi í veðrið áður en það næði til Flórída.

- ges



Bæklingur fylgir í dag!

muundu eftir mjólkinni!

Eigðu afganginn!

Þeir sem bera saman verð og gæði velja Volkswagen



Volkswagen Golf	Toyota Auris	Ford Focus
Golf United 1,6 – Beinskiptur, bensín	Auris Sol 1,6 – Beinskiptur, bensín	Focus Trend 1,6 – Beinskiptur, bensín
Verð: 2.690.000 kr.	Verð: 3.180.000 kr.*	Verð: 2.850.000 kr.*
Eyðsla: 7,4 l / 100 km. Blandaður akstur	Eyðsla: 6,9 l / 100 km. Blandaður akstur	Eyðsla: 6,7 l / 100 km. Blandaður akstur
Hestöfl: 102	Hestöfl: 124	Hestöfl: 100
Sólluga: Já	Sólluga: Nei	Sólluga: Nei
ESP stöðugleikastýring: Já	ESP stöðugleikastýring: Já	ESP stöðugleikastýring: Já
Hiti í framsætum: Já	Hiti í framsætum: Nei	Hiti í framsætum: Nei
Þokuljós að framan: Já	Þokuljós að framan: Já	Þokuljós að framan: Já
Hiti í hliðarspeglum: Já	Hiti í hliðarspeglum: Já	Hiti í hliðarspeglum: Nei
Álfelgur: Já	Álfelgur: Nei	Álfelgur: Nei
Leðurstýri: Já	Leðurstýri: Já	Leðurstýri: Já
Rafdrifnir hliðarspeglar: Já	Rafdrifnir hliðarspeglar: Já	Rafdrifnir hliðarspeglar: Já
Armpúði milli framsæta: Já	Armpúði milli framsæta: Nei	Armpúði milli framsæta: Nei

Þegar þú velur Golf fram yfir Auris eins og í dæminu hér til hliðar er „afgangurinn“

490.000 kr.

Þegar þú velur Golf fram yfir Focus er „afgangurinn“

160.000 kr.

*samkvæmt verðlista viðkomandi umboðs

Fáðu þér betri bíl og sparaðu háar fjárhæðir í leiðinni

Þegar þú berð saman verð og gæði kemur í ljós að þú færð betri bíl og sparar um leið háa fjárhæð ef þú velur Volkswagen. Það er ótrúlegt en satt að nýr Golf, með öllum sínum gæðum og búnaði, kostar minna en aðrir bílar í sama flokki. Ekki spillir fyrir að þú þarft aðeins að greiða 20% út, t.d. með uppítöku, og færð það sem upp á vantar að fullu lánað í erlendri mynt. Komdu núna og tryggðu þér Golf – og notaðu afganginn í eitthvað annað.



Das Auto.

Reynslan er góð!

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



N1

ÞAÐ GERIST VARLA LÆGRA EN ÞETTA!

VERÐHRUN Í VERSLUNUM N1

40%

AFSLÁTTUR

af öllum grillum og
yfirbreiðslum

Broil Mate
11,4 Kw Gasgrill
076 138631S

~~32.200~~

Tilboð

19.740,-



Cadac Carri Chef
Deluxe
með ábreiðslu
076 9887831S

~~15.900,-~~

Tilboð

9.950,-



Stóll með borði
909 82055

~~7.900,-~~

Tilboð

5.925,-



Uppvottagrind
909 35668

~~2.490,-~~

Tilboð

1.867,-

25%

AFSLÁTTUR

af öllum Movera
húsbilavörum



Ketill m/ flautu
909 31436

~~2.490,-~~

Tilboð

1.867,-

HLAUGHTU MARAÞONIÐ, SKREF FYRIR SKREF!



Scott
DVD ferðaspilari
A358 85060598

~~24.900,-~~

Tilboð

12.900,-



Garmin
hlaupaúr
A385 85060629

~~29.900,-~~

Tilboð

14.900,-



Kenwood
bíltæki
896 KDC-W3041

~~29.900,-~~

Tilboð

14.900,-

JÓHANSSON & LEYFVASS - JÚL - SÍÐA



N1 STÓRVERSLUN BÍLDHÖFÐA 9

N1 verslanir um allt land: Hafnarfirði, Akureyri, Egilsstöðum, Akranesi, Keflavík, Selfossi og Höfn.

WWW.N1.IS

Meira í leiðinni

KJÖRKASSINN



Væri rétt að þurrka upp Skerjafjörðinn?

Já	40,5%
Nei	59,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á Gísli Marteinn að fara í launalaust leyfi frá borgarstjórn á meðan hann er í námi?

Seðgu þína skoðun á visir.is

Skoðanakönnun um Listaháskóla Íslands samkvæmt verðlaunatillögu:

Vilja ekki listaháskóla á Laugaveg

SKOÐANAKÖNNUN Tæpur meirihluti borgarbúa segist ekki vilja að listaháskóli risi á Laugavegi samkvæmt verðlaunatillögu. 55,0 prósent segist ekki vilja að verðlaunatillagan risi, en 45,0 prósent eru því fylgjandi. Þeir sem eru á móti tillögunni eru marktækt fleiri en þeir sem eru henni fylgjandi.


Karlar eru því frekar fylgjandi að Listaháskólinn risi eins og tillagan gerir ráð fyrir en konur. Af körlum eru 47,7 prósent því fylgjandi en 42,4 prósent kvenna.

Meirihluti kjósenda Framsóknarflokks, 69,2 prósent, og Samfylkingar, 52,1 prósent, eru fylgjandi því að háskólinn risi samkvæmt

kynntri tillögu. Meirihluti kjósenda annarra flokka og þeirra sem ekki gefa upp stuðning við stjórnmalaflokk eru því andvígir. Allt stuðningsfólk Frjálslynda flokksins sagðist verða því andvíg, 60,0 prósent vinstri grænna, 57,4 prósent sjálfstæðismanna og 57,0 prósent þeirra sem ekki gáfu upp stuðning við stjórnmalaflokk.

Hringt var í 600 borgarbúa á kosningaaldri laugardaginn 16. ágúst og skiptust svarendur jafnt eftir kyni. Spurt var: Á að reisa Listaháskóla Íslands við Laugaveg eins og verðlaunatillagan gerir ráð fyrir? Töku 76,7 prósent aðspurðra afstöðu til spurningarinnar.

Á að reisa listaháskóla Íslands við Laugaveg eins og verðlaunatillagan gerir ráð fyrir?



SKV. KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 16.08.'08

Sarkozy til Afganistans:

Tíu franskir hermenn féllu

AFGANISTAN, AP Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti hélt til Afganistans í gær, eftir að tíu franskir hermenn féllu og 21 særðist þegar uppreisnarmenn sátu fyrir þeim í Surobi, skammt austan við höfuðborgina Kabúl.

Um hundrað uppreisnarmenn réðust á frönsku hermennina og hófust hörð átök í kjölfarið þar sem þrettán uppreisnarmenn féllu.

Þetta er mesta mannfall erlendrar hermanna í Afganistan í meira en þrjú ár. Ástandið í Surobi hefur lengi verið ótryggt og átök hafa verið þar tíð síðustu mánuði.

- gb

TASKI

Bjarnþór Þorláksson, bilstjóri hjá RV

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum og ráðgjöfum RV

Gólfþvottavélar á rekstrarleigu

Engin útborgun, engin fjárbinding, aðeins mánaðarlegar greiðslur.

- TASKI swingo XP
- TASKI swingo 3500 B
- TASKI swingo 1250 B
- TASKI swingo 750 B

TASKI swingo gólfþvottavélar
Einfaldar í notkun - liprar og leika í höndunum á þér

TASKI Swingo 1250 B

Rekstrarvörur - vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Sauðfjárbændur sjá fram á erfiða daga

Viðbúið er að sauðfjárbændum fækki og aðrir berjast í bökkum vegna mikilla hækkana á aðföngum og lítilla hækkana á afurðaverði. Verðskrá Norðlenska hækkar um fimmtán prósent. Bændur segjast þurfa minnst 27 prósent hækkun.

LANDBÚNAÐUR „Þetta er ákaflega erfið staða,“ segir Jóhannes Sigfússon, sauðfjárbóndi á Gunnarsstöðum í Þistilfirði og formaður Landssamtaka sauðfjárbænda.

Norðlenska hefur, fyrst afurðastöðva, gefið út verðskrá fyrir lambkjöt vegna komandi sláurtíðar. Verð til bænda hækkar um fimmtán prósent.

Í vor höfðu sauðfjárbændur gefið út að verð þyrfti að hækka að lágmarki um 27 prósent vegna verðhækkana á öllum aðföngum. Aðeins áburðarverð hafði þá hækkað um 80 prósent og miklar hækkningar orðið á olíuverði og fjármagnskostnaði. Frekar hækkunar hafa orðið síðan þá.

Jóhannes segir að þótt verðskrá Norðlenska valdi vonbrigðum geri hann sér fulla grein fyrir þröngri stöðu sláturleyfishafa. „Vaxtaokrið á fyrirtækjunum er svo rosalegt og gerir allt dæmið erfiðara,“ segir hann.

Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðlenska, segist skilja áhyggjur bænda. Fyrirtækið hafi hins vegar teygst sig



Á BEIT Sauðfjárbændur eru óánægðir með það verð sem Norðlenska hyggst greiða fyrir lambkjöt í haust. Formaður þeirra telur að einhverjir bændur kunni að bregða búi. Hann vill að Landsamtökin fái að semja um verð við afurðastöðvarnar og að núverandi þvingungarfyrikomulag gegn bændum verði aflagt.

eins langt og það gat í því efna-hagsárferði sem nú sé. „Lambakjötið er í samkeppni við annað kjöt og ef við kaupum dýrt og náum ekki að selja það þá er rekstrargrundvöllur okkar brostinn,“ segir Sigmundur.

Jóhannes telur einsýnt að einhverjir bændur bregði búi þar sem þeir nái ekki endum saman. Ekki sé öllum fært að halda áfram rekstri við núverandi aðstæður.

Verð á kjöti er ákveðið með verðskrá sláturleyfishafa. Landsamtök sauðfjárbænda mega gefa út eigið viðmiðunarverð en það er undir hælinn lagt hvort sláturleyfishafar taka tillit til þess. Samkvæmt samkeppnislögum er samtökunum óheimilt að semja um

verð fyrir hönd bænda. Slíkt heitir samráð.

Jóhannes formaður telur eðlilegt að lögunum verði breytt og að bændur fái að semja um verð á vörum sínum. Eins og nú sé ástátt séu þeir í raun þvingaðir til að selja á því verði sem afurðastöðvarnar setja upp. Heita eigi að afurðastöðvarnar eigi í samkeppni sín á milli og þannig eigi verði að hækka en þær séu alltaf samstíga. Jafnan muni um einu prósent á verðskrá þeirra. „Það eru víða Öskjuhlíðar,“ segir Jóhannes en tekur fram að með þeim orðum sé hann að benda á að samráð afurðastöðva sé mögulegt, ekki að það sé viðhaft.

bjorn@frettabladid.is

Líkur eru á að erfitt árferði nú skerði skattatekjur ríkissjóðs:

Tekjuafgangur var 86 milljarðar

EFNAHAGSMÁL „Afkoma ríkissjóðs ber merki uppsveiflunnar,“ segir Katrín Ólafsdóttir, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, um afkomu ríkissjóðs í ríkisreikningi sem birtur var í gær. Hún reiknar með að draga muni úr tekjuhlíðinni á næsta ári. Sérstaklega muni draga úr skatttekjum, þá sérstaklega fjármagnstekjuskatti. Svipuðu máli geti gegnt um virðisaukaskatt verði samdráttur í einkaneyslu, að hennar sögn.

Tekjuafgangur ríkissjóðs nam 86 milljörðum króna á síðasta ári. Þetta er 6,8 milljörðum krónum betri afkoma en árið áður, samkvæmt ríkisreikningi sem fjármálaráðuneytið birti í gær.

Í reikningnum kemur fram að tekjur ríkissjóðs hafi numið 486 milljörðum króna á síðasta ári sem er 66 milljarða króna hækkun á



STJÓRNARRÁÐIÐ Lektor við Háskólann í Reykjavík segir góðærið á síðasta ári lita afkomu ríkissjóðs.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

milli ára. Þar af námu fjármagnstekjur og skattar á einstaklinga og hagnað fyrirtækja 153 milljörðum króna samanborið við 138 milljarða árið á undan.

Á móti námu gjöldin 398 mill-

jörðum króna sem er hækkun upp á 58 milljarða á milli ára. Tæpur fjórðungur útgjaldanna rann til heilbrigðismála og er stærsti útgjaldaliðurinn líkt og fyrri ár.

- jab

SÓMI

FERSKT EINFALT & ÞÆGILEGT

PANTAÐU SÓMA VEISLUBAKKA

20 bitar
2.650 kr.

30 bitar
2.930 kr.

Pantaðu í síma
565 6000
eða á www.somi.is
Fri heimsending*

*Fri heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.

Allt í skólann

➔ BOLIR
1.299-1.999

Mesta úrvalið
af skólafatnaði

Ótrúlegt verð á skólavörum



GOTT VERÐ
185.-



GOTT VERÐ
199.-



GOTT VERÐ
199.-



GOTT VERÐ
499.-

GOTT VERÐ
299.-



OPIÐ
til **20**
alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Opið í dag frá kl. 9 til 18

Nú áttu 200.000 kr. útborgun upp í betri bíl
Smelltu á www.notadir.brimborg.is og veldu þann nýja.
100% fjármögnun.



Komdu í kaffi og kleinur og seldu okkur drusluna fyrir betri notaðan

Breyttu druslunni í djásn í dag

Við kaupum hvaða druslu sem er á heilar 200.000 krónur, kaupir þú betri notaðan bíl hjá Brimborg í dag. Komdu bíldrslunni í verð.

Nú áttu útborgun upp í betri bíl

Komdu bíldrslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrsluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrsla upp í hvern betri bíl. **100% fjármögnun.**

Nýttu nú tækifærið. Komdu í Brimborg í dag.

100% fjármögnun
á betri bíl frá Brimborg

Druslan
öðlast
nýtt líf
í dag

Komdu druslunni í verð í dag

Kaupum hvaða druslu sem er

200.000 krónur fyrir drusluna


visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Alveg satt. Við kaupum hvaða bíldrslu sem er á heilar 200.000 kr. kaupir þú betri notaðan í Brimborg. Líka þá sem eru á sérstöku tilboði í dag. Um leið og þú breytir druslunni í djásn tekurðu nokkur visthæf skref. Þú hreinsar til í borg og bæjum og dregur úr mengun. Sparar eldsneyti. Og ekki síst þú eykur öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl.



Öruggur staður til að vera á



FLÓÐ Í NÝJU-DELÍ Fólk í austanverðri Nýju-Delí á Indlandi reyndi að bjarga hverju það gat í flóðum um borgina í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Sturtur blaðamanna vaktaðar?



HENRY BIRGIR GUNNARSSON
blóggar frá Ólympíu-
leikunum í Peking

Það fer ekki framhjá neinum hér í Peking að öryggisgæslan er gífurleg. 100 þúsund hermenn vakta borgina ásamt einkennisklæddum sem og óeinkennisklæddum lögreglumönnum. Þess utan eru öryggismyndavélar út um allt.

Meðal annars á hótélum blaðamanna. Þar eru þær alls staðar. Ég leitaði meðal annars að einni á baðherberginu mínu um daginn. Hafði þá komið heim á hótél um miðjan dag og notaði tímann til

þess að fara í sturtu og skipta um fót. Var enn að þurrka mér þegar tvær eldri konur bönguðu upp á og ruddust inn á bað til þess að þrifa og skipta um handklæði. Herbergið hafði þegar verið þrifið um þremur tímum áður. Afar einkennilegt.

Hér við aðstöðu blaðamanna standa hermenn vaktina við hliðið. Sé alltaf sömu gaurana. Held þeir standi hér bara í þrjár vikur án þess að hreyfa sig. Eru reyndar óvopnaðir en eitthvað virðist hafa gerst í gær því í dag voru mættir tveir með vélbyssur.

Svo var einhverra hluta vegna kominn skriðdreki fyrir utan í fyrradag. Veit ekki hver tilgang-



urinn var með því. Hann stóð fyrir utan í rúman sólarhring og hvarf síðan. Get ekki beðið eftir að sjá hvað verður í boði á morgun.

Gísli Marteinn í Edinborg:

Borgar ferðir úr eigin vasa

REYKJAVÍK Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi mun greiða ferðir sínar frá Edinborg og á borgarstjórnarfundum í Reykjavík úr eigin vasa í vetur. Gísli er farinn utan til náms en heldur stöðu sinni og launum sem borgarfulltrúi.

Hann var gagnrýndur í blaðinu í gær af Sveini Andra Sveinssyni lögmanni. Sveinn segir Gísila sýna kjösendum virðingarleysi: útilokað sé að sinna þessu starfi frá útlöndum.

Gísli hefur bent á að fordæmi séu fyrir því að borgarfulltrúar nemi á launum. Hann mæti á alla þá borgarstjórnarfundum sem hann mögulega geti.

- kóp

Námsmannakort í strætó




Framhalds- og háskólanemar í Garðabæ eiga kost á strætókorti sem gildir til 1. júní 2009. Námsmannakortið kostar 3.100 krónur.

Svona nærðu í námsmannakort:

1. Þú ferð inn á vefinn www.straeto.is
2. Þú skráir kennitöluna þína og færð lykilorð sent í heimabankann þinn
3. Þú notar lykilorðið til að skrá þig inn á www.straeto.is
4. Þú setur inn upplýsingar um þig og mynd af þér
5. Þú sækir kortið í þjónustuver Garðabæjar og greiðir fyrir það 3.100 krónur.



GARÐABÆR
www.gardabaer.is



Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



RAYMOND JOHANSEN Aðstoðarutanríkisráðherra Noregs segir hlut Íslendinga í vopnahléseftirliti á Sri Lanka mikilvægan skerf á örlagastundu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Aðstoðarutanríkisráðherra Noregs:

Skylda að leggja sitt af mörkum fyrir frið

UTANRÍKISMÁL Noregur á það sam-eiginlegt með Georgíu að vera nágrannaland Rússlands. Því gagnrýna norsk stjórnvöld ríkisstjórn Rússlands harkalega fyrir að brjóta gegn fullveldi Georgíu og fyrir að ganga miklu lengra en tilefni var til í hernaðarlegum viðbrögðum við tilraun Georgíumanna til að ná aðskilnaðarhéraðinu Suður-Ossetíu aftur á sitt vald.

Þetta segir Raymond Johansen, aðstoðarutanríkisráðherra Noregs, í samtali við Fréttablaðið, en hann heldur í dag erindi á opnum málfrundi á Háskólatorgi um reynslu Norðmanna á sviði friðarumleitana.

Síðastliðin tvö ár hefur Johansen farið fyrir starfsemi Noregs á sviði friðar- og sáttumleitana, einkum á Sri Lanka, í Súdan, Mið-

Austurlöndum og Kólumbíu. Hann segir Íslendinga hafa lagt til mikilvægan skerf á örlagastundu þegar þeir stóðu ásamt Norðmönnum einir vaktina í norrænu vopnahlés-eftirlitsnefndinni á Sri Lanka, SLM, síðustu misserin áður en vopnahléið, sem Norðmenn áttu milligöngu um árið 2002, fór út um þúfur í kring um síðustu áramót.

„Það er erfitt hlutverk að viðhalda vopnahléi þegar báðir deiluaðilar kjósa frekar stríð,“ segir Johansen um vonbrigðin vegna upplausnar vopnahlésins á Sri Lanka. En hann segir tiltölulega lítið en ríkt land eins og Noreg hafa skyldu til að gera það sem í þess valdi stangi til að stuðla að friði á ófriðsamlegri svæðum heimsins. Um það ríki þverpólitísk samstaða í Noregi.

- aa



FOSS og STÁ sameinast: Sameining á Suðurlandi

SUÐURLAND Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi, FOSS og Starfsmannafélag sveitarfélagsins Árborgar, STÁ hafa nú verið sameinuð. Var formlega gengið frá sameiningu félaganna á sameiginlegum stjórnarfundum 18. ágúst síðastliðinn.

Lög FOSS munu gilda um hið sameiginlega félag og mun FOSS taka yfir starfsemi STÁ, bæði eignir þess og skuldir. FOSS mun einnig taka yfir kjarasamninga STÁ og þá munu orlofssjóðir, starfsmenntasjóðir og félagssjóðir félaganna sameinast. Félagsmenn í sameinuðu félagi eru rúmlega 900. Suðurglugginn greindi frá. - ovd



LÖGREGLAN Auglýst hefur verið eftir fimmtán lögregluþjónum á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Höfuðborgarsvæðið:

Fimmtán nýir lögregluþjórnar

LÖGGÆSLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur auglýst eftir fimmtán lögregluþjónum. Ekki er um nýjar stöður að ræða. „Þetta eru bara stöður sem hafa losnað hjá okkur við hreyfingar á starfsfólki. Þegar búið er að ráða í þær verður fullmannað hjá okkur miðað við fjárheimildir,“ segir Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn.

Spurður hvort fjárheimildir uppfylli þörf lögreglunnar segir Geir Jón það velja á því hvernig löggæslu menn vilja sjá. „Við sníðum okkur bara stakk eftir vexti eins og aðrir.“ - kóp

Hirðingjapjóð í Sahara:

Uppreisn lýkur í Níger og Malí

NÍGER, AP Uppreisnarmenn í Norður-Afríkurlíkjunum Níger og Malí sögðust í gær hafa lagt niður vopn og hætt uppreisn sinni. Það var Moammar Gaddafi, leiðtogi í Líbíu, sem fékk þá til þess.

Jafnframt hafa uppreisnarmenn ákveðið að láta lausa um 60 gísla í báðum ríkjunum.

Uppreisnarmennirnir eru af Tuareg-þjóðinni, sem er þjóð hirðingja í Sahara-eyðimörkinni. Þeir hófu uppreisn sína árið 2007 og sökuðu stjórnvöld beggja ríkjanna um að hunsa hagsmuni hirðingjapjóðarinnar. - gb



KOSTAR EKKI NEMA NEITT

Nemakortið gerir nemendum á framhalds- og háskólastigi kleift að ferðast endurgjaldslaust á umhverfisvænan og þægilegan hátt.

Nemendur með lögheimili í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Álftanesi eiga rétt á Nemakortinu skólaárið 2008-2009.

Sæktu um Nemakort á www.strætó.is



FRÉTTASKÝRING: Stríð í Georgíu

Kalt stríð um ítök í Kákasus

Með harkalegum hernaði sínum í Georgíu hafa Rússar sýnt mátt sinn og megin á Kákasussvæðinu og hve illa Vesturlönd eru í stakk búin að veita vinveittum þjóðum þar um slóðir haldgóðan stuðning. Samskipti Rússlands og NATO hafa kólnað verulega vegna málsins.

Utanríkisráðherrar hinna 26 aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins komu saman á bráðafundi í Brussel í gær til að ræða hvernig bandalagið ætti að bregðast við hernaði Rússa í Georgíu. Þeir samþykktu að skora á Rússa að standa við ákvæði vopnahléssamkomulagsins, sem ESB-formennskubjóðin Frakkar áttu milligöngu um, en til að svo teldist vera yrðu þeir að flytja herlið sitt til baka til þeirra stöðva sem það var í áður en átökin hófust.

Fyrstu staðfestu fréttirnar af því að sá brottflutningur væri hafinn bárust frá Georgíu í gær. Lest skrið- og bryndreka rússneska herliðsins sem hernumið hafði mið-georgísku borgina Gori sást halda út úr borginni til norðurs, í átt að aðskilnaðarhéradinu Suður-Ossetíu þar sem átökin hófust þann 7. ágúst síðastliðinn.

Fangaskipti

Áður höfðu talsmenn stjórnvalda í Tíblisi sagt að enn væru engin merki um að rússneska innrásarliðið væri að hugsa sér til hreyfings. Að öðru leyti en því að það gekk eftir að rússneska herliðið skipti á föngum við georgíska herinn við eftirlitsstöð nærri Tíblísí í gær. Skipt var á fimmtán georgískum hermönnum fyrir fimm rússneska. Tveir hinna síðarnefndu kváðu vera flugmenn rússneskra herþotna sem skotnar voru niður fyrir Georgíu.

Fallist á ÖSE-efirlit

Í Brussel staðfesti finnski utanríkisráðherra Alexander Stubb, sem gegnir nú formennsku í Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, að rússnesk yfirvöld hefðu

fallist á að 20 eftirlitsmenn á vegum stofnunarinnar fengju aðgang að átakasvæðinu. Áður voru níu slíkir eftirlitsmenn ÖSE á vettvangi í Suður-Ossetíu, en gátu sig lítið hrært vegna skorts á öryggisstryggingum. „Eg er máttulega bjartsýnn á að okkur takist [...] að koma eftirlitsmönnum á vettvang strax í kvöld (þriðjudagskvöld),“ hafði fréttavefur BBC eftir Stubb í gær.

Rice ómyrk í máli

Bandaríski utanríkisráðherra Condoleezza Rice varaði á fundinum í Brussel í gær Rússa við. Sér sýndist Rússar ekki standa við vopnahléssamkomulagið og því spyrgi hún sig hvers vegna rússneski forsetinn „annaðhvort geti eða vilji ekki standa við orð sín“. Með þessu leiki Rússar hættulegan leik.

Rice sakaði valdhafa í Moskvu um að vilja hræða hina litlu grannþjóð Georgíumenn til undirgefni. Og bætti við: „Við [Bandaríkjamenn] erum ákveðnir í að hindra að Rússar fái þessu markmiði sínu framgengt.“

Álíka harða afstöðu gagnvart Rússum hafa Bretar og fyrrverandi Austantjaldsríkin í NATO. Þjóðverjar, Frakkar og Hollendingar eru aftur á móti á meðal NATO-þjóða sem hafa viljað forðast að láta samskiptin við Rússa versna umfram það sem þegar er orðið. Þessi innri ágreiningur NATO-ríkjanna hindraði þó ekki samstöðu um sameiginlega pólitíska yfirlýsingu á bráðafundinum í Brussel í gær. Í henni er Rússum send skýr skilaboð um að samskiptin við bandalagið munu líða fyrir framgöngu þeirra gagnvart Georgíu.



GEORGÍA
Sérfræðingar álíta mjög litla möguleika á því að Mikheil Saakashvili forseti geti náð aftur yfirráðum yfir aðskilnaðarhéruðum landsins eftir að Georgíuher gerði misheppnaða tilraun til að endurheimta Suður-Ossetíu.


Saakashvili frestar því í þrjú daga að undirrita vopnahléssamkomulag; segir það ekki vera endanlegt.



BANDARÍKIN
Gagnrýnendur saka ríkisstjórn Bush forseta um hálfkórð viðbrögð og að hafa átt þátt í að koma átökunum af stað með því að standa óþarflega fast að baki Saakashvili.

Mögulegar aðgerðir til að reka þá úr G8 og hindra aðild þeirra að WTO.

Afleiðingar Georgíustríðs
Innrás Rússa í Georgíu endurspeglar með skýrum hætti að ráðamenn í Moskvu hika ekki við að beita hervaldi til að láta finna fyrir sér, ekki aðeins í Georgíu heldur ekki síður gagnvart Vesturlöndum. Moskvuvaldið hefur komið því til skila að það mun ekki líða að þjóðir á „áhrifasvæði“ þess virði vilja þess að vettugi, svo sem með því að stefna að aðild að NATO.



RÚSSLAND
Átökin hafa staðfest að fyrrverandi forsetinn, Vladimir Pútín, sem nú er forsætisráðherra, er enn sá sem völdin hefur.

Þrátt fyrir að fallast á vopnahlé, sem kveður á um brottkvæðingu herliðs til þeirra stöðva sem það var í fyrir stríðið, halda Rússar áfram að eyðileggja hernaðarlega innviði Georgíu.

Rússneski utanríkisráðherra Sergei Lavrov lýsir því yfir að fullveldi Georgíu yfir öllu landsvæði sínu sé „dauft mál“.

RÚSSLAND Vladikavkaz

GEORGÍA Tíblisi, Gori, Senaki, Zugdidi, Tskhinvali, Roki-gäng, Georgísk herstöð

ABKASÍA Sokhumi, Rússneskt hafnbann, Poti

SUÐUR-OSETÍA Kadori, gljúfur, Zugdidi, Tskhinvali, Gori

NORÐUR-OSETÍA

ARMENÍA

TYRKLAND

ASERBAÍDSJAN Baku-Tíblisi-Ceyhan olíuleiðslan

SVARTAHAF

Bæir á valdi Rússa

Bandarísk hjálpargögn flutt með herskipum og flugvélum

ABSKILNAÐARHERUÐ
Forsetar Suður-Ossetíu, Eduard Kokoity (t.h.), og Abkasíu, Sergei Bagapsh, segjast stefna að fullu sjálfstæði.

Pictures: AP, Getty Images © GRAPHIC NEWS

VOPNAHLÉSSAMKOMULAGIÐ
Á laugardag, níu dögum eftir að stríð hófst í Suður-Ossetíu, undirritaði Dmitr Medvedev, forseti Rússlands, vopnahléssamkomulag við Georgíu sem Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti hafði milligöngu um fyrir hönd Evrópusambandsins, Bandaríkanna og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Áður hafði Mikheil Saakashvili Georgíuforseti undirritað samkomulagið eftir þriggja daga umpóttunartíma.

AÐALATRÍÐI SAMKOMULAGSINS:

- Engin frekari beiting hervalds.
- Mannúðaraðstoð hljóti hindrunarlausan aðgang að nauðstöddum.
- Georgískar hersveitir snúu til heima-herstöðva sinna.
- Rússneskar hersveitir snúu til þeirra stöðva sem þær voru í áður en átökin hófust.
- Alþjóðlegar vörðubrögð um frið og öryggi í Suður-Ossetíu og Abkasíu.

FRÉTTASKÝRING
AÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

TÍMAMÓTAVERK

Orðabók framtíðarinnar

SVO MIKLU MEIRA EN HEFÐBUNDIN ORÐABÓK

SKÓLATILBOÐ 9.980 KR.-
(Fullt verð 15.937 kr.)

Yfirgripsmikið verk sem veitir einstaka leiðsögn um orðaval í ræðu og riti.

Rafraen útgáfa á geisladiski fylgir bókinni og veitir margvíslega leitarmöguleika og nýja innsýn í efnið.

Bókin gerir rækilega grein fyrir notkun orða og orðasambanda í margvíslegu samhengi og birtir mynd af íslenskum orðaforða.

Stóra ORÐABOKIN um íslenska málnotkun

JPV ÚTGÁFA www.forlagid.is

FBL-GREINING: AFNÁM OPINBERRA GJALDA Á SMÁPÖKKUM

Tekjur ríkisins minni en kostnaður

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda lagt til við fjármálaráðherra að fella niður bókamúrinn svokallaða. Þar er átt við virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld af bókum og smávarningi sem sendur er hingað til lands að utan. Ástæðan fyrir þessu er sú að tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti á bókum og smávörum eru oft margfalt minni en kostnaðurinn við að reikna þessi gjöld út.


Hversu mikill er kostnaðurinn af umsýslugjaldi af hverri sendingu?
Umsýslugjaldið, 450 krónur, þykir ef til vill ekki stór upphæð. Hún er þó nógu stórt hlutfall af verði smávöru til þess að fæla suma kaupendur frá. Í rökstuðningi talsmannsins er tekið dæmi af bók sem kostar 300 krónur auk sendingarkostnaðar sem er 540 krónur. Virðisaukaskatturinn af þessari sendingu er 59 krónur. Án skattlagningar hefði bókina kostað 62 prósent af því sem hún kostar nú. Kostnaður neytandans er nífalt meiri en gróði ríkissjóðs. Hlutfallið er auðvitað ekki jafn hátt af dýrari bókum.

Um hve stórar pantanir er að ræða?
Í tillögnum er miðað við að gjöld af pökkum sem bera virðisaukaskatt undir fimmhundrað krónum verði felld niður. Það þýðir að af vörum eins og bókum, sem bera sjö prósent skatt, má heildarverð pöntunar vera 7.143 krónur áður en farið er að innheimta skatt og þegar skatturinn er 24,5 prósent þá má það vera 2.041 króna.

Hvers vegna breytingarnar?
Rökstuðningur þeirra sem aðhyllast breytingarnar er sá að afnám gjaldanna muni bæta hag neytenda, auka samkeppni sem aftur lækkar verð og breiðar vöruúrval og auk þess stuðla að meiri skilvirkni í pósthverzlun Íslandi. Bókaverð á vefverslunum eins og amazon.com er í mörgum tilvikum lægra en héraðslandis þannig að breytingarnar gætu haft nokkur áhrif á neysluhegðun.

Hvernig er þessu háttað erlendis?
Ísland er eina landið á EES-svæðinu sem er ekki með reglu um niðurfellingu opinberra gjalda af smápökkum.





NTV ER NÚ VOTTAÐUR MICROSOFT SÉRFRÆÐISKÓLI (CPLS)



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

NTV hefur frá stofnun skólans 1996 lagt mikla áherslu á sérhæft nám byggt á alþjóðlegum grunni. Nú hefur stórt skref verið stigið á þeim vettvangi með Learning Partner vottun frá Microsoft og samstarfs-samningum við Quality Training^{Ltd.} & Dive Deeper Technology Events^{TM.}

Það sést í miklum fjölda nýrra sérfræðinámskeiða nú á haustönn ásamt stórrí námsstefnu í Smárabíói 9-10. okt. sem betur verður auglýst síðar.



PROMETRIC[™]

Lengra nám

☀ CCENT - Cisco Certified Entry Networking Technician

49 stundir - Verð: 175.000.- (Allt innifalið)
Kvöld og helgarnámskeið hefst: 9. september

☀ CCNA - Cisco Certified Network Associate

49 stundir - Verð: 185.000.- (Allt innifalið)
Kvöld og helgarnámskeið hefst 7. október

☀ Cisco Advanced routing

53 stundir - Verð: 215.000.- (Allt innifalið)
Kvöldnámskeið hefst 4. nóvember

☀ Forritun og kerfisfræði

240 stundir - Verð: 309.000 (Allt innifalið)
Kvöld og helgarnámskeið hefst 9. september

☀ Tölvuviðgerðir

72 stundir - Verð: 110.000.- (Allt innifalið)
Morgunnámskeið byrjar 9. september
Kvöld- og helgarnámskeið 1. september

☀ Kerfisstjórnin

180 stundir - Verð: 245.000.- (Allt innifalið)
(Byrjar á tölvuviðgerðum - Sjá að ofan)

☀ MCDST - Microsoft Certified Desktop Support Technician

53 stundir - Verð: 208.000.- (Allt innifalið)
Morgunnámskeið byrjar 8. desember

☀ MCITP Server Administrator 2008

242 stundir - Verð: 415.000.- (Allt innifalið)
Kvöldnámskeið byrjar 16. september

☀ MCP XP/Vista netstjórnun

108 stundir - Verð: 139.000.- (Allt innifalið)
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 29. september
Morgunnámskeið byrjar 21. október

☀ MCSA - Microsoft Certified Systems Administrator

150 stundir - Verð: 314.000.- (Allt innifalið)
Helgarnámskeið byrjar 30. ágúst

☀ MCSA 2003 Microsoft Official Courseware

242 stundir - Verð: 415.000.- (Allt innifalið)
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 22. september

Hvað leynist undir yfirborðinu?



Dive Deeper[®] 08

Tækninámsstefna í Smárabíói 9-10 október

Stytttri námskeið

☀ Implementing Microsoft Office SharePoint Server 2007

3 dagar - Verð: 210.000.- (Allt innifalið)
29. september til 1. október

☀ SharePoint 2007 for End Users

1 dagur - Verð: 70.000.- (Allt innifalið)
15. september

☀ Terminal Server Masterclass

1 dagur - Verð: 70.000.- (Allt innifalið)
6. október

☀ Adventures in Virtualization

1 dagur - Verð: 70.000.- (Allt innifalið)
7. október

☀ Updating your Network Infrastructure and Active Directory Technology Skills to Windows Server 2008

3 dagar - Verð: 210.000.- (Allt innifalið)
3-5. nóvember

☀ Troubleshooting and optimizing database servers using Microsoft SQL server 2005

2 dagar - Verð: 140.000.- (Allt innifalið)
17-18. nóvember

☀ Customization and Configuration in Microsoft Dynamics CRM 4.0

4 dagar - Verð: 280.000.- (Allt innifalið)
1-4. desember



INNRIÐUN FYRIR HAUSTÖNN 2008 STENDUR YFIR!

ntv

100% FJÁRMÖGNUN
50% ERLENT / 50% ÍSLENSKT LÁN



Bílstjórar athugið!

Eigum nokkur gullegg



~~6 stk.~~ 3 stk.

á sértíloði



Hyundai Getz

5 dyra, bensín og beinskiptur.

1.791.000

20.791 Tilboðsverð á mánuði.
M.v. 70% fjármögnun*



~~4 stk.~~ 2 stk.

á sértíloði



Renault Megane II

5 dyra, bensín og beinskiptur.

2.475.000

28.764 Tilboðsverð á mánuði.
M.v. 70% fjármögnun*

Ertu með gull í greipum?

Við bjóðum þér uppítökutryggingu að upphæð **200.000 kr.** Það þýðir að bíllinn þinn, sama hversu gamall og reittur hann er, verður aldrei minna en **200.000 kr.** virði (þarf að vera gangfær og skoðaður '08). Láttu sérfræðinga okkar meta bíllinn og keyrðu burt á nýjum bíl með eina lága greiðslu á mánuði.

**Gríptu gæsina í dag
og gerðu (g)eggjað góð kaup**





Í fórum okkar

Takmarkaður fjöldi - þetta verð hefur ekki sést síðan í vetur



~~13 stk.~~ **8 stk.** á sértíloði



Hyundai Santa Fe
5 dyra, bensín og sjálfskiptur.

4.190.000

48.695 Tilboðsverð á mánuði.
M.v. 70% fjármögnun*



~~5 stk.~~ **4 stk.** á sértíloði



Renault Megane Sport Tourer
5 dyra, bensín og beinskíptur.

2.565.000

29.809 Tilboðsverð á mánuði.
M.v. 70% fjármögnun*

Gríptu gæsina í dag og fáðu þér nýjan Hyundai eða Renault á kostakjörum.

HYUNDAI eru hagkvæmir og sparneytnir bílar með lága bilanatíðni. Æ fleiri minnst á hversu snotrir þeir eru orðnir og skemmtilegir í akstri. Hyundai kemur ávallt vel út, þegar borin eru saman gæði og verð. RENAULT er traustur og skynsamlegur kostur í kreppunni. Hann eyðir litlu og endist vel. Öruggeri bíl er ekki hægt að hugsa sér. Þetta er besta verð sem sést hefur lengi á þessum fallegu bílum.

Við köllum þennan takmarkaða fjölda lagerbíla, gulleggja okkar. Þetta eru nokkur vel búin eintök sem við bjóðum nú á mun lægra verði en áður. Nýttu tækifærið og færðu þig yfir á ódýran og hagkvæman bíl. **Komdu við á Grjóthálsi í dag og farðu í reynsluakstur. Þú tapar engu á því.**

B&L | Með bílinn handa þér

Grjótháls 1 | 110 Reykjavík | S 575 1200 | www.bl.is | bl@bl.is
Opið: 10-18 virka daga, 12-16 laugardag.



Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám haustið 2008! Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa fleiri en 37.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.

Microsoft
CERTIFIED
Partner

PEARSON
VUE
ASSESSMENT CENTER

PROMETRIC
Testing Centre

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

Lengd: 90 stnd./60 klukkust. Verð: 79.900.

Veldu kvöld- eða morgunnám!

Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Gerðu sumarleyfismyndirnar ennþá betri!

Lengd: 13 stundir/9 klst. Verð: 16.900

Kvöldnám hefst 25. ágúst (19:00-22:00)

Vefhönnun og myndvinnsla



Einstakt nám fyrir þá sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Helstu kennslugreinar

- HTML forritun ásamt meginatriðum góðrar vefsíðugerðar og myndvinnslu fyrir vefi með forritunum DreamWeaver, Flash og Photoshop

Lengd: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15

Verð: 99.900 • Nám hefst 18. september.

MCSA og MCP nám



Við bjóðum fjölbreytt MCP og MCSA nám fyrir þá sem vilja taka að sér umsjón tölvu og neta með því að ljúka námi hjá okkur með alþjóðlegum gráðum frá Microsoft.

Nánar á www.tv.is.

Microsoft
CERTIFIED
Partner

Tölvu- og bókhaldsnám



Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur.

Helstu kennslugreinar

- Upplýsingatækni, Excel 2007, Access 2007, Outlook 2007, PowerPoint 2007, Word 2007, og verslunarreikningur
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun

Lengd: 225 stnd./150 klst. Verð: 189.900

Taktu þátt í morgun- eða kvöldnámi!

Hagnýt verkefnastjórnun



Veldu þér nám sem gerir þér kleift að ná betri tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná þannig hámarks árangri við jafnt smærri sem stærri verkefni. Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina, gerð hugarkorta og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlana og stjórnun verkefna.

Lengd: 54 stundir/36 klst. Verð: 99.900

Kennt á föstudögum - hefst í september!

Tölvuþekking fyrir konur



Einstakt námskeið til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stigðu rétta skrefið og lærðu á Windows, ritvinnslu í Word, Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeiði í notalegu umhverfi.

Lengd: 60 stundir/40 klst. Verð: 54.900

Hagnýtt bókhald



Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

Helstu kennslugreinar

- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjörs og margt fleira

Lengd: 94 stnd./63 klst. Verð: 108.900

Komdu í kvöld- eða morgunnám!

Tölvunám fyrir verktaka

Nýtt nám sérsníðið fyrir verktaka sem vilja ná góðum tökum á tölvunni, áætlanagerð, tilboðsgerð og verkefnastjórnun með aðstoð Word, Excel, Outlook, Internetsins og helstu forrita.

Lengd: 100 stundir/66 klst. Verð: 129.900

Tvisvar í viku á kvöldin - byrjar í september!

Skrifstofunám



► Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel. ECDL hæft nám.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 200 stundir/133 klst. Verð: 169.900

► Skrifstofu- og bókhaldsnám

Bættu hagnýtu bókhaldi við Skrifstofu- og tölvunámið og vertu fær um að taka að þér fjármálin og bókhaldið.

Lengd: 300 stundir/200 klst. Verð: 249.900

Skráðu þig núna í morgun- eða kvöldnám!

Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

Kennslugreinar:

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfi Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

Lengd: 60 stundir/40 klst. Verð: 64.900

Vertu með tvisvar í viku kl. 16:15-19:15!

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!

10% afsláttur

til þeirra sem hafa verið áður hjá okkur, eða kaupa tvö eða fleiri námskeið Gildir aðeins ef annar afsláttur er ekki í boði.

TÖLVU- OG
VERKFRÆÐIPJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...



Miðvikudagur 20. ágúst 2008 – 34. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**



Gísli Kjartansson
Sparisjóðsstjóri
í Ólgusjó

7



Geir H. Haarde
Hef gaman af
að leysa þrautir

4-5



Jafet Ólafsson
Með stein í
skónum – jöklabréf

6

Kaupþing kemur að Nýsi

„Við stefnum að því að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins fyrir mánaðamótin,“ segir Höskuldur Ásgeirsson, forstjóri Nýsis.

Félagið á í verulegum erfiðleikum vegna endurfjármögnunar. Talið er að skuldir nemi um fimm tíu milljörðum króna. Landsbankinn hefur unnið að lausn þessara mála, en fram hefur komið að hann er langstærsti kröfuhafinn.

Höskuldur segir að nú sé Kaupþing einnig komið að málu. Óvíst er hversu mikið af skuldum Nýsis eru við Kaupþing.

Höskuldur segir að meðal annars sé rétt um að hluta skulda verði breytt í eigið fé, „en það er ekki búið að klára málið“.

Kauphöllin sagði í sumar að óvissa væri um framtíð Nýsis.

Nýsir er eitt stærsta félag sinnar tegundar hérlendis. Félagið hefur verið umsvifamikill á fasteignamarkaði og í einkarekstri fyrir hið opinbera. Nýsir á til að mynda helmingshlut á móti Landsbankanum í Portus, sem reisir nú tónlistar- og ráðstefnuhús við Reykjavíkurhöfn og Egilshöll í Grafarvogi. - ikh

HELST Í ÚTLÖNDUM

Meiri væntingar | Væntingavísitala neytenda í Bandaríkjunum hækkaði úr 61,2 stigum í júlí í 61,7 stig. Þetta er í fyrsta skipti í rúm tvö ár sem vísitalan hækkar tvo mánuði í röð. Lækkun olíuverðs er talin helsta ástæða hækkunarinnar.

Evrópskur samdráttur | Þrjú af stærstu hagkerfum Evrópu drógust saman á öðrum ársfjórðungi, 0,5 prósent í Þýskalandi, 0,3 prósent í Frakklandi og Ítalíu. Samkvæmt tölum sem Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) birti í lok síðustu viku skrappt hagkerfi sambandsins saman um 0,2 prósent á sama tíma.



Í eina sæng | Flugfélögin British Airways og American Airlines hafa gert með sér samning um samhæfingu á ýmsum þáttum fyrirtækjanna, s.s. miðaverði og leiðakerfi. Samningurinn er til tveggja ára. Samkeppnisyrivöld eiga eftir að gefa samningnum blessun sína.

Tveggja ára lágmark | MSCI-Kyrrahafsvísitalan hefur ekki verið lægri í rúm tvö ár. Vísitalan hefur lækkað um 22 prósent frá áramótum. Það eru bankar og fjármálafyrirtæki sem hafa leitt þessa lækkun en lækkunin nemur alls 27 prósentum frá áramótum.

Fjölðauppsagnir | Norræna flugfélagið SAS hyggst segja upp 500 manns á næstunni. Tap SAS á fyrstu sex mánuðum ársins nam 20 milljörðum króna. Með uppsögnunum mun félagið spara 5 milljarða íslenskra króna.

Krónubréfin í salt

Jöklabréf verða ekki gefin út fyrr en bankarnir geta tryggt sér fjármögnun, segir hagfræðingur hjá Seðlabankanum.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Útgáfa jöklabréfa veltur á fjármögnun íslensku bankanna. Skilyrðin verða að batna,“ segir Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur í Seðlabanka Íslands. Hann telur ólíklegt að jöklabréf verði gefin út á móti þeim sem falla á gjalddaga á næstu misserum. Hann segir alþjóðlegu lánsfjákræppuna skipta mestu í því sambandi. „Það er fátt sem bendir til þess að henni sé að ljúka í bráð, hún gæti jafnvel staðið í ár til viðbótar,“ segir hann.

Greiningardeild Glitnis benti á í gær að krónubréf upp á 156 milljarða króna hefðu fallið á gjalddaga það sem af er ári að viðbættum vöxtum. Um tveir þriðju hlutar bréfanna féllu á gjalddaga á fyrsta ársfjórðungi en þriðjungi mætt með krónubréfaútgáfu. Bréf fyrir um 85 milljarða króna að nafnvirði eru á gjalddaga það sem eftir lifir ársins. Tæpur helmingur bréfanna, 45 milljarðar, fellur á gjalddaga í október. Þá eru hátt í 260 milljarðar króna á gjalddaga á næsta ári, þar af tæpir 129 milljarðar á fyrsta fjórðungi ársins.

Þorvarður Tjörvi telur ólíklegt að gjalddögum verði mætt með frekari krónubréfaútgáfu. Skrúf-

ad hafi verið fyrir útgáfuna í mars þegar krónan tók snarpa dýfu og stýrivextir hækkaðir á sérstökum aukavaxtadegi í kjölfarið. Þá hafi skömmu síðar verið ákveðið að gefa erlendum fjárfestum kost á að endurfjárfesta í innlendum og öruggum ríkisskuldabréfum í skiptum fyrir krónubréfin. „Það hefur verið mikill áhugi á meðal fjárfesta að taka bréfin enda hefur þeim vart staðið aðrir kostir til boða. Með þessu geta þeir samt fengið þá háu vexti sem hér eru í boði,“ segir Þorvarður Tjörvi.

Krónubréf upp á fimm milljarða króna féllu á gjalddaga í síðustu viku og var ekkert gefið út á móti þeim. Sérfræðingur greiningardeild bankanna eru sammála Þorvarði Tjörva um að slíkt muni að líkindum ekki gerast í bráð. Þórhallur Ásbjörnsson, sérfræðingur hjá greiningardeild Kaupþings, telur þetta vissulega setja neikvæðan þrýsting á gengi krónunnar en telur líklegt að lækkunin hafi þegar komið á árinu. Muni gengið haldast áfram lágt batni ekki að gengi að lausafé á alþjóðlegum mörkuðum.

Greiningardeild Kaupþings benti hins vegar á það í síðustu viku að stór galli við aukna skuldabréfaútgáfu væri frekari skortur á krónum sem myndi þrengja að fjármálastofnunum og takmarka frekar útlán innanlands með tilheyrandi hættu á samdrætti.

Misræmi hamlar sönnun mála

Stórfelld skattalagabrot fyrnast á áratug. Gögn þarf bara að geyma í sjö ár.

„Þetta getur takmarkað möguleika til að sanna sekt en þó er ekki víst að þetta hafi áhrif, þar sem skattayfirvöld henda ekki gögnum,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra.

Fyrningarfrestur í skattamálum er orðinn öllu lengri en skylda til að varðveita bókhald. Fyrningarfresturinn er tíu ár í meiri háttar skattalagabrotamálum, en aðeins er skylt að varðveita bókhald í sjö ár.

„Ef um er að ræða ár þar sem ekki liggur fyrir skylda samkvæmt lögum um varðveislu bókhalds gæti sönnun á broti hugsanlega reynst erfiðari fyrir vikið,“ segir Ásmunda Baldursdóttir, starfsmaður Skattrannsóknarstjóra. Þar vísar hún til dæmis til þeirra tilvika þar sem gögnum hefur ekki verið skilað. Hún segir í grein í Tíund að Hæstirétt-

ur hafi breytt áralangri dómaframkvæmd. Ákvæði almennra hegningarlaga séu látin ganga framur ákvæðum sérlaga um fyrningu meiri háttar skattalagabrota. Almenn gangi sérlög hins vegar framur ákvæðum almennra laga.

Helgi Magnús segir að þetta þurfi ekki að koma sakborningum illa, þar sem þeim gæti verið vörn í því að gögnin vanti. „Það yrði erfiðt að sækja mann sem ekki gæti með vísan í gögn borið hönd fyrir höfuð sér.“

Helgi Magnús segir enn fremur að hugsanlega komi til þess að þetta verði samræmt, en það sé í höndum löggjafans, ekki lögreglunnar.

Efnahagsbrotadeild hefur til rannsóknar skattamál Jóns Ásgeirs Jóhannssonar og fleiri. Hugsanleg brot ná aftur til ársins 1998. Ekki hefur verið ákveðið hvort ákært verður í málinu. - ikh

TrackWell

Tíma- og verkskráning
Flotastýring og eftirlit

www.trackwell.com

Landsbankinn

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærrí ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK, GBP, DKK, USD, EUR

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Alfesca	0,1%	-2,0%
Atorka	-1,3%	-44,9%
Bakkavör	1,8%	-51,1%
Exista	15,5%	-55,4%
Glitnir	2,0%	-29,2%
Eimskipafélagið	0,0%	-59,2%
Icelandair	6,8%	-32,4%
Kaupþing	-0,7%	-19,0%
Landsbankinn	4,1%	-32,3%
Marel	4,5%	-14,1%
SPRON	0,0%	-61,7%
Straumur	1,9%	-36,9%
Teymi	21,5%	-72,4%
Össur	4,6%	-7,6%

*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.

Stjórnendur misstu sjónar á rekstrinum

„Þegar maður kemur inn í Woolworths-verslun hér í London sést fljótt að eitthvað er að. Það vantar vörur í hillurnar. Þá er salan árs-tíðabundin, er mest um jólin. Allir sjá að þessu þarf að breyta,“ segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs Group.

Breska dagblaðið Daily Telegraph sagði í júní að um fjörtíu árum frá dýrðardögum Woolworths væri hún að visna upp og ætti skammt eftir.

Baugur og Malcolm Walker, forstjóri matvörukeðjunnar Iceland, sem selur fryst matvæli, gerði fyrir nokkru tilboð í smásöluhluta verslunarinnar. Því var hafnað um síð-



GUNNAR SIGURÐSSON Forstjóri Baugs segir nýjan forstjóra Woolworths verða að einbeita sér að rekstri verslunarinnar.

ustu helgina. Næstu skref eru í skoðun, að hans sögn.

Hann bendir á að Baugi hafi tekist vel til með uppstokkun í rekstri verslana, svo sem með bresku verslunina House of Fraser og frystivörukeðjuna Iceland, sem fjölmiðlar höfðu nánast afskrifað. Verslanir Baugs í Bretlandi gangi nú mjög vel þrátt fyrir erfitt árferði í smásölu.

Gunnar segir virðast sem núverandi og fyrrverandi stjórnendur Woolworths hafi misst sjónar á rekstrinum. Sé nauðsynlegt að að nýir stjórnendur komi að versluninni og verði nýr forstjóri að taka á öllu sínu eigi að takast að bæta afkomuna. - jab

Hlutfé

Árvakurs aukið

Unnið er að því að auka hlutfé Árvakurs. Þetta staðfestir Einar Sigurðsson, forstjóri Árvakurs.

„Við erum að vinna að þessu núna en ég gef engar tölulegar upplýsingar að svo stöddu,“ segir hann, en kveður frekari fregna að vænta í lok vikunnar.

Heimildir Markaðarins herma að hlutfjárukningin verði um eða yfir hálfan milljarð og að hún eigi að ganga fljótt fyrir sig. Aðalástæðan sé að mæta háum rekstrarkostnaði, en ekki lækka skuldir. - gh

Rannsaka Landic, Þyrpingu og Eik

„Markaðshlutdeild er meðal þess sem við förum yfir,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Stofnunin hyggst kanna tengsl Eikar, Landic og Þyrpingar. Hún kannaði nýverið kaup FL Group, nú Stoða, á eignarhlutum í Landic og Þyrpingu. Niðurstaðan varð sú

að samruni hefði orðið. Nán tengsl séu milli eigendanna, sem margir tengjast Baugi. Ekki væri ástæða til að aðhafast vegna samrunans og félögin hefðu ekki markaðsráðandi stöðu. Meðan Samkeppniseftirlitið rannsakaði málið eignuðust Glitnir og Saxbygg Eik Properties. Páll Gunnar segir að málið verði kann-

að sérstaklega, á grundvelli samrunatilkynningar sem eftirlitinu barst í sumar.

Óvíst er um markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja á leigumarkaði fyrir atvinnuhúsnæði. Þar eru meðal annars Eik, Þyrping og Landic, auk þeirra Nýsir, Klasi, Smáragarður og fleilri. - ikh

Ekkert undirliggjandi sem réttlætir hækkunar

Úrvalsvisitala Kauphallarinnar hefur hækkað nokkuð að undanförun og stóð í 4.398 stigum í lok viðskipta á mánudag sem er hæsta gildi hennar í rúma tvo mánuði. Vísitalan hafði þá hækkað um 7,4 prósent síðan hún náði lágmarki í lok júlí. Frá áramótum hefur vísitalan lækkað um 28,4 prósent. Verðsveiflurnar hafa verið mun meiri í einstökum félögum. Við lok viðskipta á mánudag höfðu hækkað um 53,3 prósent frá því að þau náðu lágmarki þann 16 júlí. Exista lækkaði aftur um 6 prósent í viðskiptum á þriðjudag.

„Það er ekkert í undirliggjandi þáttum sem réttlætir miklar hækkunar í sumum félögum“ segir Grétar Már Axelsson hjá greiningardeild Glitnis. Hann segir markaðinn munu áfram

VERÐPRÓUN EXISTA

Hvenær keypt	Hagnaður/tap
fyrir 1 mánuði (18.7)	45,6%
fyrir 2 mánuðum (18.6)	7,3%
fyrir 3 mánuðum (18.5)	-15%
fyrir 6 mánuðum (22.2)	-23,5%
fyrir ári síðan (22.8 07)	-71,5%

(Miðað er við söluverð í lok dags mánudag)

eiga undir högg að sækja, en lægra skuldatryggingaálag á íslensku bankana og lægra olíuverð séu þó jákvæðar fréttir. Kristján Bragason hjá greiningardeild Landsbankans segir sveiflur hér á landi enduróm að utan: „Það er mikil taugaveiklun á erlendum mörkuðum og undirliggjandi neikvæðni sem endurspeglast hér á landi.“ - msh


Ósáttur framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri Keops Development, Preben Thomsen, er ósáttur við nýja eigendur félagsins Stones Invest.

Hann segir að um 350 milljónir íslenskra króna hafi verið teknar út úr fyrirtækinu og notaðar í önnur verkefni. Vísar hann þá til endurgreiðslu virðisaukaskatts sem aldrei var lögð inn á reikning Keops Development.

Framkvæmdastjórinn stytta sumarleyfi sitt vegna málsins og er harðorður í viðtali við dönsku fréttaveituna Ritzau: „Ég get lifað með því að stytta sumarleyfið mitt en ég get ekki sætt mig hljóðalaust við þá óreiðu sem augljóslega hefur verið í gangi án minnar vitundar.“

Framkvæmdastjórinn er einnig afar ósáttur við að stjórn



HÖFUÐSTÖÐVAR KEOPS Framkvæmdastjóri Keops er harðorður í garð stjórnenda Stones Invest sem nýlega riftu kaupsamningi á Keops við Landic Property. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS

Keops Development hafi nú dregið sig til baka og rift einhliða kaupsamningnum við Landic Property. - gh

Faxafen 10

gott húsnæði til leigu

Gott húsnæði, allt að 420m² (180m² + 240m²), til leigu á 2. hæð í Faxafeni 10. Húsnæðið hentar vel fyrir skrifstofur eða kennslu. Leiguverð er kr. 1.400 pr. m² á mánuði (enginn vsk). Áhugasamir sendi fyrirspurn á netfangið ohj@hradbraut.is eða leiti upplýsinga hjá Ólafi í síma **517-5040.**



„Vel í sveit settur“

„Vöndull sér um vöruflutninga á milli Flúða og Reykjavíkur. Við þurfum reglulega að endurnýja bílafloka okkar og þá kemur bara eitt fyrirtæki til greina. Ég hef átt ánægjuleg samskipti við Lýsing síðastliðin 20 ár og veit að þar fæ ég ávallt góða þjónustu, hjá Lýsing er ég einfaldlega best settur.“

Jóhann Unnar Guðmundsson framkvæmdastjóri, Vöndull ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



freedom[™]

margverðlaunaður skrifstofustóll
frá Humanscale

ÞÚ ÞARFT EKKI LEIÐBEINGAR

Freedom stóllinn er einn háþróaðasti stóll sögunnar, þægilegur, styður vel við líkamann og er mjög auðveldur í stillingum.

Þú þarft ekki að velta fyrir þér leiðbeiningum um það hvernig eigi að stilla stólinn svo hann henti þér. Freedom sér um það fyrir þig.

Það eina sem að þú þarft að gera er að sitja!



Tilboð kr. 103.990,-
Fullt verð kr. 189.990,-
Cava áklæði

Viðurkenningar sem Freedom stóllinn hefur hlotið



Hér eru örfá fyrirtæki sem sjá ástæðu til að kaupa eingöngu stóla frá Humanscale:

Abbott Laboratories, ABN AMRO, ADP, AIG, Alliance Bernstein, American Express, AMGEN, AOL, Apple Computer, Bank of NY, Baxter Healthcare, Bloomberg, Boeing, BP, Bristol Myers Squibb, Caterpillar, Chevron Texaco, Chubb, Cisco Systems, Citigroup, Colgate-Palmolive, Deloitte & Touche, Ford, GE, Hewitt Associates, Hewlett-Packard, Hilton Hotels, Honeywell, HSBC, Hyatt Hotels Corporation, Ingram Mirco, John Deere, Johnson & Johnson, JP Morgan Chase/Bank One, Juniper Networks, McKinsey Merrill Lynch, Morgan Stanley, Motorola Mark, Novartis, Nvidia Corporation, Oracle Corporation, Pfizer Pharmaceutical, Siemens, Sony.

MOTOCROSSNÁMSKEIÐ sem Malasíumeistarinn í motocrossi, James Robo Robinson, heldur munu fara fram um næstu helgi, 23. og 24. ágúst. Tuttugu manns komast á námskeiðið sem bæði er fyrir stór og lítil hjól. Á námskeiðinu verður farið í gegnum grundvallaratriði í motocrossi. Nánari upplýsingar á www.kka.is.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Nú er tíminn til að spara !!

Ný sending -
FRÁBÆRT VERÐ!

kíkið við og finnið þína drauma sófa

allt á **20%** afsláttur

Almennur opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11-16

Dugguvogi 2 / Sími 557 9510 / patti.is



Ari varð ekki fyrir vonbrigðum með Flórens þrátt fyrir miklar væntingar. Hér er hann á útsýnisstað yfir borgina. MYND/TINNA EIR KJÆRBO

Á besta hosteli í heimi

Ari Hálfván Aðalgeirsson fór í fjögurra vikna interrail-ferðalag ásamt kærustu sinni. Þau plönuðu lítið fyrirfram en fóru til ellefu landa, bæði í Austur- og Vestur-Evrópu.


„Þó maður hefði viljað stoppa lengur á sumum stöðum og ekki bara þjóta beint í gegn þá er þetta góð upphitun; nú veit maður meira hvert mann langar að fara aftur,“ segir Ari Hálfván Aðalgeirsson um interrail-ferðalag sem hann fór í ásamt kærustu sinni, Tinnu Eir Kjærbo, síðasta sumar.

Ferðin hófst á Ítalíu þar sem parið fór meðal annars til Ancona, Brindisi, Corfu, Napolí, Róm og Flórens. „Við ákváðum bara á síðustu stundu að koma við í Napolí. Það var æðislegt og við enduðum á því að vera þrjá daga þar.“

Frá Ítalíu fóru Ari og Tinna til Grikklands, Austurríkis, Ungverjalands, Tékklands, Slóvakíu, Hollands, Frakklands, Andorra, Mónakó og Spánar en þau pöntuðu aldrei gistingu langt fram í tímann. „Oftast fundum við okkur bara gistingu samdægurs,“ segir Ari og rifjar upp skemmtilegt hostel í Napolí. „Við fundum það fyrir algjöra tilviljun en komumst síðar að því að það var kosið besta hostel í heimi á www.hostelworld.com. Þar var ótrúlega mikill heimilisfilingur og eigandinn varð strax vinur manns. Hann lét

okkur vita að hann eldaði fyrir gesti í svona 70 prósent tilfella og það endaði á því að hann gerði það fyrsta kvöldið. Við mættum stundvíslega í kvöldmat sem var úti á stórum svölum inn af eldhúsinu. Þar voru allri gestir hostelsins samankomnir við borð þar sem snæddur var forlata pastaréttur með heimabrugguðu hvítvíni. Ekki nóg með það heldur eftir matinn stökk eigandinn inn til að ná í gítar og munnhörpu og kom út og spilaði og söng fyrir okkur.“

mariathora@frettabladid.is

 **Nýsmíði sf.** www.nysmidi.is



Nýsmíði hefur margra ára reynslu í palla og skjólveggjasmíð. Gerum tilboð að kostnaðarlausu. S: 699 2919 / 899 4666



Innritun og upplýsingar á danskoli.is eða í síma 553 6645

VIÐ BJÓÐUM
UPP Í DANS

Ýmis starfsmanna- stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.



Dansráð Íslands | Faglærðir danskennarar

Borgartún 6 | 105 Reykjavík | sími 553 6645 | fax 568 3545 | dans@danskoli.is | www.danskoli.is

Mambó | Tjútt | Freestyle Break | Salsa | Brúðarvals Jazz | Hiphop | Bamadansar Samkvæmisdansar Sérnámskeið fyrir hópa Börn - Unglingar - Fullorðnir



DANSSKÓLI
Jóns Peturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur

BÍLAR



FORD FIESTA ECONETIC var nýlega heimsfrum-sýndur og er vishæfasti bíllinn sem Ford hefur sent frá sér því mikil nákvæmni var lögð í smáatriði hans.

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun

TOYOTA & LEXUS þjónusta
GERUM VIÐ ALLAR TEGUNDIR BÍLA

Smiðjuvegur 38 **rauð gata** • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is

NISSAN SUBARU HONDA
ISUZU OPEL

SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Bremsuhlutir
í alla jeppa og pickupa

Diskar
Klossar
Dælur
Borðar

Ísetningarþjónusta

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Hringdu í síma
512 5060
ef blaðið berst ekki

Ráðist gegn ryðblettum

Hægt er að gera við ryðskemmdir upp á eigin spýtur en það fer þó eftir umfangi hvort það borgi sig. Hjá Bilalakki ehf. er hægt að fá ráðleggingar og réttu efni vilji fólk spreyta sig á því að laga litlar skemmdir.

Í lok sumars er gott að yfirfara bílinn til að undirbúa hann sem best fyrir veturinn. Þeir sem eiga notaða bíla þurfa til að mynda að huga að ryðblettum sem geta jafnvel myndast á nokkurra ára gömlum bílum. Mikilvægt er að vinna á þeim svo tæringin í lakkinu verði ekki óviðráðanleg.

Ef einungis er um að ræða einstaka bletti má jafnvel gera við þá sjálfur en séu þeir þeim mun fleiri er yfirleitt ráðlegt að fara með bílinn í sprautun.

Bilalakk ehf er heildverslun í innflutningi á málningavörum fyrir málningar- og réttingarverkstæði en býður einnig upp á vörur fyrir fólk sem vill þrifa og viðhalda bílnum sínum. Þar á meðal vörur til að laga ryð.

„Ég bið fólk yfirleitt um að koma með bílinn til mín og reyni þá að leggja mat á það hvort þurfi að fara með bílinn á verkstæði eða ekki. Ef fólk vill spreyta sig sjálft þá getur það nálgast þekkinguna og réttu efni hjá okkur,“ segir Magnús Harðarson eigandi versunarinnar.

Hann segir fyrst þurfa að slípa ryðið burt með svokölluðum ryðsveppi. „Hann tætir ryðið en skemmir ekki lakkið. Það fer



Magnús Harðarson hjá Bilalakki ehf. á allt sem þarf til að gera við ryðskemmdir. Hann ráðleggur fólk þó að fara með bílinn á verkstæði ef skemmdirnar eru miklar.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

svo eftir því hversu mikið ryðið er orðið hvað er sett ofan í. Ef það er mikið mælum við með því að fyllt sé upp í holuna með fyllingarefni. Það þarf svo að slípa slétt. Síðan þarf að setja stálgrunn yfir og ofan á það fyllingargrunn sem er notaður til að fá yfirborðið slétt of fallett fyrir augað.“

Eftir það kemur fólk gjarnan til Magnúsar og setur hann rétta litinn á brúsa og sprautar yfir. „Þetta getur komið ágætlega

út ef skemmdirnar er lítil en ef hún er þeim mun meiri koma gjarnan skil. Á verkstæðum fer vinnan öðruvísi fram og skilin myndast síður.“

En hvers vegna myndast ryðið og hvað er hægt að gera til að koma í veg fyrir það? „Þetta helst oft í hendur við verð og eru ódýrari bílar gjarnan með síðra lakk. Óhreinindi, steinhögg og veðurfar eru síðan helstu áhrifavaldar.“

Með því að hugsa vel um bílinn, þrifa óhreinindi og bóna má reyna að fyrirbyggja ryðmyndun og býður Magnús upp á efni og tól til þess.

vera@frettabladid.is

Njóttu náttúrunnar



Sólarsellur

Vindrafalar

Gasmiðstöðvar

Ljósavélar

Sparljós og perur

Vatnshitara



Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á www.rotor.is.

rotor

VERSLUN / VERKSTÆÐI Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður Sími 555 4900



HÚSGÖGN verða skínandi hrein svo glampar af þeim ef þau eru þrífir með blöndu af ólívuolíu og ediki samkvæmt gömlu húsráði.

HEIMILI

Gegnsæi og stöðugleiki

Fyrirtækið Eignaumsjón sérhæfir sig í rekstri húsfélaga. Markmið fyrirtækisins er að auka fagmennsku og stöðuleika innan húsfélaga og sjá til þess að allt fari fram með lögförlegum hætti.

Fyrirtækið Eignaumsjón hefur verið starfrækt frá 2001 og sérhæfir sig í rekstri flestra tegunda húsfélaga. „Við flokkum húsnæði í þrennt; íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði og blandaðar eignir, þar sem um er að ræða bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði,“ segir Daníel Árnason, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Fyrirtækið tekur að sér umsjón með öllum greiðslum húsfélaga, bókhaldsfærslum og gerð ársreikninga. Það sér einnig um fundahöld og öll samskipti við íbúa. Húsfélagsfundir eru haldnir á vegum Eignaumsjóna, en að sögn Daníels er reynt að koma til móts við fólk og salur oft leigður nær eigninni svo sem flestir sjái sér fært að mæta. „Fyrir tveimur árum breyttust áherslurnar hjá okkur. Við minnkuðum áhersluna á tæknilegan stuðning tengdan framkvæmdum og einbeittum okkur að stjórnunarlega stuðningnum, eins og bókhaldi og fjármálaumsýslu húsfélaganna. Þjónusta okkar gengur út á að færa stöðugleika, gegnsæi og áreiðanleika yfir rekstur húsfélaga,“ útskýrir Daníel.

Hjá Eignaumsjón er einnig starfrækt þjónustuborð sem sinnir hinum ýmsu þörfum húsfélaganna. „Þjónustuborðið útvegar iðnaðarmenn ef ráðast á í framkvæmdir og sér um öll samskipti við þá, sem og banka og opinberar stofnanir,“ segir Daníel.

Að sögn hans er fólk farið að nýta sér þessa þjónustu í mun meira mæli en áður. „Við fáum stundum til okkar húsfélög sem eru í hálfgerðum molum, en okkur tekst að koma þeim í lag á skömmum tíma. Við lítum á okkur fyrst og fremst sem stuðningsaðila fyrir stjórnir og eigendur fjöleignahúsa og gætum hagsmuna eignarinnar á hlutlausan hátt. Við viljum auka fagmennsku innan félaganna og þösum að ákvarðanir og framkvæmdir fari fram með lögförlegum hætti,“ útskýrir Daníel.

Að sögn hans tekur það oft húsfélögin langan tíma að ákveða hvort þau eigi að láta starfseminu í hendur fyrirtækisins. „Það eru yfirleitt margir sem eiga hlut í eignunum og allir með sinn atkvæðarétt.



Daníel Árnason framkvæmdastjóri Eignaumsjóna segir fólk nýta sér þessa þjónustu meira en áður. FRETABLADIÐ/RÓSA

Því tekur svona ákvörðun tíma, en fólk er almennt mjög ánægt þegar það hefur sett málin í okkar hendur,“ segir Daníel.

Þeim sem vilja kynna sér starfsemi Eignaumsjónar frekar er bent á heimasíðu fyrirtækisins www.eignaumsjon.is klara@frettabladid.is

Spurt og svarað

Á BORÐDÚKNUM „TAKE YOUR TIME“ EÐA GEFÐU ÞÉR TÍMA, ER YFIR ÞRÚ HUNDRUÐ SPURNINGUM OG SVÖRUM RAÐAÐ SAMAN Í MUNSTUR.

Ekki þykir kurteisi að taka með sér lesefni að matarborðinu en óþarfi er að láta sér leiðast langar setur við borðið ef borðdúkurinn er lesefni í sjálfu sér. Spurningarnar og svörin á borðdúknun Take Your Time eru læsileg frá hvorum enda borðsins sem er og auðir blettir eru þar sem matardiskurinn situr. Spurningarnar geta líka verið endalaus uppspretta umræðuefna.

Borðdúkurinn er hannaður af ungum hollenskum vöruhönnuði, Sylvie van de Loo. Sylvie rekur sitt eigið hönnunar-stúdíó, SEMdesign í Utrecht. Hún leggur áherslu á hönnun hversdagslegra hluta til daglegra nota en efnisval eða notkunarmöguleikar koma gjarnan á óvart og hún vill að húmor einkenni vörur sínar.

Borðdúkurinn er hægt að fá í fleiri en einum lit en nánar má forvitnast um hönnun SEMdesign á heimasíðunni www.semdesign.nl. - rat



Sylvie van de Loo hannaði borðdúk með lesefni.

Vatnsnotkun á Íslandi er svipuð og á hinum Norðurlöndunum. Kaldavatnsnotkun er mismunandi eftir landssvæðum, en reiknað hefur verið út að vatnsnotkun Íslendinga liggja á bilinu 46.000 til 155.000 lítrar á ári á hvern íbúa.

visindavefur.is

Visthús KLH® ehf

Lífræn steypa magnað byggingarefni

Byggjum allar gerðir mannvirkja með KLH

Vistvænum, gegnheilum og sérsniðnum krosslímréplötum frá Austurríki



Hönnun Zeppelin arkitektar

Verðdæmi- Parhús 285 m² hvor íbúð:

13,9 mkr með vsk og gengi EUR=122 kr.

Innifalið er allt KLH burðarvirki og festibúnaður, útveggir, innveggir, milligólf, svalagólf og þak. Lagnastokkar eru í veggjum og þeir tilbúnir til innréttinga og málunar ef valið er að mála.

Ætlaður byggingatími á KLH efni beggja húsa er ein vika fyrir þrjá menn auk krana. Raunhæft er að fokhaldisstigi beggja húsa sé náð á tveimur vikum miðað við tilbúna undirstöður.



Hönnun Zeppelin arkitektar

Visthús KLH ehf

Við seljum KLH, gegnheilar krosslímréplötur fyrir allar gerðir mannvirkja. KLH plötur eru allt að 50cm þykkar. KLH er PEFC vistvænt vottað byggingarefni. Við framleiðum eftir teikningum frá íslenskum hönnuðum í samræmi við íslenska byggingareglugerð og álagskröfur. Íslenskar álagskröfur einbýla eru reyndar ekki mikil áskorun fyrir KLH, hvorki hvað varðar vindálag, snjóálag eða



Er gott að byggja í dag? Já

- Afgreiðslu- og byggingartími KLH er óvenju stuttur þannig að fjármagnskostnaður fyrir lánveitingu á fokhaldisstigi frá íbúðalánasjóði er hlutfallslega mjög hagfelldur.
- Tilboðsverð KLH í Austurríki til Visthús KLH varir út þetta ár á verðlagi 2007.
- Tilboðsgjöf verktaka, iðnaðarmanna og hönnuða hefur ekki verið hagfelldari í langan tíma.
- Frumkvöðlar munu njóta ávinnings enn frekar þegar markaðurinn endurspeglar að fullu ótvíræða eiginleika og yfirburði KLH.
- KLH er samfélagslega ábyrg fjárfesting fyrir einfaldleg fyrir einstaklinga, félög eða opinbera aðila.
- Skoðuðu þetta vandlega

Átta hæðir með KLH í London

Hæsta bygging í heiminum í dag með lífrænu burðarvirki, timbri, var reist í London í sumari - 8 hæða fjölbýlishús með KLH. Engir bitar eða súlur eru í byggingunni. Það segir meira en 1000 orð um eiginleika KLH. Þykkt KLH plötu í útveggjum er aðeins 128mm og 146mm í gólfum. Innveggir eru 94-128mm eftir staðsetningu. Fjórir smíðir reistu eina hæð á þremur dögum. Útveggir og þak er einangrað að utan. Í byggingunni eru 29 íbúðir.



Hvers vegna er KLH að slá í gegn um allan heim?

Vörubrúun Austurríkismanna er einstök. KLH burðarvirkið uppfyllir ströngustu byggingarkröfur um allan heim og heildarkostnaður mannvirkja í samanburði við steinsteypt hús er mjög hagfelldur. Aukin þekking um heildræn áhrif af notkun mismunandi byggingarefna á manninn og umhverfið skiptir einnig miklu máli. Afgreiðslu- og byggingatíminn er óvenju stuttur og fjármagnskostnaður því mjög hagfelldur. Margt annað mætti nefna, öryggi, rekstrar-

Íslenskir arkitektar, verkfræðingar, verktakar og iðnaðarmenn eru í öndvegi.

www.visthus.is
visthus@visthus.is
S.533 3314 & 896 7080
Skeifan 19 108 Rvk



FERÐIR




FERÐALÖG um Ísland verða áhugaverðari þegar ferðalangur hefur upplýsingar um svæðið. Á heimasíðu unni www.ferdalag.is má nálgast ýmsar upplýsingar um ferðalög á Íslandi.



GISTING Í HÖRPUHÚSI
Kaupmannahöfn
<http://surprizetravel.is/gistingdk.html>
Nánari upplýsingar í síma 822-3890

Barcelona

26. september
frá kr. **59.990**



Frábær helgarferð
- síðustu sætin

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum í helgarferð til Barcelona í lok september. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Borgin býður frábært mannlíf og óendanlega fjölbreytni í menningu og afþreyingu að ógleymdu öllu því úrvali fjölbreyttra verslana sem eru í borginni. Fjölbreytt gisting í boði. Griptu þetta frábæra tækifæri - örfá sæti laus!

Verð kr. **59.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Catalonia Aragon *** í 3 nætur með morgunverði. Kr. 4.000 aukalega m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Catalonia Atenas **** og kr. 8.000 aukalega m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Catalonia Suite ****.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki



Við stærsta gljúfur Evrópu

Svartfjallaland býr yfir tignarlegum tindum og er vel til gönguferða fallið fyrir þá sem kunna að meta stórbrotna náttúru. Gyða Hauksdóttir sjúkraliði kynntist því fyrir í sumar er hún hélt þangað með ÍT ferðum.

„Í sex daga gönguferð heimsótti ég þrjá af fjórum þjóðgörðum Svartfjallalands og var mest uppi í háfjöllum en hitti líka íbúa landsins sem voru einstaklega vinalegir og gestrisnir,“ segir Gyða og kveðst hafa fengið mikið útúr ferðinni því auk þess að ganga um fagurt og stórbrotið landslag og njóta útsýnis þaðan hafi hún farið í flúðasiglingu og klifur. Hún lýsir þessu ævintýri nánar.

„Við flugum til Dubrovnik í Króatíu, með millilendingu í Frankfurt. Þar tóku þrjár fararstjórnar á móti hópnum. Sá fjórði fylgdi okkur að heiman, Hjördís Hilmarsdóttir sem er einkar lagin við að finna nýjar og óhefðbundnar leiðir. Eftir fimm tíma akstur og siglingu komum við á fyrsta áfangastað, Zabljak Durmitor sem er þjóðgarður í norðvestuhluta Svartfjallalands. Aðaleinkenni hans er hásléttu, sundurskorin af djúpum gljúfrum. Áin Tara sem við förum í flúðasiglingu á, rennur eftir stærsta gljúfrinu. Það er hið djúpstá í Evrópu, 1300 metrar þar sem það er djúpst. Landslagið þarna er semsagt mjög stórskorið, með 48 tignarlega tindum í yfir 2000 m hæð og auk þess 18 jökulvötn. Þau eru kölluð augu fjallanna.“

Gyða segir hópinn hafa gist í fjallaskálum þar af tveimur með mjög góðum aðbúnaði, uppþúnum rúnum, mat og nesti fyrir daginn. „Durmitor fjallgarðurinn er að miklu leyti úr kalksteini en annars

„Þegar komið er svona hátt upp verður útsýnið vítt og fagurt,“ segir Gyða sem hér er t.h. við Sigrúnu Viglundsdóttur. Í baksýn er Katorflóiinn við Adríahafið.

MYND/HJÖRÐÍS HILMARSDÓTTIR



staðar var gengið um gömul eldfjöll innan um litskrúðugan og kröftugan gróður. Á síðasta áfangastað spreyttum við okkur á að klifra í köðlum og síga. Það var nýtt fyrir flesta.“

Gyða segir göngurnar hafa verið við hæfi flestra. Þó hafi verið boðið uppá að skipta hópnum ef fólk vildi stytta sér leið, enda erlendur fararstjórnir þrjár. „En flestir fóru alla leið,“ segir hún og getur þess að síðasta deginum hafi verið varið í elsta hluta hinnar fögru Dubrovnik sem rík sé af sögulegum minjum.

gun@frettabladid.is



„Á síðasta áfangastaðnum æfðum við klifur. Það var nýtt fyrir flesta,“ segir Gyða.

STÓRÚTSALA Á AUKAHLUTUM!



Veitum 20–50% afslátt af öllum aukahlutum í ferðavagna dagana 18.–22. ágúst.

KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ Í GLÆSILEGU AUKAHLUTAVERSLUNINI OKKAR.

VÍKUR
V • E • R • K



LÁTTU DRAUMINN RÆTAST

20-30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRETTINGUM
OG RAFTÆKJUM TIL 23. ÁGÚST.

20-30%

nettoline.dk

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

20-30%



nettoline

menningarnótt

MÍÐVIKUDAGUR 20. ÁGÚST 2008



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Lína Rut

MENNINGARNÓTTIN HEFST Í GALLERÍI FOLD

**Vökum og vinnum af list
Opið til kl. 22 - allir velkomnir**

Opnunartími:
Opið daglega 10-18,
laugardaga 11-16 og
sunnudaga 14-16






Skúli segir Menningarnótt afrakstur hugsjónastarfs og því hafi efnahagsástandið lítil áhrif á hana. Hátíðin hefur aldrei verið umfangsmeiri en nú.

Svo margir sem vilja bera eitthvað á torg

Menningarnótt er nú haldin hátíðleg í þrettánda sinn og dagskráin er fjölbreytt að vanda. Búast má við að borgarbúar og gestir þeirra láti sjá sig á torgum úti, enda er þema hátíðarinnar í ár torg í borg.

„Menningarnótt hefur vaxið gríðarlega á þessum þrettán árum og er núna stærsta hátíð landsins. Þetta er eitthvað sem enginn vill missa af,“ segir Skúli Gautason viðburðafulltrúi hjá Höfuðborgarstofu. Hann hefur ásamt fleirum staðið í ströngu undanfarin misseri við að gera Menningarnótt sem glæsilegasta. Segir hann undirbúninginn hafa staðið lengi yfir og menn séu þegar farnir að leiða hugann að næsta ári.

Þema Menningarnætur í ár er torg í borg. „Þessi hugmynd kom út úr hugmyndavinnu um það hvað það væri sem gerði borgarlíf spennandi og skemmtilegt. Allir voru sammála um það væri þessi torgmenning sem myndast oft. Okkur langaði að sjá hvað kæmi fram ef við hefðum þessa yfirskrift og margir atburðir hverf-



Skúli Gautason viðburðafulltrúi hjá Höfuðborgarstofu segir Menningarnótt aldrei hafa verið umfangsmeiri en nú.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

ast í kringum þetta hugtak og hafa jafnvel víkkað út skilgreininguna á torgi sem getur verið allt frá stóru umferðartorgi niður í einhvers konar afdrep eða bekk á götuhorni,“ segir Skúli. „Það er gaman að sjá hvernig fólk hefur rekið augun í ýmis torg sem hafa hreinlega gleymst. Þannig verður til dæmis heilmikið um að vera

á Bríetartorgi á horni Þingholtsstrætis og Amtmannsstígs en þar er svolítill sælureitur sem allt of fáir vita af,“ útskýrir hann.

Skúli segir að þrátt fyrir samdrátt í efnahagslífinu láti kreppan ekki á sér kræla þegar Menningarnótt er annars vegar. „Menningarnótt í ár er umfangsmeiri en í fyrra. Menningarnótt er afrakstur hugsjónastarfs. Þetta er góður vettvangur fyrir fólk sem er að gera spennandi hluti og vill hrinda þeim í framkvæmd. Það sem fer fram á Menningarnótt er ekki í hagnaðarskyni og það er kannski það stórkostlegasta við þessa hátíð. Það er svo margt fólk sem vill bera eitthvað á torg,“ segir Skúli og bætir því við að Menningarnótt hafi margþætt gildi fyrir borgina og íbúa hennar.

„Ég hef orðið var við að margir líta á Menningarnótt eins og jólin að því leyti að þetta er tilefni til að gera hreint og hafa allt skemmtilegt. Svo er einnig annað element sem mér finnst kristallast í vöflukaffinu í Þingholtunum þar sem íbúar bjóða gestum og gangandi inn til sín í vöflur, það er gjafmildin og það að fólk treystir hvert öðru.“

-þo

Græn skref í Reykjavík

Göngum lengra, hjólum meira!

...líka á Menningarnótt!

Hjólreiðar eru fullgildir samgöngumáti í Reykjavík. Besta leiðin til að forðast tafir, draga úr mengun og njóta dagsins er að hjóla, ganga eða fara í strætó á viðburði menningarnætur.

Reykjavíkurborg vill stuðla að bættu borgarumhverfi, betri loftgæðum og minni útblæstri skaðlegra efna.

Taktu þátt í því að skapa vishæfa höfuðborg.

Reykjavíkurborg vill stíga stór vistvæn skref og vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Grænu skrefin eru áþreifanlegar aðgerðir sem breyta borginni til betri vegar og reynast borgarbúum vel.



Nánari upplýsingar á reykjavik.is

 Reykjavíkurborg

● DAGSKRÁ MENNINGARNÆTUR BEINT Í SÍMANN

Þú þarft ekki að hafa áhyggjur af því að gleyma dagskrá menningarnætur heima þegar lagt er af stað í bæinn. Í ár er bryddað upp á þeirri nýjung að hægt er að fá dagskrá menningarnætur senda í farsímann.

Það eina sem þarf að gera er að senda sms með textanum menning í númerið 1910. Þá kemur svar með slóð á heimasíðu Ýmis ehf. og með því að smella á slóðina hleðst lítið forrit niður í viðkomandi síma. Þar er hægt að skoða alla dagskrána í textaformi og á korti, í tímaröð eða eftir flokkum.

Þjónustan er ókeypis eins og allir viðburðir á menningarnótt.



Leikþátturinn Slinkie Love á eflaust eftir að gleðja marga.

Ástfangnir ormar bregða á leik

Tvö götuleikhús sækja Menningarnótt heim í ár og setja svip sinn á hátíðina. Breski leikhópurinn Bedlam Oz setur upp sýninguna Slinkie Love víðs vegar um bæinn. Þetta er órstuttur leikþáttur um ástir tveggja orma sem dúkka upp hér og þar í bænum. Ormarnir sjálfir ná að reisa sig allt að sex metra upp í loftið og ættu því að vekja athygli og eftirtekt.

Þegar líður á kvöldið fer írskt götuleikhús á stjá og leiðir skrudgöngu frá Lækjartorgi að Sæbraut þar sem fylgst verður með flugeldasýningunni. Upplásnar fígúrus leiða gönguna við undirspil Dixie hljómsveitar.

-þo



MIKLATÚN
Á MENNINGARNÓTT
NÝ DÖNSK · JET BLACK JOE
MAGNÚS OG JOHANN · HJALTALÍN
BLOODGROUP · FJALLABRÆÐUR

STÓRTÓNLEIKAR
LANDSBANKANS OG RÁSAR 2
23. ÁGÚST FRÁ KL 19-22³⁰



Landsbankinn

Menningarnótt í Loka

Verið velkomin í
Textil og café Loka

Myndlistarsýning
Textilsýning
Ljóðatónleikar
Ljósmyndasýning
Lummur og kaffi á tilboði
opið frá 10-10




HEIMSTORGID Á BORGARBÓKASAFNI Á MENNINGARNÓTT



MB
Opið frá 13:00 – 22:00

Bókakaffi með úrvali bóka og tímarita, boðið upp á kaffi frá kaffihúsinu Café Haiti, klippiljóðaborð, opinn hátalari, torgmálari að störfum og alls kyns uppákomur fram á kvöld.

Vídeóverk um innflytjendur, tékkneskur söngur og dans, lifandi tónlist frá Kúbu, bókmenntadagskrár á ensku og íslensku, fróðleikur um japanska ljóðlist, sögur frá ýmsum löndum, hljómsveitin Reimar o.fl.
Sjá á www.borgarbokasafn.is

Borgarbókasafn Reykjavíkur • Tryggvagötu 15



Velkomin á Óðinstorg á menningarnótt

Odins Bodega - BRAUÐBÆR tjalda á Óðinstorgi!

Veitingatjald verður fyrir framan Hótel Óðinsvé á Menningarnótt, með dönskum stíl. Þar verður að finna ekta danskt smurbräuð frá Brauðbæ, Carlsberg bjór og úrval af dönskum snafs. Tónlist, tískusýning, verslanir og ýmis skemmtun verður á torginu.
Opnum kl.12 á laugardaginn 23.ágúst og lokum seint.

Ó RESTAURANT

Danskt smurbräuð verður einnig á Ó restaurant frá kl.12-17, borið fram á nýjan máta að hætti Ó. Um kvöldið er boðið uppá glæsilegan danskan matseðil ásamt föstum matseðli.

Borðapantanir í síma 511 6677




ÓÐINSVÉ
hotel-restaurant
www.hotelodinsve.is

RESTAURANT

BRAUÐBÆR



Það verður heilmikið um að vera fyrir börn í miðborginni á Menningarnótt.



Flugeldasýningin er hápunktur Menningarnætur fyrir unga sem aldna.



Börn undirbúa Latabæjarhlaup en það hefst klukkan 13.

Flugdrekur, ævintýri og flugeldar

Fjölbreytt dagskrá fyrir börn á menningarnótt.

Það er ekki síst smáfólkið sem hefur yndi af fjölbreyttri dagskrá menningarnætur. Í ár líkt og undanfarin ár hefur metnaður verið lagður í að skapa alls kyns sniðuga viðburði fyrir krakka og um að gera að skipuleggja daginn vel svo enginn þreytist. Af fjölmörgum viðburðum er að taka, allt frá Latabæjarmaraþoni og götuleikhúsum upp í sögulestur og leiktækjaleigu. Flugdrekur verða áberandi á menningarnótt en námskeið í flugdrekagerð verður haldið við Norræna húsið milli kl 13 og 15 undir leiðsögn Sævars Línald. Flugdrekarnir eru einfaldir að gerð svo börnin geta gert þau að mestu leyti sjálf með dálítilli aðstoð frá mömmu eða pabba. Aðgangur á námskeiðið er ókeypis en takmarkaður og skráningar eru móttæknar á leopold@nordice.is. Risavaxinn flugdrekur hefur svo

lent á Arnarhóli. Drekkinn er eftir Axel Eiríksson og verður til sýnis í tvær vikur eftir menningarnótt.

Á Óðinstorgi í Þingholtunum verður sköpuð sérstök dönsk „Nørrebro“-stemning á menningarnótt með smurbräuð, öli og tilheyrandi, og krakkar geta hlustað þar á upplestur úr hinum ástsælu verkum H.C. Andersens milli kl 14.55 og 15.45. Gamla þrjúbíóstemningin er rifjuð upp í Austurbæjarbíói af Reykjavík Shorts&Docs en þar verður sýnd klassísk teiknimyndasýrpa klukkan þrjú sem ætti að kæta unga sem aldna. TM og Alþjóðahúsið hafa skipulagt spennandi dagskrá í gamla Morgunblaðshúsinu við Aðalstræti. Þar verður til staðar Töfraveröld þar sem fólk gefst kostur á að ferðast um heiminn í gegnum tónlist, sjón, bragð og lykt og sjónræna upplifun. Þar geta börnin meðal annars fengið andlitsmálningu, fléttur í hárið og kennslu í balkönskum dönsu. Í hinu sjarmerandi og gamla Grjótaþorpi

verður barnahátíð á menningarnótt þar sem boðið er upp á ratleik og stéttarmálun. Álfarnir Þorri og Þura bregða á leik og leikin verður skemmtileg tónlist, auk þess sem boðið verður upp á gírnilega Þorpstertu. Hátíðin stendur frá 16 til 19. Litlir listrýnar geta svo haft gagn og gaman af leiðsögn í Hafnarhúsinu klukkan 17 sem nefnist Ofurgestir en þar er ljósi varpað á huliðsheim myndlistarinnar á skemmtilegan hátt. Gallerí Fold verður með skapandi listasmiðju við Rauðarárstíg fyrir 12 ára og yngri þar sem Guðbjörg Káradóttir leiðbeinir börnum frá klukkan 17.45. Hápunktur menningarnætur er svo auðvitað hin glæsilega flugeldasýning á hafi úti undan Sæbraut. Litadýrðin á himnum hefst klukkan 23 og er í boði Orkuveitunnar, og seglbátar frá Brókey munu skreyta flóann með sínum fagurlega upplýstu fleyjum.

Frekari upplýsingar um dagskrá fyrir börn má finna á www.menningarnott.is. - amb



• NØRREBRO-STEMNING Á ÓÐINSTORGI

Torgarmenning er í fyrirrúmi á menningarnótt 2008 og eitt af þeim fjölmörgu torgum sem verða gædd lífi er Óðinstorg í Þingholtunum. Þar verður endursköpuð notaleg dönsk stemning í anda Nørrebro-hverfisins sem er þekkt fyrir skapandi andrúmsloft og fjölbreytt alþjóðlegt mannlíf. Ilmur af dönskum vöflum mun fylla vitin á meðan hægt verður að hlusta á upplestur úr sögum H.C. Andersens, vísnasöng eða danska tónlist. Að sjálf-sögðu verður danskt smurbräuð og öl á boðstólum á veitingastaðnum Ó (s. 511 6677). Danskir listamenn og plötusnúðar munu einnig koma með ekta danskt stuð á torgið.

Hvar? Óðinstorg Hvenær? 13-22

VÍS styður íslenskt
menningarlíf



Sumar kiljur eru sumarkiljur



Margverð-
launaðar og
heillandi
skáldsögur.



Spríklandi
fyndnar
smásögur sem
léttu lund.



Ást – ást – ást
Ljóð sem hitta
í hjarta-stað.
Metsölubók sumarsins.



www.salkaforlag.is

Alvöru rokk og hávaði

Hvernig skyldu lög 200.000 naglbíta hljóma í lúðrasveit-
arbúningi? Það kemur í ljós á
menningarnótt þegar hljóm-
sveitin stígur á svið með Lúðra-
sveit verkalýðsins.

„Einhvern tímann lýsti ég því
þannig að þetta væri eins og tón-
listin í þýskri herskipabíómynd,
sem myndi gerast í himnaríki, ef
Wagner myndi leikstýra henni,“
segir Vilhelm Anton Jónsson,
söngvari 200.000 naglbíta, þegar
blaðamaður spyr hvernig Naglbíta-
lög hljómi í lúðrasveitarbúningi.
„Þetta er alla vega alvöru rokk og
hávaði,“ útskýrir hann.

200.000 naglbítar vinna nú að
plötu ásamt Lúðrasveit verkalýðs-
ins þar sem tíu af þekktustu lögum
Naglbítanna munu heyrast í nýjum
búningi. Undanfarin ár hefur það
verið algengt að hljómssveitir komi
fram ásamt símfónu-hljómssveit
en þetta með lúðrasveitina verður
að teljast svolítið óvenjulegt.
„Þetta hefur ekki verið gert hér á
Íslandi áður, alla vega ekki svona
stórt verkefni. Okkur langaði að
prófa eitthvað nýtt og ég sendi póst
á www.ludrasveit.com þar sem ég
bað hljómssveitarstjóran um að
hringja í mig. Honum leist svona
líka vel á þetta og allt fór af stað.
Áður en ég vissi af voru komnir
fimm útsetjarar í vinnu við að



Strákarnir í 200.000 naglbítum, Benedikt Brynleifsson, Vilhelm Anton og Kári Jónsson, lofa almennilegum rokktonleikum á menningarnótt. Enda varla annað hægt þegar heil lúðrasveit er með í för.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

útsetja lög okkar og 45 manna
lúðrasveit farin að æfa,“ segir Vil-
helm.

Platan kemur út í október og enn
sem komið er hafa lög hvernig
heyrst opinberlega í þessum nýja
búningi. Tónleikarnir á menningar-
nótt verða því frumflutningur.

Tónleikarnir fara fram í portinu
í Hafnarhúsinu (Listasafni Reykja-
víkur) og hefjast klukkan níu með
gítartríóinu Árstíðum. „Svo komum
við á svið ásamt lúðrasveitinni
klukkan korter í tíu og þetta ætti
að vera búíð mjög tímanlega fyrir
flugeldasýninguna,“ segir Vilhelm
sem lofar góðri skemmtun bæði
fyrir eyru og augu. „Ég sé lög
alltaf mjög myndrænt fyrir mér

og nú er þetta orðið enn þá mynd-
rænna. Það er verið að setja upp
110 fermetra svið og þarna verður
lúðrasveit í búningum með ný-
bónaða lúðra. Þetta er svo flott að
við erum bara með gæsahúð á æf-
ingum.“

Í ár eru tíu ár liðin síðan fyrsta
plata Naglbítanna kom út. Vilhelm
segir að þekkt lög á borð við Láttu
mig vera og Vögguvísur fyrir
skuggaprins fái að hljóma á tónleik-
unum í kraftmeiri og dramatískari
útgáfum en aðdáendur hljómssveit-
arinnar þekkja. „Þetta verður bara
alvöru rokk. Ég get lofað því að
Vögguvísur fyrir skuggaprins eru
ekki að fara svæfa neinn í þetta
sinn,“ segir Vilhelm.

-þo

MÁLVERKAUPPBOÐ Á HILTON-NORDICA

Sunnudaginn 31. ágúst kl. 20.30



Svavar Guðnason
160 x 105 cm.



Kristján Davíðsson
115 x 115 cm.

Getum bætt við örfáum
góðum verkum.

Vinsamlegast hafið
samband sem fyrst við
Pétur Þór í síma
511 7010 eða 847 1600

LÆGRI SÖLULAUN ÖRUGG ÞJÓNUSTA

Viku eftir síðasta uppboð höfðu allir
seljendur fengið uppgert.

Gallerí
BORG

Skipholti 35
105 Reykjavík. sími 511 7010
petur@galleriborg.is



Jón Engilberts
130 x 170 cm.



Kristján Davíðsson
110 x 90 cm.



Franska söngkonan Adeline Moreau flytur söngljóð í Iðnó.

Frönsk stemning í Iðnó

Alliance Francaise og franska sendiráðið bjóða upp á lífflega og skemmtilega dagskrá við Tjörnina. Í Iðnó verður boðið upp á tónlist, ljóðalestur og dans sem hefst með dagskrá frönsku söngkonunnar Adeline Moreau við undirleik Herrera-systra sem leika á selló og hörpu. Fransk-íslenska leikkonan Solveig Simha mun svo fara með ljóð ásamt Marion Herrera og vera með spuna útfra þemanu „Víma“. Undir lok kvöldsins verður svo boðið upp á fjörukt dansball með söngkonunni Hlín Pétursdóttur og harmonikuleikaranum Yuri Federov. -amb

Hvar? Iðnó. Klukkan? 18-22.

● PRJÓNAÐ TIL GÓÐS

Þeir sem hafa gaman af að þrjóna ættu ekki að láta sitt eftir liggja á menningarnótt. Þrjónarar eru hvattir til að koma með bleikt garn í Hallargarðinn og fitja upp á einhverju bleiku til styrktar Krabbameinsfélaginu. Hægt er að þrjóna bleika borða og selja og eins geta nokkrir tekið sig saman og fitjað upp á samvinnuverkefni á borð við búta-teppi. Baukar verða á staðnum svo hægt er að heita á þrjónaskapinn. - þo

Hvar: Hallargarðurinn við Fríkirkjuveg 11

Hvenær: Milli kl. 14 og 17



SUNDSUMAR Í SUNDHÖLLINNI

Sumarafgreiðslutími:
Virka daga kl. 6:30-21:30
Helgar kl. 8:00-19:00

www.itr.is | sími 411 5000

Laugarnar í Reykjavík

Sushi

SÝNISHORN ÚR MATSEGLI

- 202. Ferskt Nings Sushi 6 bitar.
- 203. Ferskt Nings Sushi 10 bitar.
- 204. Ferskt Nings Sushi 30 bita veislubakki.
- 205. Ferskt Nings Sushi 50 bita veislubakki.

Ath! Veislubakka þarf að panta með dags fyrirvara.

NINGS

SUBURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899

www.nings.is

Sálmafoss í Hallgrímskirkju

Kórastarfið er í fyrirrúmi í Hallgrímskirkju á menningarnótt: Organistar, kórstjórar og kirkjukórar munu halda uppi samfelldri tónlistardagskrá í kirkjunni með stillansakórónuna sem þeir Hallgrímskirkjumenn kalla Sálmafoss.

Dagskráin hefst kl. 15 en þá mun biskup Íslands afhenda tónlistarverðlaun kirkjunnar, Liljuna, í fyrsta sinn. Stofnað er til verðlaunanna til að virða það sem best þykir í kirkjulegu tónlistarstarfi hér á landi en hin veraldlega tónlist hefur til þessa átt sína verðlaun í Íslensku tónlistarverðlaununum. Herra Karl átti hugmyndina að heiti verðlaunanna en Liljan hefur margvísleg táknið í kristinni trú. Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar, Hörður Áskelsson, segir ekki af ráðið hvort verðlaunin verði árlega veitt. Verðlaunagripurinn er smíðaður í Þýskalandi. Verðlaunahafi er valinn af bestu manna yfirsýn.

Sálmafossin er hluti af stóru prógrammi sem Þjóðkirkjan hefur staðið fyrir síðustu daga í Skálholti: Kórustefna Þjóðkirkjunnar er tíu daga samfelld dagskrá þar sem kenndur er orgelspuni og kórstjórn, Jón Stefánsson og Þórunn Björnsdóttir hafa kennt stjórn barnakóra og síðustu dag-



arnir hafa farið í samstillingu um 140 manna kórs sem flytur tvær kantötur Bachs á sunnudag í Hallgrímskirkju en þar verður Þorkell Sigurbjörnsson heiðraður sérstaklega með verðlaunum tónmenntasjóðs kirkjunnar. Mist, dóttir hans, hefur samið tónverk um stef Þorkels við hinn kunna sálm hans Heyr himnasmiður en það mun vera elsti kirkjulegi texti sem notaður er til sálmasöngs á Norðurlöndum. Heyr himnasmiður er líka nokkurs konar

leiðarstef í dagskránni á laugardag þar sem áhersla er lögð á almennan sálmasöng, söng kirkju- og barnakóra svo og orgelleik. Að verðlaunaathöfn lokinni kl. 15 á laugardag mun Dómkórinn syngja undir stjórn Marteins Friðrikssonar en hann mun brátt láta af störfum sem stjórnandi þess merka kórs. Síðan syngur Graduale Nobili undir stjórn Jóns Stefánssonar og Haukur Guðlaugsson leikur á orgelið stóra.

Haukur Guðlaugsson leikur á orgel klukkan 15.30. Kórarnir tveir og Haukur halda kyrru fyrir í kirkjunni við söng og spil til kl.17.15 en þá syngur Kór Bústaðakirkju undir stjórn Renötu Ivan og Jón Bjarnason leikur á orgelið.

Eyþór Ingi Jónson og Schola Cantorum leiða kirkjugesti í almennum sálmasöng kl. 18 undir stjórn Harðar Áskelssonar og Tómas Guðni Eggertsson leikur verk eftir Bach og Buxtehude.



Dagskráin hefst kl. 15 í Hallgrímskirkju.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þorkell Sigurbjörnsson tónskáld. Sálmur hans, Heyr himnasmiður, er leiðarstef í hátíðahaldi kirkjulegra tónlistarmanna í Hallgrímskirkju á laugardag. Á sunnudag verður hann heiðraður á sérstökum tónleikum honum til heiðurs í kirkjunni.
MYND: FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

Og þannig heldur dagskráin áfram með almennum söng gesta með kór, kórsöng og orgelleik allt til kl. 21.40:

Þetta er í annað sinn sem Kórustefna Þjóðkirkjunnar tengist menningarnótt og Sálmafoss er haldinn. Í fyrra var stöðugt streymi fólks í kirkjuna og almenn og góð þátttaka í söng þegar kórar sungu með þeim. Það er andakt yfir kirkjunni á þessum haustdegi og allir velkomnir.
pbb@frettabladid.is

**SKRÁÐU
ÞIG Í DAG!**

Netskráningu í Reykjavíkumaraþon Glitnis lýkur á miðnætti.
Skráðu þig á www.glitnir.is, veldu fyrir hvaða góðgerðafélag þú vilt hlaupa og fáðu síðan vini og velunnara til að heita á þig.
Skráðu þig á www.glitnir.is og hlauptu til góðs.

ALLIR SIGRA 23. ÁGÚST!

REYKJAVÍKUR
MARAPON
25 GLITNIS
ÁRA 23. ÁGÚST 2008



Supergrúpan Esja mætir á Laugaveginum í Skífunum kl. 17.

Skífuteiti á Laugavegi

Hljómplötuverslanir í miðbænum verða allar opnar á menningarnótt. 12 tónar verða með sína árlegu útsölu þar sem kostur gefst á góðum dílum, Smekkleysa er flutt norður yfir Laugavegin og komin í nýtt húsnæði. Elsta hljómplötubúðin á Laugaveginum, Skífan, skartar sínu fegursta og mun standa fyrir glæsilegri tónleikadagskrá á menningarnótt og munu tónleikarnir hefjast kl 13.00 um daginn og mun ný hljómsveit stíga á stökk á heila tímanum til kl. 18.00. Fram koma í þessari röð: Múgsefjun, Helgi Björns, Megas, KK, Esja, Sigurður Guðmundsson og Memfismafían og Mood. Rýmt verður fyrir gestum og eru allir velkomnir en frekari upplýsingar og nánari tímasetningar er hægt að finna á heimasíðu Skífunnar www.skifan.is

Loksins setur Jón Sigurðsson upp pípuhattinn

Helga Rún Pálsdóttir ætlar að dubba stytur bæjarins upp með virðulegum höfuðbúnaði á menningarnótt.

„Ég hef alltaf velt því fyrir mér hvers vegna stytur bæjarins eru ekki með höfuðföt. Þessar stytur standa úti og á þeim tíma sem þessir menn voru uppi fóru karlmenn ekki út úr húsi án höfuðfats,“ segir Helga Rún Pálsdóttir, búningahönnuður og klæðskerameistari og eina starfandi hattadaman á Íslandi.

Í tilefni menningarnætur hyggst Helga ráða bót á hattaleysi styttnanna í miðborginni. Hún hefur settið við undanfarna daga og hannað og saumað hatta fyrir þá Jón Sigurðsson, Jónas Hallgrímsson, Kristján IX., Skúla fógeta, Ólaf Thors og Hannes Hafstein. Að morgni menningarnætur ætlar Helga síðan að leggja af stað í miðbæinn með stiga og koma höttunum á sinn stað.

„Þeir verða örugglega ánægðir að fá loksins eitthvað á höfuðið. Það má til dæmis ekki gleyma því að Jón Sigurðsson hafði ástríðu fyrir pípuhöttum og regnhlífum og safnaði meira að segja höttum. Þess vegna er ómögulegt að hann sé ekki með hatt,“ segir Helga. „Mér fannst tilvalið að nota menningarnótt sem tækifæri til að fullklæða þessa menn og vekja um leið athygli á styttnum sem maður gengur fram hjá og er hættur að sjá,“ útskýr-



Hattadaman Helga Rún ætlar að setja hatta á stytur bæjarins á menningarnótt. Sá stóri grái er ætlaður Ólafi Thors.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ir hún og bætir því við að það hafi komið henni á óvart hversu stórar stytturnar eru. Ætli einhver til dæmis að nappa hattinum

af Skúla fógeta er ólíklegt að viðkomandi geti notað hann þar sem höfuðmál hans er talsvert meira en á meðalmani. -/p



Atvinna

VANTAR ÞIG**SMÍÐI, MÚRARAR, JÁRNABINDINGAMENN,
MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.**Proventus starfsmannþjónusta s. 661 7000****VERKTAKAR
MAGNI**Vantar verkamenn til starfa strax
mikil vinna framundan.

Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100

Starfsfólk óskast í söludeild okkar,
Dalhrauni 9 Hafnarfirði, til að
taka til pantanir. Upplýsingar
gefur Sófus í síma
863 1938 eða sofus@ali.is**Grunnskóli Seltjarnarness**
Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli**Fyrir næsta skólaár
eru laus til umsóknar
eftirfarandi störf****Starf stuðningsfulltrúa, þroskajálfa**
M.a. til að vinna með einhverfum börnum.Upplýsingar/umsókn:
Edda Óskarsdóttir deildarstjóri sérkennslu,
eddao@seltjarnarness.is, sími 5959200**Störf skólaliða og störf við ræstingar**
Möguleiki er á fullu starfi eða hlutastarfi.Upplýsingar/umsókn:
Baldur Pálsson aðstoðarskólalastjóri,
baldur@seltjarnarness.is, sími 5959250Á Seltjarnarnesi eru um 640 nemendur í heild-
stæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur
starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í
1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í
7. - 10. bekk.Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum
viðkomandi stéttarfélags.SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofawww.grunnskoli.is

Fundir / Mannfagnaðir

**MS FÉLAG ÍSLANDS
FUNDARBOÐ**Samþykkt Íslands á samningi Sameinuðu þjóðanna
um réttindi fólks með fötlunMS-félag Íslands boðar til opins félagsfundar með
Helga Hjörvari alþingismanni í húsi félagsins að
Sléttuvegi 5, fimmtudaginn 21. ágúst kl. 16.30.
Húsið opnar kl. 16 og er fundurinn opin öllum
meðan húsrúm leyfir.Fundarefnið er samþykkt Íslands á samningi
Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun.Félagsmenn eru hvattir til að fjölmennum
á fundinn og koma með fyrirspurnir !Virðingarfyllst,
Stjórn MS-félags Íslands**MÚRARAR**Erum með vana múrara á skrá sem
eru klárir til vinnu.**Kraftafl ehf S: 840-1616****SMÍÐIR**Erum með vana smíði á skrá sem
eru klárir til vinnu.**Kraftafl ehf S: 840-1616****Lausar stöður í leikskólum****Leikskólinn Iðavöllur** óskar
eftir að ráða leikskóla-
kennara í 100% stöðu sem
fyrst.**Leikskólinn Pálmholt**
óskar eftir að ráða leikskóla-
kennara í 100% stöðu sem
fyrst.**Leikskólinn Kíðagil** óskar
eftir að ráða leikskóla-
kennara í 100% stöðu sem
fyrst.**Leikskólinn Síðusel** óskar
eftir að ráða leikskóla-
kennara í 100% stöðu og
einnig hlutastöðu sem
fyrst.**Leikskólinn Sunnból** óskar
eftir að ráða leikskóla-
kennara í 100% stöðu sem
fyrst.Óskað er eftir sjálfstæðum,
ábyrgum og jákvæðum
einstaklingum. Mikilvægt
er að þeir eigi auðvelt með
mannleg samskipti og séu
tilbúnir til að takast á við
skemmtilegt starf meðbörnum. Tekið verður tillit
til samþykktar bæjar-
stjórnar Akureyrarbæjar um
jafnréttismál við ráðningu
í starfið.Ef ekki tekst að ráða leik-
skólakennara verða aðrar
umsóknir teknar til greina.Frekari upplýsingar er
að finna á heimasíðu
Akureyrar:
<http://www.akureyri.is/>
undir þjónusta/störf í boði.Einungis er tekið á móti
rafrænum umsóknum á
heimasíðu Akureyrarbæjar:
www.akureyri.isAðgengi að tölvu og aðstoð
við innskráningu umsókna
stendur til boða á Amts-
bókasafninu og í þjónustu-
anddyri Ráðhússins.**Umsóknarfrestur er til
25. ágúst 2008****ER FÉLAGSLÍF Í ÞÉR?****FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR REYKJANESBÆJAR****HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á FAGLEGU STARFI Á VETTvangi FRÍTÍMANS?**Við leitum að sjálfstæðum, skipulögðum og hugmyndaríkum einstaklingum til að starfa
í félagsmiðstöðinni Fjörheimum og 88 Húsinu, menningarmiðstöð ungs fólks í Reykja-
nesbæ.**Ábyrgðarsvið**

- » Umsjón og ábyrgð á starfsemi félagsmiðstöðva fyrir börn og unglinga
á aldrinum 14 - 16 ára og 16 - 25 ára
- » Skipulagning starfsins í samráði við yfirmann, samstarfsfólk, börn og unglinga
- » Samskipti og samstarf við starfsfólk skóla, foreldra og aðra samstarfsaðila
- » Þátttaka í stefnumótun og framtíðarsýn

Hæfniskröfur

- » Háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærileg menntun
- » Reynsla af starfi með börnum og unglingum
- » Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- » Sjálfstæði og frumkvæði
- » Færni í mannlegum samskiptum
- » Almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hafþór B. Birgisson Tómsfundafulltrúi
Reykjanesbæjar í síma **898 1394**, netfang: hafthor.birgisson@reykjanesbaer.is.**Umsóknarfrestur er til 25. ágúst 2008.**Hægt er að sækja um rafrænt á reykjanesbaer.is og mittreykjanes.is
Vakin er athygli á því að starfið hentar jafnt konum sem körlum.**88.is / fjorheimar.is****REYKJANESBÆR**
reykjanesbaer.isÍþrótt- og tómsfundasvið
Tjarnargötu 12 Póstfang 230 Sími: 421 6700

Hjá Jóa Fel Holtagarðar
Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakarið hjá Jóa Fel Holtagarðum og Kaffihúsið í Smáralind.
Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076, einnig umsóknir á unnur@joifel.is



Fylgífiskar óska eftir starfsmanni í sölu- og afgreiðslustörf í verslunum sínum. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt & byrjað sem fyrst. Uppl. í síma 533-1300 f.h.



Bifvélavirkjar
eða menn vanir viðgerðum stærri bíla óskast á verkstæði Hagvagna HF í Hafnarfirði.
Upplýsingar veitir Þórður Pálsson í s. 599 6066.



Mosfellsbakarí
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Íslenskukunnátta skilyrði. Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.



Vantar fólk í hlutastarf í Kringlunni og Smáralind. Upplýsingar í síma 581 2300.



miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 | www.lodur.is



Mosfellsbakarí
Mosfellsbakarí Mosfellsbæ óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Íslenskukunnátta skilyrði. Nánari upplýsingar veitir Áslaug í s. 660 2155, 566 6145, eða á staðnum.

Hellulagnir
Óskum eftir hörkuduglegum mönnum í hellulagnir/þökulagnir. Mikil vinna í 2-3 mánuði.
Upplýsingar í síma 896 0096.

Söluturn
Starfskraftur óskast strax til starfa í söluturn alla virka daga frá kl. 12-18. Ágætislaun fyrir hressa og þjónustulundaða manneskju. Einnig vantar manneskju af og til á kvöldin og um helgar. Tilvalið fyrir skólafólk sem vill vinna sér inn smá vasapening.
Uppl. í s. 892 2365.

Energia kaffihús/veitingahús Smáralind
Vantar aðstoðarmannskju í eldhúsið. Ekki yngri en 20 ára. Þarf að geta byrjað strax. Nánari upplýsingar í s. 664 0664, Guðný.

Hópstjóri
Ræstingapjónustan sf leitar að hópstjóra í hreingerninga- og bónvinnu, 100% starf. Viðkomandi kemur til með að vinna með hópnum sem hann stjórnar. Við leitum að drifandi starfsmanni sem getur unnið sjálfstætt. Hann verður einnig að geta borið ábyrgð og vera nákvæmur í vinnubrögðum. Góð laun og mikil vinna í boði. Nánari upplýsingar fást í síma 821-5050.



Aðstoðarveitingarstjóri kvöld- og helgar hlutastarf, 65% Hentar sérstaklega vel fólki í háskóla, unnið er 15 daga í mánuðinum, ca. 115 tíma á mánuði. Hæfniskröfur: Mjög góð mannleg samskipit, 23 ára eða eldri, snyrtimennska, heiðarleiki, stundvísi. Mjög samkeppnishæf laun, skemmtilegur vinnustaður, rótgróinn og traustur rekstur. Umsóknir á: umsokn.foodco.is

HENDUR.IS
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Óskum eftir röggsum starfsmönnum á þjónustustöðvar okkar á Akureyri og Egilsstöðum. Störfin fela m.a. í sér þjónustu á hjólabarðaverkstæði og smurstöð. Reynsla æskileg. Íslenskukunnátta nauðsynleg. Dekkjahöllin s. 4623 002(AK) og 4712 002(EG).

Restaurant on Laugavegur seeks EXPERIENCED fine dining chef. Call 8493875

Fjöreggið
Grill og góður matur. Starfsfólk óskast í fulla vinnu. Einnig vantar fólk í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í s. 555 7030.

Byggingarvinna
Við mótahreinsun og ýmislegt fleira. Framtíðarvinna, þarf að geta byrjað strax. Laun eru samkvæmt taxa verkalýðsfélaganna. Umsóknir sendist með tölvupósti á roskur@visir.is

Au-pair Luxemborg Við erum íslensk fjölskylda búsett í Luxemborg og leitum eftir stúlku til að gæta 2ja ára drengs auk léttu heimilisstarfa. Þarf að vera orðin 18 ára hafa bílpróf og vera reyklaus. sogb@simnet.is

Ísbúðin í Smáralind óskar eftir starfsmanni í fulla vinnu virka daga, uppl. í s. 6601770

Óska eftir konu til að gæta eins árs gamalli stúlku hluta úr degi. Uppl. í s. 891 6529 Sigríður.

Okkur vantar duglegt fólk í kvöld og helgarvinnu í uppvas og sal þarf að geta byrjað strax. Umsóknir með helstu upplýsingum sendist á frakkar@islandia.is Þrír Frakkar

Múrarar Verkamenn
Menn óskast til starfa sem fyrst. Uppl. í s. 893 5017.

VEGGSPORT heilsurækt. Starfskraft vantar í afgreiðslu alla virka daga frá kl.9:00-16:00. Nánari upplýsingar í síma 577-5555. VEGGSPORT heilsurækt Stórhöfða 17 v.Gullinbrú.

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki til starfa við úthringingar. Aukastarf með góðum tekjumöguleikum. Uppl. gefur Ingibjörg í síma 661 2826 & eli@tmi.is

Vaktstjóri & veislustjóri
Erum að leita að hressu og barngóðu starfsfólki í hlutastarf á virkum dögum e.h. og um helgar. Stjornustelpur@stjornustelpur.is S. 555 6565

Hefuru áhuga á að kynna þér starf sem söluráðgjafi Volare? Kynningarfundur í kvöld kl 18:00 nánari uppl. í síma 8679839 Lydia Sig Hópstjóri Volare

Trésmíðafyrirtæki óskar eftir vönum Verktökum SL ehf S: 894-3203

Au Pair óskast til Bahama-eyja. Áhugasamir sendi póst á thora76@gmail.com

Matsvein vantar á ísfisktoga. Uppl. í s. 896 3939 & 565 0830.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Getu hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannapjónusta s. 661 7000.

HENDUR.IS
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbilstjórar, suðumenn, fiskvinnslufólk o.fl. S. 845 7158.

21 ára smiður óskar eftir vinnu á höfuðborgarsv. Vanur timburhúsum. S: 8661025

TILKYNNINGAR

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjaldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

908 6666 & 908 2000
Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gir. Hver verður kærastan þín í kvöld? Opið allan sólarhringinn, engin bið.

Dömurarnar á Rauða Torgi
Undanfarið hafa hátt í 15 yndislegar dömur skemmt sér konunglega við spjall og simaleiki. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (visa, mastercard). Raudatorgid.is

Fasteignir



Stakfell

Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lág múli 7 • 108 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
stakfell.is

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali
Fax 535 1009

Opið hús í dag, Skiphot 50a, frá 17:30-18:30

12 nýjar 2-3 herbergja íbúðir frá 74.8 – 106 fm og ein 4. herbergja íbúð á 2 hæðum 205.2 fm. Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum og tækjum.



Áhvilandi 20 milljóna króna lán frá ÍLS. Seljandi lánar 5 milljónir án vaxtaog verðtryggingar í 5 ár án stimpilgjalds og þinglýsingagjalds. Ýmiss eignaskipti möguleg. Verð 26.3 – 37.5 milljónir. Tilvalið fyrir félagasamtök.



GEIR HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA „Besta leiðin til að vinna sig út úr þessum aðstæðum er hins vegar að sjálfsögðu fólgin í að framleiða, framleiða og aftur framleiða. Verðmætasköpun er það sem málið snýst fyrst og fremst um, að halda áfram að skapa verðmæti í vörum og þjónustu og nýta auðlindir okkar. Auðlindir eru ekki mikils virði ef þær eru ekkert nýttar og engin þjóð telur sig hafa efni á að nýta ekki þær auðlindir sem hún ræður yfir.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

irlýsinga sem gengið hafa, að það álver muni rísa ef um það nást eðlilegir viðskiptasamningar milli aðila. Það kæmi þá á eftir álverinu í Helgúvík. Að því leyti til hefur ákveðinni óvissu verið rutt úr vegi enda þótt úrskurður umhverfisráðherra hafi komið á óvart.“

Er ráðherra ríkisstjórnarinnar ekki ljós þessi efnahagsvandí sem þú hefur lýst. Var úrskurðurinn borinn undir þig?

„Nei, hann var ekki borinn undir mig og ég tel að hann hafi verið óþarfur og sagði það strax. Afla hefði mátt sömu upplýsinga um umhverfisáhrif eftir þeim leiðum sem venjulega hafa verið farnar. En þetta var mat ráðherrans og hún var innan sinna valdheimilda í þessari ákvörðun. En það er skýr stefna ríkisstjórnarinnar að það verði virkjað fyrir norðan og reist álver á Bakka.“

Telurðu rétt að hefja undirbúning að Bitruvirkjun á Hellisheiði og virkjunum í neðri hluta Þjórsár?

„Bæði þessi verkefni eru langt komin í undirbúningi og ég tel sjálfsagt að halda áfram undirbúningi að Bitruvirkjun og fara á fullt í þeirri vinnu. Síðan verður að koma í ljós hvar hún lendir í röðinni af virkjunarkostum á Hellisheiðarsvæðinu. Hvað varðar neðri hluta Þjórsár þá er sá undirbúningur auðvitað mjög langt kominn og fyrir skemmstu voru flestir á því að þar væru mjög skynsamlegir virkjunarkostir. Ég vona bara að fljótlega leysist úr þeim ágreiningi sem eftir er að leysa þar. Hins vegar eru hafin málaferli út af ákveðnum þætti málsins þannig að við verðum að bíða og sjá hver niðurstaðan úr því verður. Á meðan er sjálfgefið að ráðast í Búðarhálsvirkjun að mínum dómi.“

Kemur til greina að beitt verði heimildum um eignarnám á þessu svæði, eins og gert hefur verið annars staðar á landinu, í því skyni að tryggja virkjunarframkvæmdir?

„Það er of snemmt að kveða upp úr um það. Heimild idnaðarráðherra er til staðar í lögum.“

Erfitt árferði bitnar á fjölmiðlum eins og öðrum. Kemur til greina að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði til þess að jafna samkeppnisstöðu annarra miðla?

„Menntamálaráðherra hefur haft þessi mál til sérstakrar skoðunar. Hún er með hugmyndir í vinnslu varðandi þá stöðu, sem er ekki er tímabært að fara nánar út í á þessum tímamarki.“

Vandi stæðjar að mörgum fjármálafyr-

irtækjum, til dæmis sparisjóðunum. Þarf ekki frekari samruni og hagræðing að eiga sér stað á innlendum bankamarkaði? Mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að liðka fyrir slíku ferli, meðal annars með tilliti til samkeppnisumhverfisins?

„Ég tel víst að það sé unnt að hagræða í bankakerfinu, til dæmis með sameiningu eða samruna fyrirtækja. Ríkisstjórnin mun stuðla að því fyrir sitt leyti.“

Eru áform um einhver skref til einkavæðingar ríkisfyrirtækja á næstunni?

„Það hefur ekki verið ákveðið en ég tel vissa möguleika fyrir hendi í þeim efnum, sem fara þarf yfir. Nefni ég Íslandspóst í því sambandi.“

VILL UPPFYLLA MAASTRICHT-SKILYRÐI

Forveri þinn í embætti, Halldór Ásgrímsson, taldi að Ísland yrði gengið í Evrópusambandið árið 2015. Ertu sammála því mati?

„Nei, ég er ekki sammála því og ekki hlynntur því.“

Í síðustu viku lýsti utanríkisráðherra þeirri skoðun sinni að upptaka evru væri nauðsynleg, „ef við ætlum að taka þátt í þessu alþjóðlega hnattvædda hagkerfi og vera með stóran fjármála-geira“ eins og hún orðaði það. Fjölmörg samtök innan atvinnulífsins hafa lýst svipuðum sjónarmiðum, líka ASÍ, Starfsgreinasambandið, bankarnir og forsvarsmenn margra stórra fyrirtækja. Hafa allir þessir aðilar rangt fyrir sér?

„Ég tel að margir af þeim aðilum sem þú nefndir tali um evru í stað krónu sem lausn á þeim vanda sem við glímum við nú um stundir. Sú tenging er óraunhæf. Við munum uppfylla öll Maastricht-skilyrðin ef við náum þeim árangri sem að er stefnt og lýst í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og þá verður ekki nein ástæða til að taka upp annan gjaldmiðil því þá verður kominn sá stöðugleiki sem nauðsynlegur er.“

En gæti ekki verið skynsamlegur leikur

í stöðunni að gefa út þau skilaboð að ríkisstjórnin ásetji sér að uppfylla Maastricht-skilyrðin um upptöku evru á þessu kjörtímabili, enda þótt ekki sé samstaða um að sækja um aðild að Evrópusambandinu?

„Jú, við stefnum að sjálfsögðu að því að uppfylla þessi skilyrði sem fyrst. Það eru almennir hagsmunir okkar að gera það óháð Evrópusambandinu.“

Fleiri og fleiri sjálfstæðismenn tjá nú opinberlega stuðning sinn við inngöngu í ESB. Telurðu að tekist verði á um aðild að Evrópusambandinu á næsta landsfund flokksins?

„Mér er það til efs. Umræðan um þessi mál er mjög lifandi innan Sjálfstæðisflokksins. Mér finnst ekki að þrýstingur innan flokksins í þessa

Staðan er sú að við höfum verið að fara í gegnum mikla gengis- aðlögun. Hún var óhjákvæmileg vegna þess að krónan var um allnokkra hríð of hátt skráð. Slík gengis- aðlögun kallar á tímabundinn verðbólgu- kúf en á eftir standa þeir atvinnuvegir sem keppa við innflutning miklu betur að vígi, sem og útflutningsatvinnuvegir. Staða þeirra verður mjög öflug þegar fram í sækir.

veru hafi aukist neitt að ráði. Við ræðum þetta opinskátt í flokknum. Þingmenn hans fylgja þeirri stefnu sem mörkuð var á síðasta landsfundi en auðvitað gildir það um Sjálfstæðisflokkinn eins og aðra flokka, að við getum ekki útilokað neitt um aldur og ævi. Það er mín skoðun, þegar allt er tekið með í reikninginn, að hagsmunum okkar Íslendinga sé betur borgið utan sambandsins en innan þess.“

ÓHJÁKVÆMILEG GENGIS- AÐLÖGUN

Hvernig sérðu næstu vikur og mánuði þróast?

„Staðan er sú að við höfum verið að fara í gegnum mikla gengis- aðlögun. Hún var óhjákvæmileg vegna þess að krónan var um allnokkra hríð of hátt skráð. Slík gengis- aðlögun kallar á tímabundinn verðbólgu- kúf en á eftir standa þeir atvinnuvegir sem keppa við innflutning miklu betur að vígi, sem og útflutningsatvinnuvegir. Staða þeirra verður mjög öflug þegar fram í sækir. Við höfum einnig tekið á okkur þrengingar til skemmrí tíma í sjávarútvegi til þess að búa í haginn til framtíðar og byggja upp fiskstofna. Þegar þetta skilar sér í bættri afkomu atvinnu-

veganna er ljóst að hér verða lífsskjör almennings mjög góð. En það má búast við erfiðu hausti og vetri. Ég lít á það sem stærsta verkefni ríkisstjórnarinnar að halda verðbólgu í skefjum og koma í veg fyrir fjöldaatvinnuleysi, en þá verður líka að skapa önnur störf í staðinn og gera fyrirtækjum kleift að koma undir sig fótunum. Á Íslandi skiptir sérhver einstaklingur máli og mikilvægt að allir finni störf við hæfi.“

Hefurðu tekið þá gagnrýni að þú sért ekki að gera nóg nærri þér?

„Nei, ég vissi að hverju ég gekk í þeim efnum, en reyni að leggja mig allan fram í því sem ég hef tekið að mér. Það er ekki hægt að elta ólar við allar ávirðingar sem tíndar eru fram en ég hlusta vandlega á málefnalega gagnrýni og tel að hún sé af hinu góða. Málsmetandi menn geta haft mismunandi skoðanir á því hvernig eigi að leysa tiltekinn vanda.“

DREG EKKI KANÍNUR UPP ÚR HATTI

Eru kröfurnar til þín óraunhæfar? Er ætlast til þess að þú dragir kanínur upp úr hattinum?

„Stundum er það, já. En flestir sem eru inni í þessum málum vita að það eru engin töfrabróð í spiliinu.“

Það er kallað eftir þjóðarsátt.

„Já, en aðstæður hafa breyst mikið í þjóðfélaginu frá árinu 1990 þegar gerð var þjóðarsátt. Verðbólgan nú stafar ekki af víxlverkun launa og verðlags eins og þá heldur fyrst og fremst af hækkuðum innflutningsverðlags. Umhverfi efnahagsmálanna er gjörbreytt og stjórnsmálsmenn ekki lengur með puttana í smáu sem stóru. Auknu frelsi á markaði fylgir aukin ábyrgð þeirra sem þar starfa. Samstarf ríkisvaldsins, sveitarfélaga og aðila vinnu- markaðarins er þó vissulega enn mjög mikilvægt, við leggjum áherslu á að viðhalda því og eiga trúnað þessara aðila og vinnu áfram á þeim grundvelli, meðal annars á sérstökum samráðsvettvangi. En ég tel einnig að þegar virkilega bjátar á í þjóðarbúskapnum eigi stjórnsmálaflokkarnir allir, bæði stjórn og stjórnarandstaða, að vinna saman til þess að takast í sameiningu á við þau verkefni sem við er að fást. Það eru mörg atriði sem þarf að hafa samvinnu um og ég kalla eftir víðtækri samstöðu þjóðinni allri til hagsbóta. Íslenska þjóðin hefur áður gengið í gegnum erfiðleika og mun sigrast á þeim núna eins og jafnan áður.“

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Verkefni næstu vikna og mánaða í íslensku fjármálalífi:

Hvað munu margir bankar standa eftir?

Björn Ingi Hrafnsson

Íbúafundur í Borgarnesi í síðustu viku vegna málefna Sparisjóðs Mýrarsýslu er ágæt vísbending um þau tíðindi sem vafalaust eru í vændum næstu vikur og mánuði hvað varðar samruna og yfirtökur á fjármálamarkaði. Hafi verið þörf á hagræðingu og samrunum hér áður fyrr á okkar litla markaði hefur sú þörf þróast yfir í brýna nauðsyn með hækkandi skuldtryggingaaðlagi og heftu aðgengi Íslendinga að erlendu lánsfjármagni. Er nú svo komið að ekkert annað blasir við fjölmörgum íslenskum fjármálastofnunum en að renna inn í aðrar stærri, en bíða skipbrot ella.

Þetta hljómar harkalegt, en er engu að síður satt. Auðvitað er auðvelt að skilja gremju stofnfjáreigenda og síðar hluthafa í SPRON með gengi félagsins og hrun á markðsvirði þess. En jafnframt blasir við að ekkert annað var í spílunum fyrir SPRON en að renna inn í stærri og öflugri fjármálastofnun. Það er harla tilgangslaust að halda því fram að reksturinn hafi gengið vel og skýra um leið út ástæður þess að fyrir fáeinum mánuðum þurfti bankinn að fá fimm milljarða að láni til rekstrarins frá Kaupþingi. Staðan var einfaldlega sú að SPRON, eins og svo mörg önnur fjármálafyrirtæki, sá ekki fram á að geta tryggt sér frekara fjármagn á viðunandi kjörum og því varð að grípa til viðeigandi ráðstafana. Þær geta aftur orðið til þess að SPRON mun lengi enn verða vinsæll banki meðal viðskiptamanna á höfuðborgarsvæðinu og eflast og dafna.

Sömu sögu er vitaskuld að segja af Sparisjóði Mýrarsýslu, þessu djásni Borgarfjarðar. Auðvitað er þyngra en tárur taki fyrir sveitarfélag að horfa upp á að svona sé komið fyrir banka sem fyrir tveimur árum hefði kannski verið metinn á 20-30 milljarða. En sá á kvölinu sem á völinu og spurningin sem vaknar nú hlýtur að vera hvort ef til vill hefði verið betra fyrir sveitarfélagið að taka þeim tilboðum sem bást í Sparisjóðinn á sínum tíma, t.d. frá Íslandsbanka. Ef það hefði verið gert, stæði sveitarsjóðurinn í Borgarbyggð nú eftir sem einn sá sterkasti á landinu og gæti rekið sveitarfélagið nánast af vaxtatekjum einum saman. Í staðinn var ákveðið að láta sveitarfélagið bera alla áhættuna áfram og af því súpa menn nú seyðið nú þegar Kaupþing hefur sinnt neyðarkalli fjármálakerfisins og bjargað Sparisjóðnum frá hreinu og beinu gjaldþroti, þar sem allt eigið fé var í reynd uppuríð.

Spurningin sem hlýtur að vakna er þessi: Hvaða bankar eða sparisjóðir eru næstir? Því ef íslenska ríkinu og viðskiptabönkunum þremur stóru gengur erfiðlega að fjármagna sig erlendis, hvar halda menn þá að litlir sparisjóðir séu í röðinni?

Staðreyndin er sú að í mörgum smærri fjármálafyrirtækjum, einkallega þó sparisjóðunum, hefur um langt árabil verið óviðunandi afkoma af hefðbundnum rekstri. Jafnvel tap á mesta góðærisskeiði Íslandssögunnar. Hagnaðurinn hefur allur komið af stöðutökum og hlutabréfaeign í öðrum fyrirtækjum og hann hefur villt mönnum sýn, talið þeim trú um að allt væri í himnalagi. Annað hefur nú komið á daginn.

Niðurstaðan er sú að miklu fleiri tíðindi verði af samrunum á bankamarkaði hér á landi á næstunni. Sömuleiðis hagræðingaraðgerðum, sem víða munu reynast afskaplega sársaukafullar. En þetta eru nauðsynlegar aðgerðir sem ráðast verður í og opinberar eftirlitsstofnanir verða að leggja sitt af mörkum til að vel takist til.

Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn vita auðvitað hver staðan er og nauðsyn þess að ráðast í samruna og styrkja þær einingar sem er ætlað að starfa áfram og blómstra til framtíðar. Samkeppniseftirlitið þarf auðvitað að huga að sínum eftirlitsskyldum, en má þó ekki gleyma því að samkeppnin nú er fyrst og fremst við útlönd og að nauðsynleg tiltekt með fækun útbúa og minnkandi yfirbyggingu þarf ekki endilega að leiða til verri þjónustu við viðskiptavinina eða fákeppni á markaði.

Áður en haustið er úti mun án efa enn hafa dregið til tíðinda í þessum efnunum. Áður en árið er úti er allt eins víst að landslagið verði orðið gjörbreytt.

bjorn.ingi@markadurinn.is | gudny@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olli@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

GLÆNÝTT Á ÍSLANDI Nuddpottar með saltvatni



- Umhverfisvænt
- Enginn klórlykt
- Húðin verður mýkri
- Auðvelt í notkun



Arctic Spas

Kleppsvegur 152, 104 Reykjavík
Heitirpottar.is - sími 554 7755

Með stein í skónum - jöklabréf

ORÐ Í BELG

Jafet Ólafsson
framkvæmdastjóri
Veigs ehf
fjárfestingafélags.



fyrst fram fyrir þremur árum þegar stýrivextir Seðlabankans fóru hækkandi og ekkert hefur slegið á þá hækkunarhrinu. Þegar mest var af þessum jöklabréfum þá voru þau yfir 600 milljarðar og höfðu þau oft og tíðum töluverð áhrif á gengissveiflur á gjaldeyrismarkaðnum. Í síðastliðinni viku voru á gjalddaga um 20 milljarðar og af þeirri upphæð var framlengt um fjórum milljörðum.

Leiða má að því líkur að þessi jöklabréf muni verða í umferð allt þar til almennt vaxtastig í landinu er komið í um 10 prósent.

Og hvenær má vænta þess að þessir ofurvextir fari að síga til baka? Svarið er að það hlýtur að hefjast á haustmánuðum. Seðlabankinn hlýtur að

hefja lækkun stýrivaxta fljótlega og almennir vextir munu fylgja á eftir.

TÍMI ER KOMINN Á AÐ HEFJA LÆKKUNARFERLIÐ

Nú þegar sjást þess merki að verðtryggðir vextir fara lækkandi, Íbúðalánasjóður hefur fengið betri kjör í nýjustu útboðum sínum, sem hefur gert honum kleift að lækka vexti um 10 til 15 punkta. Þetta er mjög jákvætt.

Stöðugt gengi og samkeppnisfærir vextir er það sem almenn-ingur og fyrirtæki eru að biðja um. Nú stendur mönnum nánast eingöngu til boða lán í íslenskum krónum á ofurvöxtum, í kringum 20 prósent. Það eru ekki margar atvinnugreinar eða einstaklingar sem geta borið slík lánakjör til langs tíma.

Það er kominn tími til að hefja vaxtalækkunarferlið, það mun taka langan tíma, sennilega út árið 2009, þannig að fyrst munu jöklabréfin hverfa út smá saman þegar stýrivextir hér eru komnir niður fyrir 10 prósent.

Þangað til sitjum við uppi með stein í skónum.

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Guðný Helga Herberdsdóttir, Hólmeiriður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALÍSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds.



Innheimtakerfi Kaupþings

KYNNTU ÞÉR INNHEIMTUKRÖFUR Í NETBANKA KAUPÞINGS

Innheimtakerfi

KAUPÞING
Hugsun lengra

Innheimtukurfur í Netbanka Kaupþings eru tilvalin leið til að halda utan um kröfur allt frá því að þær eru stofnaðar þar til þær eru greiddar. Kerfið hentar fyrirtækjum, stofnunum, sveitarfélögum o.fl. Innheimtukurfur bæta greiðslufæði, veita yfirsýn yfir útstandandi skuldir

og auðveldla bókhaldsvinnu. Með því móti spara innheimtukurfur bæði fé, tíma og fyrirhöfn.

Kynntu þér málið á kaupthing.is, í síma 444 7000 eða sendu fyrirspurn á innheimtuthjonusta@kaupthing.com

LIFANDI VÍSINDI



Fáeinar frumur úr
munninum afhjúpa fortíð
þína, nútíð og framtíð

ÞEKKTU GENIN ÞÍN

- Hvaðan komu forfeður þínir?
- Af hverju lítur þú svona út?
- Hvaða sjúkdómum áttu að vara þig á?


Nú ætla stjörnufræðingar að temja
VILLTUSTU EINDIR ALHEIMSINS

Faðir stærðfræðinnar kemur vísindamönnum

Faldar jöfnur í gamalli bænabók sýna
snilligáfu Arkímedesar



- NÝ ÞEKKING** Snjóðælur bjarga norðurisnum
- Nú hafa vísindamenn ræktað hjarta sem slær
 - Nýfundin pláneta er aðeins 10 milljón ára gömul
 - Símpansar hafa betra minni en menn



Fjöllistamenn náttúrunnar:
**Frumstæðu pokadýrin
gefast aldrei upp**



WWW.VISINDI.IS

WWW.VISINDI.IS

BANKHÓLFID

Bognar gúrkur aftur leyfðar

Reglur um útlit grænmetis og hversu sveigðar gúrkur (sem verða að vera beinar) eða bananar (sem ekki mega vera beinir) eiga að vera hafa oft verið nefndar sem dæmi um fátíðleika reglugerðarverksins í Brussel. Nú hefur Evrópusambandið hins vegar ákveðið að afnema nánast allar reglugerðir um form, útlit og lit grænmetis og ávaxta.

Reglurnar hafa orðið til þess að þúsundum tonna af grænmeti er fargað árlega, en á tímum hækkanði matvælavæðs þykir slíkt óforsvaranlegt. Frakkar, Spánverjar og Ítalir, sem eru helstu grænmetisframleiðendur Evrópu, vilja hins vegar halda í reglurnar, og staðhæfa að þær „verndi neytendur“.

Til að ná samkomulagi hefur Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkt málamiðlun sem felur í sér að áfram munu gilda Evróputilskipanir um útlit tíu ávaxta, berja og grænmetistegunda, meðal annars tómata, epla, jarðarberja og kíví-ávaxta.



E.Coli Dísel

E.Coli gerlar eru best þekktir fyrir að valda matareitrunum, en nú er fyrirtæki í Bandaríkjunum, LS9, að hefja framleiðslu á dísilolíu með hjálp erfðabreyttra E.Coli gerla.

Fyrirtækið er eitt margra í Sílkondalnum svokallaða í Kaliforníu sem eru að þróa aðferðir til að framleiða örverur sem nærast á landbúnaðarúrgangi eða viðarspónum og skila af sér bensíni eða dísilolíu. Úrgangur E.Coli gerla er efnafræðilega mjög líkur hráolíu, og því þarf ekki að gera miklar breytingar á gerlunum til að þeir skili af sér olíu.

Halda sjó í fluginu

Á kynningarfundi vegna uppgjörs Icelandair Group fór Björgólfur Jóhannsson forstjóri meðal annars yfir styrka lausafjárstöðu félagsins, um 6,3 milljarðar króna í júnílok, sem skýrist að nokkru af því að greitt hefur verið inn á ferðir í ágúst og september, en þá fellur til kostnaðurinn.

„Þetta sýnir hins vegar að efnahagsstaðan er sterk, sama hvað þeir segja á Útvarpi Sögu og er ekki af því við höfum verið að selja einhverja hreyfla,“ hnýtti hann við, greinilega langþreyttur á fjasi um félagið sem á sér litla stöð í raunveruleikanum.

Annars var létt yfir Björgólfi og hann greinilega ánægður með viðsnúning í rekstri og árangur aðgerða sem gripið hefur verið til í rekstrinum. Hann er þó ekki alveg laus við sjómannaflíkingarnar, segir stefnt á að „halda sjó í fluginu“.

0,3%

Eignaverð lækkaði um 0,3% að nafnverði í júlí samkvæmt Eignaverðsvisitölu Kaupþings. Þetta er þriðji lækkunarmánuðurinn í röð.

5,6%

Tólf mánaða verðbólga í Bandaríkjunum mælist nú 5,6% og hefur ekki verið hærrí í 17 ár. Búist er við 4,8% verðbólgu næstu tólf mánuðina.

2,6%

Árshækkun fasteignaverðs í júlí er 2,6% en var rúmu hálfu prósentustigi hærra í júní. Raunverð íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hefur lækkað um 9,6% frá áramótum.



INNHEIMTUSKÓLINN

Viltu vita meira?

Innheimtuskóli Intrum býður upp á vandaða fræðslu um allt sem snýr að stýringu viðskiptakrafna og innheimtu vanskilakrafna.

Markmið með Innheimtuskóla Intrum er að bjóða upp á vettvang til að fræðast á aðgengilegan hátt um flesta þætti sem snúa að viðskiptakröfum og meðferð þeirra. Innheimtuskólinn býður upp á fjölbreytt námsefni sem veitir betri innsýn í ýmsa þætti s.s meðferð viðskiptakrafna, viðskiptavefinn, ferlið við lögfræðinnheimtu og margt fleira.

Með virkri fræðslu sem tekur mið af þörfum viðskiptavina og hlutverki fyrirtækisins viljum við stuðla að því að starfsfólk samstarfsfyrirtækja okkar sem og aðrir öðlist betri þekkingu og tækifæri til að nýta hæfileika sína og samstarfið til fulls.

Næstu námskeið í Innheimtuskólanum eru:

21.08.2008	Nýr viðskiptavinur	09:00 – 10:30
28.08.2008	Lögfræði	09:00 – 12:00
29.08.2008	Viðskiptavefur	09:00 – 11:00
04.09.2008	Uppgjör	09:00 – 10:00

Kennt er í nýjum kennslusal hjá Intrum á Laugavegi 97. Skráning fer fram á innheimtuskolinn@intrum.is

Nánari upplýsingar er að finna á intrum.is og í 440 7000

intrum  **justitia**

INNHEIMTUSKÓLINN

Hvers vegna PwC?

*connectedthinking

Þekkingarfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.

● Endurskoðun ● Fyrirtækjaráðgjöf ● Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Reykjanesbær www.pwc.com/is

PRICEWATERHOUSECOOPERS 

SKIPTU BÖKUM

LERA
ADGRADA


ERTU ADVASAST
Í REIKNINGI?



REIKNIVEL
CASIO
8990-



REIKNIVEL
KAISER
2480-



OG
AUFVITAÐ
ALLT Í GRUNNSKÓLANN
LÍKA



Opid

18. TIL OG MEÐ 22. 10-20
23. OG 24. 10-18

Sjá opnun í ágúst
á griffill.is

GRIFFILL

skeifurni 77 - griffill.is

**ALLTAF
ÖDÝRARI**

? Spurðu
bara á
griffill@
griffill.is



10.000

Fullt verð: 22.644

50%
afsláttur

Vnr. 65753084

Örbylgjuofn

GALANZ örbylgjuofn,
stál, 23 l, 900W.

SMÁRAFTÆKI

20%
TIL 50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
SMÁRAFTÆKJUM

BÚSÁHÖLD

30%
TIL 50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
BÚSÁHÖLDUM



LAGERHAF

Á BÚSÁHÖLDUM OG H



GARDÍNUR

40%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM GARDÍNUM



3.000

Fullt verð: 5.738

40%
afsláttur

Vnr. 65105410

Kaffivél

SEVERIN kaffivél



2.500

Fullt verð: 5.680

50%
afsláttur

Vnr. 65746101

Brauðrist

Brauðrist hvít, 900W

EINNIGER ÚTSALA Á FJÖLMÖR

FATNAÐUR: 25%-50% AF ÖLLUM VÖRUM

FLÍSAR: 30%-50% AF ÖLLUM VÖRUM

GARDÍNUR: 40% AF ÖLLUM VÖRUM

LJÓS: 30%-50% AF ÖLLUM VÖRUM

MOTTUR: 30% AF ÖLLUM VÖRUM

TEPPI: 30% AF ÖLLUM VÖRUM

VERKFAERI: 20%-50%

MÁLNING: 20%-50%

BÚSÁHÖLD: 30%-50%

40%
afsláttur



50%
AFSLÁTTUR AF BOLISLAWIEC
PÓLSKA KAFFI- OG MATARSTELLINU

62.000

Fullt verð: 107.678

Vnr. 65041991

Uppvottavél

ARISTON uppvottavél, mjög
hljóðlát, 7 þvottakerfi, tekur
borðbúnað fyrir 12 manns.

ALLT Á AÐ SELJAST!

REINSUN

HEIMILISTÆKJUM, ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

MARKAÐSSTEMNING*

**FJÖLDINN ALLUR AF VÖRUM
Á ÚTRYMINGARSÖLU!**

VERÐBIL FRÁ

50 KR. TIL 5000 KR.

**ALLT AÐ 90%
AFSLÁTTUR**

*Mesta úrvalið í BYKO Breidd

4.500

Fullt verð: 9.108

3.500

Fullt verð: 5.890

40%
afsláttur

ÁN ARMA 2.400

Vnr. 55830000-1

Skrifborðsstóll

Skrifborðsstóll með örmum.

50%
afsláttur

Vnr. 41348360

Matarstell

ABJ matar- og kaffiset,
hnífaparasett og glasasett.

ARGUM VÖRUFLOKKUM:

0% AF VÖLDUM VÖRUM

SMÁRAFTÆKI: 20%-50% AF ÖLLUM VÖRUM

0% AF VÖLDUM VÖRUM

BLÖNDUNARTÆKI: 30%-50% AF ÖLLUM VÖRUM

0% AF ÖLLUM VÖRUM

HREINLÆTISTÆKI: 20%-50% AF ÖLLUM VÖRUM





Fjölbrautaskólinn
í Breiðholti

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti óskar eftir að ráða
fyrirsætu vegna myndlistarkennslu.

Nánari upplýsingar gefur kennslustjóri Listnámsbrautar
Ingiberg Magnússon í síma 868 5628.

Skólameistari.

Austurbergi 5, 111 Reykjavík sími 570 5600
Símbref 567 0389
Tölvupóstur fb@fb.is
www.fb.is

Ítalía

31. ágúst og 7. sept.

frá kr. **17.990**



Allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætum til Trieste í lok ágúst og byrjun september. Þú velur hvort þú leggur Ítalíu að fótum þér, kikir til Króatíu eða heimsækir Slóveníu. Bjóðum einnig gistingu, bæði í Króatíu og á Ítalíu á frábærum kjörum.

Verð kr. **17.990**

Flugsæti aðra leið til Trieste með
sköttum (Keflavík - Trieste), 31. ágúst
eða 7. sept. . Netverð á mann.

Verð kr. **29.990**

Flugsæti báðar leiðir til Trieste með
sköttum 31. ágúst, 7. eða 14. sept. í
eina eða tvær vikur. Netverð á mann.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á silku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



Hver er réttur dagsins?

NOKKUR ORÐ
Sunna Dís
Másdóttir

Ég hafði aldrei sérstaklega mikla trú á stjörnuspeki fyrr en ég las í fyrsta skipti lýsingu á eigin merki og rak upp stór augu. Það átti merkilega margt merki-lega mikið við mig í þeirri lýsingu. Ég er, jú, óákveðin með eindæmum og þarf að veða og meta hlutina út í hið óendanlega áður en ég tek ákvörðun. Og, já, það eru mun meiri líkur á því að finna mig í stöðu sáttasemjara en ræðumanns sem rifst og skammast, til að koma eigin skoðunum á framfæri.

Ég er þeirrar náttúru, eða ónáttúru, að eiga erfitt með að ákveða flesta hluti. Þeir sem hafa farið með mér út að borða geta staðfest það, enda hefur vinkvennahópurinn, sem statar af heilum tveimur vogum, oftast ekki brugðið á það ráð að lesa upp þrjá valmöguleika af seðlinum í staðinn fyrir að sýna mér hann - og

takmarka þannig eigin þjáningu á meðan ég engist um af óákveðni um hvort magann minn langi frekar í tortellini eða tapas.

Veröldin hefur skroppið saman á síðustu áratugum. Í dag er svo til allt hægt, allt gerlegt og mér, eins og svo mörgum öðrum, stendur nánast allt til boða. Ég á hins vegar við það lúxusvandamál að stríða að geta ekki ákveðið mig. Hvort ætti ég að fara að hjúkra ljónum í Afríku eða setjast við skriftir í Tékklandi eða læra ljósmyndun eða hönnun eða lögfræði í Suður-Ameríku eða stofna fyrirtæki hérna á heimavelli?


Matseðillinn er óendanlega langur og ég er farin að hafa áhyggjur af því að ég svelti hreinlega í hel á meðan ég reyni að ákveða mig. Ef einhver býður sig fram í að hólfa seðlinn niður í forrétt, aðalrétt og eftirrétt væri það þess vegna afskaplega vel þegið. Hlaðborð virðast ekki eiga við mig.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli




■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Allt fyrir skólann í Eymundsson



Eastpack
– tiskan í töskum
frá 7.995 kr.



Bakpoki
verð 12.995 kr.



Hliðartaska
verð 11.875 kr.



Pennaveski
mikið úrval!
frá 795 kr.



Stílabækur 4 litir
frá 240 kr.



Staedtler vatns-
leysanlegir vaxlitir
980 kr.
Skólatilboð!



3M
Áherslupennar
3 fyrir 2
verð 390 kr.

Vertu viss um að muna aðalatriðin.
Strikaðu yfir og merktu við
staðsetninguna um leið.

Þú borgar fyrir tvo
og færð þriðja með frítt.



Kl. 20

Á morgun verða torg borgarinnar skoðuð. Torg í borg er þema Menningarætur í ár og því tilvalið að taka forskot á sæluna í síðustu Kvosargöngu sumarsins og ganga á milli flestra þeirra torga sem finna má á svæðinu, þekktu sem minna þekktu. Öll eiga þau sammerkt að hafa verið vettvangur fjölbreytts mannlífs í tímans rás. Leiðsögumennirnir eru sérfræðingar frá Borgarbókasafni, Listasafni, Ljósmyndasafni og Minjasafni Reykjavíkur.

menning

menning@frettabladid.is

Fyrirlestur um ljósmyndir

Í kvöld munu tveir bandarískir ljósmyndarar halda fyrirlestur um verk sín. Fyrirlesturinn hefst kl. 12.00 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands. Fyrirlesarar eru Linda Connor og Lonnie Graham.

Linda Connor er kennari við San Francisco Art Institute og nokkuð vel þekkt innan þess geira sem hefur áhuga á fagurfræðilegri ljósmyndun. Hún hefur ferðast víða og rannsakað framandi menningarheima en á Íslandi er hún nú í rannsóknum á landslagi og hefur farið víða um land undanfarið mánuð. Hún notar 8x10 tommu myndavél, kontaktprentar myndir sínar á POP-pappír og gulltónar síðan.

Lonnie Graham kennir við Penn State School of Visual Arts í Pennsylvaníu. Hann hefur víða myndað fólk og tekið viðtöl við það. Hann leggur áherslu á arfleifð, trú og síðvenjur viðmælanda sinna.



> Ekki missa af ...

Dauða trúðsins í endurflutningi á vef RÚV en fyrsti þátturinn rann út í gær. Hina má heyrna þar í endurvarpi en röðinni sem byggist á sakamálasögu Árna Þórarinssonar lýkur ekki fyrr en 29. ágúst. Þeir eru fluttir alla virka daga kl. 13.

NÝJAR BÆKUR

Mál og menning sendi frá sér í vor skáldsöguna **Laxveiðar í Jemen** eftir Paul Torday. Þetta er fyrsta skáldsaga höfundar og hún hefur vakið mikla lukku erlendis, enda er hér um að ræða einstaklega myndna, spennandi og hjartnæma sögu. Bókin kemur út beint í kilju og það er Sólvi Björn Sigurðsson sem þýðir.



Í bókinni segir frá vellauðugum fursta frá Jemen, sönnnum hugsjónamanni, sem telur laxveiðar til þess fallnar að efla samlyndi og frið. Hann vill því gera

landsmönnum sínum kleift að stunda þessa mannbætandi íþrótt í heimahögum. Verkefnið er risavaxið og byltingarkennt, og inn í það fléttast pólitik, trú og ást, svo ekki sé minnst á vísindaleg afrek og duttlunga náttúrunnar.

Ljóðahátíð í ríki sjoppunnar

Sex erlend skáld og tólf íslensk lesa í ljóðapartíum á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins og taka þátt í umræðum með Birnu Bjarnadóttur og Ármanni Jakobssyni í Norræna húsinu á Fjórðu alþjóðlegu ljóðahátíð Nýhils sem hefst á föstudag. Glæsilegt þýðingarit verður gefið út samhliða hátíðinni, sem stendur fram á sunnudag.

Nýhil efnir til hátíðarhalda um ljóðið í fjórða sinn og fer hún fram í Norræna húsinu og á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins og er dagskráin metnaðarfull og spennandi. Um er að ræða einu íslensku hátíðina þar sem ljóð eru í brennidepli, en hún hefur þegar skipað sér sess sem framsækinn listviðburður í íslensku menningarlífi. Hún var haldin í fyrsta sinn 2005 og hafa skipuleggjendur lagt sérstaka áherslu á að leiða saman íslenska og erlenda ströuma í ljóðlist, auk þess sem frjótt samspil við aðrar listgreinar hefur verið í fyrir-rúmi.

Erlendir gestir hátíðarinnar að þessu sinni eru þau Nina Søs Vinther (Danmörk), Ida Börjel (Svíþjóð), Hanno Millesi (Austurríki), Ann Cotten (Þýskaland), Süreyya Evren (Tyrkland) og Morten Søkilde (Danmörk).

Þá munu eftirtalin íslensk skáld koma fram á hátíðinni: Kristín Svava Tómasdóttir, Kári Páll Óskarsson, Ingólfur Gíslason, Eiríkur Örn Norðdahl, Haukur Már Helgason, Kristín Eiríksdóttir, Linda Vilhjálmsdóttir, Jón Örn Loðm-



BÓKMENNTIR Kristín Eiríksdóttir skáldkona, er listrænn stjórnandi ljóðahátíðar Nýhils sem hefst á föstudagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

fjörð, Örvar Þóreyjarson Smárason, Ófeigur Sigurðsson, Una Björk Sigurðardóttir og Ragnar Ísleifur Bragason.

Glæsilegt rit verður gefið út í tilefni hátíðarinnar með þýðingum á verkum íslenskra og erlendra þáttakenda. Ritinu er ætlað að efla kynningu á skrifum ljóðskáldanna, en í því birtast í fyrsta sinn enskar þýðingar á verkum marga íslenskra ungskálda. Kári Páll Óskarsson, skáld og nemi í þýðingafraði, er ritstjóri þýðinga- og dagskrártritsins. Hönnun þess annast myndlistarkonan Sara Riel, en frágangur bókarinnar verður bæði óhefðbundinn og metnaðarfullur.

Dagskrá hátíðarinnar samanstendur af tveimur ljóðapartíum, föstudags- og laugardagskvöld, sem standa frá 20:00 til 23:00. Bæði fara þau fram á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins, en

seinna partíðið er hluti af dagskrá menningarnætur í Reykjavík. Ólöf Arnalds leikur tónlist á föstudagskvöldinu, en útskriftarnemar í fræðum og framkvæmd við Listaháskóla Íslands munu ramma inn dagskrána með óvæntum uppkomum bæði kvöldin.

Ekki síður mikilvægur hluti dagskrárinnar eru pallborðsumræður þar sem landsins rósingruðustu bókmenntafræðingar, þau Birna Bjarnadóttir og Ármann Jakobsson, mun rekja garnirnar úr ungum rithöfunum um skáldskap þeirra. Umræðurnar fara fram milli 13 og 14.30 á laugardegnum, í Norræna húsinu, og eru einnig hluti af dagskrá menningarnætur. Milli 18 og 19 sama dag verður einnig stuttur upplestur norrænna ljóðskálda í Norræna húsinu. Í fyrri lotu munu Ármann og skáldin beina umræðum í far-

veg útfra tveimur spurningum: Í fyrsta lagi er spurt: leitar ljóðlistin ávallt að nýjum byrjunarreit? Í öðru lagi er spurt: Er ljóðlist samtímans síður ljóðræn en ljóðlist fortíðarinnar? Í pallborði fyrri lotu sitja þau Ann Cotten (Austurríki), Nina Søs Vinther (Danmörk), Süreyya Evren (Tyrkland) og Haukur Már Helgason. Seinni lota pallborðsumræðna hefst að loknu örstuttu kaffihléi, en þar verður spurt: Hvert er rými listarinnar í Ríki sjoppunnar á tíma kapítalískrar neysluhyggju? Birna Bjarnadóttir mun kría svör út úr þessum skáldum: Ida Börjel (Svíþjóð), Morten Søkilde (Danmörk), Eiríkur Örn Norðdahl og Kristín Eiríksdóttir.

Hátíðinni lýkur sunnudaginn 24. ágúst með málþingi um óháða útgáfustarfsemi og ljóðabókaútgáfu á alþjóðavísu. Þátttakendur í umræðum verða þau Süreyya Evren og Nina Søs Vinther, en þau hafa bæði komið að útgáfumálum í sínum heimalöndum. Nina hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra rithöfundaforslagsins Arena sem hefur verið leiðandi í ljóðabókaútgáfu í Danmörku, en býr að áratuga hefð sem framsækið bókaforlag undir beinni stjórn starfandi rithöfunda. Staður og nákvæmur tími málþingsins verða auglýst innan skamms.

Listrænn stjórnandi fjórðu alþjóðlegu ljóðahátíðar Nýhils er Kristín Eiríksdóttir, en framkvæmdastjóri er Viðar Þorsteinson. Hátíðin er haldin í samstarfi við Norræna húsið og Reykjavíkurborg, en nýtur einnig stuðnings frá Clara Lachmanns fond og Prentsmiðjunni Odda. Dagskrá hátíðarinnar í heild má sjá á <http://nyhil.blogspot.com/>

ppb@frettabladid.is

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:

553 5600

rafsol@rafsol.is



RAFSÓL

Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

I

LAUGUNIN

Lögmál 1: Bikarinn skal vera tandurhrein, þveginn upp úr fitulausri sápu og skolaður í köldu vatni þar til hann nær sama hitastigi og ölið. Þannig verður froðan þéttari og heldur hvítum hlífiskildi sínum lengur yfir hinum dýrmæta vökvu. Minnstu óhreinindi geta spillt fyrir og mengað fullkomin bragðgæði Stella Artois.



II

GULLGERÐIN

Lögmál 2: Þegar byrjað er að hella er bikarinn hallað um 45 gráður. Þá sjáum við hvernig dýrmætur vökvinn hringar sig ofan í bikarinn og myndar iðuna sem er galdurinn við fljótandi gullgerðarlist. Þegar ölið kemst í samband við súrefni myndast smám saman þétt froða sem innsigliar innihaldið og verndar það frá fyrsta sopa til hins síðasta.



III

KRÝNINGIN

Lögmál 3: Þegar bikarinn, sem hingað til hefur hallað um 45 gráður, hefur verið fylltur að þremur fjórðu skal hann réttur við. Með jafnri hreyfingu er hann samtímis færður niður frá flöskuopi um sem nemur hæð bikarins. Þannig krýnum við ölið þéttu froðu sem skýlir innihaldi bikarins og tryggir ferskleika og líf þessa fljótandi gulls.

Dj Platur á vefsíðu MTV

> Vissir þú

Leikkonan **Christina Applegate** greindist með brjóstakrabbamein fyrir stuttu. Nú segir leikkonan að búið sé að fjarlægja meinið og hún sé við að ná fullri heilsu á ný.



Heimildarmynd Ragnildar Magnúsdóttur, From Oakland To Iceland, hefur verið tekin til sýninga á vefsíðu skandinavísku MTV-stöðvarinnar. Hún fjallar um heimkomu bróður Ragnildar, DJ Platur, eða Illuga, til Íslands eftir 25 ára fjarveru.



ÁNÆGD MEÐ VIÐTÖKUR From Oakland To Iceland er í sýningu á síðu skandinavísku MTV-stöðvarinnar.

netið, ég var á Íslandi og hann í Bandaríkjunum," útskýrir hún. „Svo er þetta í raun tónlistarheimildarmynd, það er tal og tónlist í gangi allan tímann, svo það á mjög vel við að sýna hana á síðunni.“

Hún áformar að sýna myndina á heimaslóðum í Oakland líka, en segir framtíðina svo óráðna. „Við erum að vinna í dreifingar- og markaðsmálum,“ segir Ragnildur.

Myndina má sjá á slóðinni www.mtv.dk undir „konkurrencer“ - sun

fólk

folk@frettabladid.is



HALLGRÍMSKIRKJA Yrkisefni biskups.

Biskup semur ljóð

„Dó ég geti lítið sem ekkert gert - þá get ég hugsað,“ segir Pétur Sigurgeirsson biskup.

Pétur, sem fæddur er árið 1919, var svo vinsamlegur að lána Fréttablaðinu nýlegt ljóð eftir sig til birtingar. „Þetta er lítið ljóð um stórmeningarmál eða réttara sagt heilaga trú.“

Pétur segist aðspurður hafa fengist talsvert við ljóðagerð þó ljóst megi vera að biskupi er ekki tamt að hreykja sér. „Ég er nefnilega kominn með dálítið mikið safn. En veit ekki hvað verður úr því. Hvort það verður gefið út eftir minn dag?“

Pétur er ern vel þrátt fyrir háan aldur og nú ættu náttúrulega góðir menn að leggjast á árar og stuðla að útgáfu á kveðskap biskups. En hér fer sem sagt nýtt ljóð þar sem Pétur yrkir um Hallgrímskirkju og almættið.

- jbg



„Ó, LANDS VORS GUÐ!“ (M. JOCH.)

(Lag: Guðs kirkja er byggð á bjargi.)

Sjá hæst rís Hallgrímskirkja mót himni - auðkennd þjóð. Þinn vilja Guð að virkja svo vaki hugsun góð. Í heimi mörg er mæðan og magnar illt þá flest, á ráð við því Fjallræðan af ræðum öllum best.

Þjört sólin geislar geiminn, en Guðs Son dagljóst mál: Guð ER - sinn elskar heiminn þar ertu í trú hans sál. Með forsjá kirkju fyrstur og fann þig - er oss hjá, því hér er kominn Kristur með kærleik Guði frá.

Pétur Sigurgeirsson biskup

PÉTUR SIGURGEIRSSON BISKUP Segir að þó hann geti lítið orðið gert geti hann hugsað.

BÍLAOUTLET

BÍLAMARKAÐUR ÁRSINS!

Lagerlosun á úrvals varahlutum!

FYRSTIR KOMA, FYRSTIR FÁ!

Sérstakir LAND ROVER partar í dag. Prúttaðu og sparaðu!



Opið fram á kvöld mán - fim: 12-21!

Tjarnarvöllum 3, Hafnarfirði. Sími: 575 12 30.
Opið: mán-fim 12-21, fös 12-18, lau 12-16.



BÍLAOUTLET



IV AFHÖFÐUNIN

Lögmál 4: Bikarinn er fullur og froðutoppurinn rís upp yfir brúnina. Þá er froðusveðjan tekin. Henni er beint frá líkamanum og strokið lárétt með 45 gráðu halla, hársbreidd yfir brúninni. Stærstu loftbólurnar hafa leitað efst í froðuna og mistakist þetta skref munu þær springa þeim afleiðingum að froðan fellur hratt. Án froðunnar er ölið varnarlaut og verður flatt á skammri stundu.



V DÓMURINN

Lögmál 5: Að lokum verður að tryggja að froðutoppurinn sé af nákvæmlega rétttri þykkt. Fullkominunin felst í smáatriðunum: Í 33 cl bikar skal froðan vera nákvæmlega 3 cm. Hvorki meira né minna. Þetta samsvarar samanlagðri breidd vísifingurs og löngutangar þess sem njóta skal.



Rýmingarafsláttur
350.000 kr.



Ford Focus Trend

1,6i 100 hö 150 Nm 5 gíra station
Rýmingarverð 2.570.000 kr.*
4 bílar á þessu tilboði.



Ford Mondeo Titanium

2,0i 145 hö 185 Nm 5 gíra 5 dyra
Rýmingarverð 3.560.000 kr.*
2 bílar á þessu tilboði.

Rýmingarafsláttur
300.000 kr.



Ford Fiesta Trend

1,4i 80 hö 124 Nm 5 gíra 5 dyra
Rýmingarverð 1.830.000 kr.*
5 bílar á þessu tilboði.



Ford S-MAX Trend Dísil

2,0TDCi 130 hö 340 Nm sjálfskiptur 7 manna
Rýmingarverð 4.650.000 kr.*
2 bílar á þessu tilboði.

Rýmingarafsláttur
580.000 kr.

Rýmingarafsláttur
530.000 kr.

Nýtt í Brimborg

Rýming

Rýmum fyrir nýjum lager

Kauptu núna. Brimborg grisjar lagerinn fyrir nýjar pantanir.

Reynslan sýnir að bílakaupendur velja traust bílamerki og örugga þjónustu á tímum samdráttar. Bílasala Brimborgar hefur gengið vel og hefur fyrirtækið aukið hlutdeild sína á markaði. Núna vill Brimborg grisja lagerinn fyrir nýjum pöntunum – nýjum sendingum af bílum. Komdu í Brimborg í dag og gerðu betri kaup á völdum bílum. Vertu á öruggum stað. Komdu á rýmingarsölu Brimborgar á nýjum bílum í dag.

Rýmingarafsláttur
459.000 kr.



Volvo S40 S R-Design

1,6i 100 hö 150 Nm 5 gíra 4 dyra
Rýmingarverð: 3.190.000 kr.*
2 bílar á þessu tilboði.



Volvo C30 S Dísil

1,6D 109 hö 230 Nm 5 gíra Coupe
Rýmingarverð 3.190.000 kr.*
1 bíll á þessu tilboði.

Rýmingarafsláttur
458.000 kr.



Volvo XC90 SE+ Dísil AWD

2,4 D5 185 hö 400 Nm sjálfskiptur 7 manna
Rýmingarverð 7.990.000 kr.*
1 bíll á þessu tilboði.

Rýmingarafsláttur
1.168.000 kr.



Volvo V70 SE Dísil AWD

2,4 D5 185 hö 400 Nm sjálfskiptur station
Rýmingarverð 5.790.000 kr.*
1 bíll á þessu tilboði.

Rýmingarafsláttur
819.000 kr.

Com & Volvo Public Relations Islandi


visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Rýmingararfafláttur
720.000 kr.



Ford Mustang GT Premium Luxury

5,4i 300 hö 433 Nm sjálfskiptur Coupe
Rýmingarverð 4.770.000 kr.*
2 bílar á þessu tilboði.

Rýmingararfafláttur
570.000 kr.



Ford Escape Limited AWD

3,0i V6 200 hö 261 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Rýmingarverð 3.980.000 kr.*
3 bílar á þessu tilboði.



Ford F-150 King Ranch Luxury 4x4

5,4i V8 300 hö 495 Nm sjálfskiptur 4 dyra
Rýmingarverð 4.850.000 kr.*
1 bíll á þessu tilboði.



Ford Explorer Sport Trac Limited Luxury 4x4

4,6i V8 292 hö 406 Nm sjálfskiptur 4 dyra
Rýmingarverð 3.990.000 kr.*
2 bílar á þessu tilboði.

Rýmingararfafláttur
640.000 kr.

Rýmingararfafláttur
730.000 kr.

100% fjármögnun
Brimborg lánar þér fyrir nýjum bíl

arsala

Komdu í
Brimborg
í dag

í dag

Rýmingararfafláttur
460.000 kr.



Mazda3 Advance Plus

1,6i 105 hö 145 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Rýmingarverð 2.540.000 kr.*
4 bílar á þessu tilboði.



Mazda5 Advance

2,0i 146 hö 185 Nm sjálfskiptur 7 manna
Rýmingarverð 2.640.000 kr.*
3 bílar á þessu tilboði.

Rýmingararfafláttur
700.000 kr.

Mazda6 Advance

2,0i 147 hö 184 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Rýmingarverð 3.090.000 kr.*
4 bílar á þessu tilboði.



Mazda MX-5 Roadster

2,0i 160 hö 188 Nm 5 gíra Coupe
Rýmingarverð 3.240.000 kr.*
1 bíll á þessu tilboði.

Rýmingararfafláttur
490.000 kr.

Rýmingararfafláttur
770.000 kr.



Citroën C4 Grand Picasso Comfort Dísil

1,6HDi 110 hö 240 Nm sjálfskiptur 7 manna
Rýmingarverð 3.229.000 kr.*
3 bílar á þessu tilboði.

Rýmingararfafláttur
750.000 kr.



Citroën C5 SX Dísil

2,0HDi 138 hö 320 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Rýmingarverð 3.369.000 kr.*
1 bíll á þessu tilboði.

Rýmingararfafláttur
700.000 kr.



Citroën C4 Picasso Comfort Dísil

1,6HDi 110 hö 240 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Rýmingarverð 2.999.000 kr.*
1 bíll á þessu tilboði.

Rýmingararfafláttur
500.000 kr.



Citroën C2 VTS

1,6i 125 hö 147 Nm 5 gíra 3 dyra
Rýmingarverð 1.890.000 kr.*
1 bíll á þessu tilboði.



Öruggur staður til að vera á

Nýtt í bíó LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

THE ROCKER kl. 4, 6, 8 og 10.15 7
GET SMART kl. 4, 6, 8 og 10.15 L
WALL-E - ÍSLENSKT TAL kl. 4 og 6 L
THE DARK KNIGHT kl. 10.15 12

SÝNINGARTÍMAR

SAMBÍÓNN

Ekki missa af skemmtilegustu gamannmynd sumarsins

STERSTA OPUNIN Á ÍSLANDI FYRR OG SÍÐAR

62.000 manns á 27 dögum

SMÁRA BÍÓ ALFABAKKA	SELFOSS
STAR WARS kl. 3:40D - 5:50D - 8 - 10:20 L	STAR WARS m/isl. tali kl. 5:40 - 8 L
GET SMART kl. 5:50 - 8D - 10:20D L	GET SMART kl. 8 - 10:20 7
THE MUMMY 3 kl. 5:50 - 8 - 10:20 12	MAMMA MÍA kl. 5:40 L
DARK KNIGHT kl. 5 - 8 - 10:50 12	DECEPTION kl. 10:40 14
DARK KNIGHT kl. 5 - 8 - 10:50 VIP	AKUREYRI
WALL-E m/isl. tali kl. 3:40 L	STAR WARS kl. 6 - 8 L
MAMMA MÍA kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 L	GET SMART kl. 8 - 10 L
KUNG FU PANDA m/isl. tali kl. 3:40 L	WALL-E, m/isl. tali kl. 6 L
GET SMART kl. 5:40D - 8D - 10:20D L	THE MUMMY 3 kl. 10:20 12
STAR WARS kl. 4D - 6:20D L	KEFLAVÍK
DARK KNIGHT kl. 8:30 12	STAR WARS kl. 5:45 - 8 L
WALL-E m/isl. tali kl. 3:40D L	GET SMART kl. 8 - 10:20 L
WALL-E m/ensku tali kl. 5:50 - 8 - 10:10 L	WALL-E m/isl. tali kl. 5:45 L
KUNG FU PANDA m/isl. tali kl. 3:40 L	THE BANK JOB kl. 10:10 16

NÝTT Í BÍÓ!

Frá leikstjóra Full Monty

THE ROCKER

TIL AÐ FINNA SANNALEIKANN VERÐUR ÞU AÐ TRÚA!

THE X-FILES

MULDER OG SCULLY ERU MÆTT AFTUR Í FRÁBÆRRI SPENNUMYND Í ANDA ÞÁTTANNA.

SKRAPP ÚT

MAMMA MÍA!

WALL-E

MUMMY

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

THE ROCKER	kl. 5:40 - 8 - 10:20	7
X-FILES	kl. 8 - 10:20	16
SKRAPP ÚT	kl. 3:30 - 8 - 10	12
THE LOVE GURU	kl. 4 - 6	12
WALL-E ISL. TAL	kl. 3:30D - 5:45D	L
MAMMA MÍA	kl. 5:30D - 8D - 10:30D	L
MAMMA MÍA LÚXUS	kl. 5:30D - 8D - 10:30D	L
THE MUMMY 3	kl. 3:30D	12

HÁSHOLA BÍÓ Sími 530 1919

THE ROCKER	kl. 5:30 - 8 - 10:30	7
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 8 - 10	12
THE DARK KNIGHT	kl. 6 - 9	12
MAMMA MÍA	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L

REGNBÖGINN Sími 551 9000 **650 kr.**

SUMARTILBOÐ

X-FILES	kl. 5:40 - 8 - 10:20	16
LOVE GURU	kl. 6 - 8 - 10	12
THE STRANGERS	kl. 6 - 8 - 10	16
MAMMA MÍA	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

X-FILES	kl. 6 - 8 - 10:10	16
SKRAPP ÚT	kl. 10:10 Síbasta sýning	12
MAMMA MÍA	kl. 6 - 8	L

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞU KAUPIR BÍÓMIDANN Á **mid.is**

Nútíma Grimms-ævintýri

Barnaplatan Sagan af Eyfa (bönnuð börnum) er komin út með Stórsveit Guðmundar Inga. Platan inniheldur sextán frumsamin lög og texta eftir Guðmund Inga Þorvaldsson og er ætluð fyrir alla aldurshópa.



GUÐMUNDUR INGI ÞORVALDSSON Guðmundur Ingi hefur gefið út barnaplötuna Sagan af Eyfa (bönnuð börnum).

Fjörutíu blaðsíða bók fylgir með plötunni, myndskreytt af Ragnhildi Jóhannsdóttur. „Það var algjört spennufall þegar ég fékk hana. Þetta er búinn að vera tveggja ára „prósess“,“ segir Guðmundur Ingi um plötuna. „Þetta er fyrsta platan sem ég „próduera“ frá a til ö. Þetta er búin að vera rosalega hollt ferli fyrir mig því ég hef hingað til verið að „performera“ eða verið áhorfandi að ferlinu sjálfu. Þetta hefur verið gríðarlega gaman.“

Tileinkað börnum

Platan segir sögu Eyfa, Eyjólfsson Hinriksson, frá því að hann fæðist, þangað til hann verður 15 ára gamall. Þetta er nútíma Grimms-ævintýri sem er tileinkað börnum sem eiga eða áttu svo ágæt að þau geta ekki eða gátu ekki búið heima hjá sér.

Auk Guðmundar Inga koma meðal annars fram á plötunni þau Árni Beinteinn Árnason, Bubbi Mortens, Selma Björnsdóttir, Þórunn Lárusdóttir og Ólafur Darri Ólafsson.

Plötur með söguþræði

Spurður segist Guðmundur ætla að sjá til hvort söngleikur verði

gerður í framhaldinu. „Ég ætla að klára þetta ferli fyrst. Ég er fæddur og uppalinn í sveit og fór rosalega lítið í leikhúsið en ég átti allar plötur. Þær voru minn innblástur, plötur sem voru með söguþræði og með myndir á umslögnum,“ segir hann og bætir því við að hvert lag fái sína opnu í bókinni sem fylgir með. frey@frettabladid.is

Misheppnuð endurlífgun

Fox Mulder og Dana Scully snúa aftur til starfa hjá FBI til að rannsaka hvarf eins útsendara, og eina vísbendingin er fyrrverandi prestur sem virðist búa yfir skyggni-gáfu.

Svo hljóðar söguþráðurinn í spánýrri X-Files-ráðgátu, framhaldi af samnefndum sjónvarpsþáttum frá árunum 1993-2002, með sama yfirnáttúrulega þema. Ein X-Files-mynd hefur þegar komið út, árið 1998, en ólíkt henni og þáttunum almennt er í þessari nýju mynd ekkert að finna um geimverur, fljúgandi diska og ríkisstjórnarsamsæri. X-Files: I Want to Believe er í anda þeirra þátta sem voru sjálfstæðir og fjölluðu um ákveðið sakamál.

Nýja myndin hefst með ágætum og framan af eru Mulder og Scully í góðum gír við að rannsaka málið

og velta vöngum yfir hvort leggja eigi mark á prestinn skyggna. Gillian Anderson og David Duchovny hafa engu gleymt þegar kemur að persónum sínum og samspili þeirra; Scully er sú rökfasta en Mulder sá sem vill trú á hið yfirnáttúrulega.

En eftir það stöðvast einhvern veginn meginframvindan og myndin fer að snúast um úþynntar og leiðingjarnar umræður á milli Mulders og Scully og ótrúlega lélegan söguþráð sem snýr að því að Scully vilji bjarga lífi eins sjúklingsins síns. Eins ágæt og myndin var fer nú allt í vaskinn og ekki bætir slappur endir úr skák.

Í rauninni virðist söguþráður myndarinnar sæma sjónvarpinu betur - myndin er líkt og langur, úþynntur X-Files-þáttur. Þessi tilraun til að endurlífga X-Files er misheppnuð og er líklegri til að



KVIKMYNDIR

The X-Files: I Want To Believe
Leikstjóri: Chris Carter


★★

Byrjar ágætlega en missir fljótlega dampinn. Líkist helst löngum, úþynntum X-Files-sjónvarpsþætti.

binda enda á þetta fyrirbæri fyrir fullt og allt. **Loftr Ingi Bjarnasson-Topp5.is**

ENSK ~ ÍSLENSKA ORÐABÓKIN

- Um 40.000 uppflettiorð og fjöldi notkunardæma
- Ýtarlegar málfræðiupplýsingar auk fróðleiks um notkun, málsnið og merkingarsvið
- Sérstök áhersla lögð á ný og mikilvæg þekkingarsvið, t.d. upplýsingatækni og viðskipti



JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

SKÓLATILBOÐ
7.490 KR.
(Fullt verð 8.430 KR.)

OPIÐ FRÁ 11 - 01 VIRKA DAGA
OG 11-05:30 UM HELGAR



STEAK AND PLAY

SPORT CLUB

GOLF HERMIR

STEIKHÚS

PLAYSTATION

ALLAR AÐAL

SPORTRÁSIR HEIMS

**HEIMSKLASSASTAÐUR
Á FRÓNÍ**

OPNUM 22.08.08

Grensásvegi 5-7 - Sími 553 4030

steakandplay.is - steakandplay@steakandplay.is

>Hlutirnir þróast hratt hjá Jóhanni Berg

Hinum sautján ára Jóhanni Berg Guðmundssyni hefur skotið upp á stjórnuhimininn með Breiðablik í Landsbankadeildinni í sumar. Framherjinn ungi hefur leikið mjög vel og var verðlaunaður með sæti í landsliðshópnum fyrir leikinn gegn Aserbaidsjan. „Þetta er búið að gerast svolítið hratt. Ég kom inn í meistara-flokkinn hjá Breiðabliki í byrjun apríl og ég hef bara spilað einu sinni með U-21 árs landsliðinu og hef ekkert verið með yngri landsliðunum. Það er annars mjög skemmtilegt að vera hluti af þessu núna og ég er að læra heimikið af þessu. Ég vonast svo auðvitað til þess að fá tækifæri gegn Aserum,“ segir Jóhann Berg brattur.



sport
sport@frettabladid.is

LANDSLIÐSPJÁLFAFINN ÓLAFUR JÓHANNESSON: HELDUR ÁFRAM AÐ ÞRÓA LEIK ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS Í KVÖLD

Leggjum meiri áherslu á sóknarleik gegn Aserum

Karalandslið Íslands í fótbolta leikur vináttulandsleik gegn Aserbaidsjan í kvöld kl. 19.45 á Laugardalsvelli en þetta er síðasti leikur liðsins fyrir undankeppni HM 2010. Landsliðspjálfafrinn Ólafur Jóhannesson hefur gefið mörgum leikmönnum tækifæri til þess að sanna sig en alls hafa þrjátíu og níu leikmenn komið við sögu í þeim sjö leikjum sem hann hefur stýrt liðinu.

„Ég er núna að mestu leyti búinn að prófa það sem ég ætlaði að prófa. Ég er annars sér í lagi ánægður með alla þessa ungu stráka sem hafa komið inn í hópinn hjá mér og staðið sig vel,“ segir Ólafur.

Ólafur gaf það út þegar hann tók við liðinu að hann myndi leggja höfuðáherslu á varnarleikinn og hann er sáttur við afriksturinn til þessa.

„Við höfum lagt í mikla vinnu við að bæta varnarleikinn og ég hef verið ágætlega sáttur við hverju það hefur skilað upp á síðkastið. Við munum því leggja aðeins meiri áherslu á sóknarleikinn gegn Aserum og færa okkur framár á völlinn og sjá hvernig til tekst. Ég tel að Aserar komi til



með að leika svipaðan bolta og Makedóníumenn og það á vonandi eftir að nýtast okkur að hafa mætt þeim þegar kemur í undankeppnina,“ segir Ólafur en nýsnarar á vegum landsliðsins verða að störfum í kvöld til þess að fylgjast með mótherjum Íslands í undankeppninni. Kristján Guðmundsson verður á leik Lúxemborgar og Makedóníu, Leifur Garðarsson verður á leik Skotlands og N-Írlands og Rúnar Kristinsson fylgist með mótherjum Íslands í fyrsta leik undankeppninnar, Norðmönnum, taka á móti Írlandi.

Norskir fjölmiðlar hafa annars hneykslast mjög undanfarið og spurt af hverju Veigar Páll Gunnarsson sé ekki í landsliðshóp Íslands og Ólafur skilur hneykslun þeirra að mörgu leyti.

„Ég hef reyndar ekki séð umfjöllunina en spurningin sem slík á alveg rétt á sér. Veigar Páll hefur staðið sig frábærlega í Noregi og er líklega einn af bestu leikmönnum þar. Ég valdi hann ekki núna en það er ekkert sem segir að ég velji hann ekki fyrir Noregsleikinn,“ segir Ólafur.

VIÐ PRENTUM Á GOLFBOLTA

Ný kúla

Dimplit 1070

Ef þú kaupir 120 bolta þá er prentunin frí.

Golfgjafavörur. Verðlaunagripir.

HÖFUM EINNIG Á LAGER:

BRIDGESTONE
TILKIST
NIKE

MARKO MERKI

AUGLÝSINGAVÖRUR
www.marko.is/565-1999

Landsliðsmennirnir Jón Arnór Stefánsson og Jakob Örn Sigurðarson ætla að spila með KR-liðinu í vetur:

Hafa ekki haldið jólin á Íslandi í átta ár

KÖRFUBOLTI KR-ingar fengu engan smá liðsstyrk í körfuboltanum í gær þegar tveir bestu körfuboltamenn þjóðarinnar, Jón Arnór Stefánsson og Jakob Örn Sigurðarson, tilkynntu að þeir myndu spila með KR í vetur. Báðir segja þeir ástæðuna vera að þeir séu orðnir leiðir á flökkulífi atvinnumannsins og vilji fá tækifæri til að rækta sambandið við fjölskyldu og vini. Þeir ætla báðir að klára þetta tímabil í Vesturbænum og ekkert freistandi tilboð breyti því.

„Þetta er eitthvað sem ég er að gera fyrir sjálfan mig. Mig langar að vera heima og lifa eðlilegu lífi. Taka eitt ár í frí frá þessu atvinnumannalífi,“ segir Jón Arnór. „Ég ætla að setjast á skólabeck og klára stúdentinn í Háskóla Reykjavíkur,“ segir Jón Arnór og telur hann að Jakob sé á svipuðum stað.

„Þú gætir alveg verið að tala við Kobba eins og mig. Við erum ekki búnir að vera heima um jólin í átta ár sem er bara fáránlegt. Þetta snýst því mikið um mína fjölskyldu og vini. Ég þarf að rækta sambandið við þau og sjálfan mig í leiðinni. Þetta er skemmtilegt fyrir KR og



SAMAN Í KR Jón Arnór Stefánsson og Jakob Örn Sigurðarson ásamt Bóðvari Guðjónssyni, formanni körfuknattleiksdeildar KR.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

íslenskan körfubolta.“

„Það er alltaf pressa á KR að vinna,“ segir Jón Arnór aðspurður, „og þetta breytir því litlu, en ætli það verði ekki að viðurkennast að pressan er kannski aðeins meiri núna.“

Jakob er á sama máli. „Þetta eru mjög góðar

fréttir fyrir KR. Þarna eru tveir komnir aftur sem ólust upp hjá félaginu en fóru svo út. Ég held að þetta sé mjög gott fyrir KR. Það er frábært að fá að spila með Jóni Arnóri í KR. Hann er frábær leikmaður og það verður mjög gaman að spila með honum og öllu hinum gömlu félögnum. Við ákváðum þetta samt sitt í hvoru horninu og við vorum ekkert búnir að tala saman um að koma heim,“ segir Jakob.

Benedikt Guðmundsson, þjálfari liðsins, var líka kátur. „Þetta var góð afmælisgjöf á 36 ára afmælisdeginum. Ég var örugglega jafn hissa og flestir hérna í dag fyrir svona fimm, sex dögum síðan og mér leist ekkert á það til að byrja með því hann [Jón Arnór] á að vera að spila í toppdeildum. Svo þegar við ræddum málin betur og fórum yfir það sem hann var að hugsa og spá þá var þetta bara rakið,“ segir Benedikt, en hvað tekur við eftir þetta ár.

„Ég hef engar áhyggjur af Jóni því hann er það stórt nafn í Evrópu og ég hef bullandi trú á því að þeir fari báðir út í ekki minna dæmi en þeir hafa verið í.“

- 66j

Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson Seljakirkju

Séra Ólafur er óforbetranlegur stuðningsmaður íslenska landsliðsins í fótbolta; hefur þá trú að liðinu sé ekkert um megn og geti allt!

Væri ekki gaman að fylla Laugardalsvöll af fólki eins og Ólafi í kvöld?





ÓGILT Tvö af þremur köstum Ásdísar voru ógild. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ásdís Hjálmsdóttur gekk illa: Það var rosalega sárt að kasta

PEKING 2008 Frjálsíþróttafólkið lauk keppni á Ólympíuleikunum í gær þegar spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir féll úr keppni. Ásdís náði sér engan veginn á strik sökum meiðsla. Tvö fyrstu köstin hennar voru í kringum 45 metra og hún gerði því viljandi ógilt. Síðasta kastið hennar var upp á 48,59 metra og lét hún það kasta standa eftir nokkra umhugsun.

„Mér líður nú ekkert sérstaklega vel. Hvorki í hendinni né með árangurinn. Olnboginn var alls ekki að halda og ég er að drepast í hendinni. Það var rosalega sárt að kasta spjóttinu,“ sagði Ásdís.

„Ég komst hingað og er fegin að hafa tekið þátt. Nú þarf að fara í það að laga höndina. Ef ég þarf að fara í aðgerð vil ég gera það strax,“ sagði Ásdís en hún segir það engu að síður vera frábæra reynslu að hafa tekið þátt.

„Það var frábært að vera inni á vellinum. Að kasta spjóti er það skemmtilegasta sem ég geri og ég get vonandi æft án meiðsla fram að næstu Ólympíuleikum,“ sagði Ásdís. - hbg

Hittu bæði Maradona og Ronaldinho

Handboltþjálfararnir hittu stórstjórnur á mánudaginn og vonast eftir að það hafi boðað gott fyrir leikinn á móti Póllandi í átta liða úrslitunum handboltakeppni Ólympíuleikanna í nótt.

PEKING 2008 Mánudagurinn var eftirminnilegur hjá handboltþjálfurum Guðmundi Guðmundssyni og Gunnari Magnússyni. Dagurinn byrjaði eldsnemma því leikurinn gegn Egyptum hófst klukkan níu.

Í kjölfarið héldu þeir félagar upp í Ólympíuþorp þar sem þeir rákust á knattspyrnustjórnuna Ronaldinho. Þar á eftir var haldið á sjálfan Kínamúrinn og loks niður í bæ þar sem þeir félagar voru að láta sauma á sig jakkaföt.

Á saumastofunni hittu þeir fyrir engan annan en Diego Maradona sem einnig var að láta sauma á sig föt.

„Þegar við sáum hann fyrst þarna inni trúðum við því vart að þetta væri hann,“ sagði Gunnar léttur spurður um uppkomuna.

„Við létum síðan vaða og fengum mynd af okkur með kappanum. Hann bað í kjölfarið um að ekki yrðu fleiri myndir teknar af



MEÐ RONALDINHO Guðmundur og Gunnar hittu hann í Ólympíuþorpinu og voru fljótir að láta smella af sér mynd með kappanum. MYND/ÚR EINKASAFNI



Á MÚRNUM Guðmundur, Gunnar Magnússon, Einar Þorvarðarson og Brynjólfur Jónsson. MYND/ÚR EINKASAFNI

sér en allir þarna inni vildu eðlilega fá mynd af sér með honum. Þetta var magnað. Vonandi er það fyrirboði um það sem koma skal að hafa hitt heimsmeistara í Peking.“



HENRY BIRGIR GUNNARSSON Skrifar frá Peking henry@frettabladid.is

Einn stærsti leikur strákanna okkar byrjaði snemma í morgun þegar liðið mætti Póllandi í 8 liða úrslitum:

Við megum ekki vera með neitt hálfkák

PEKING 2008 Íslenska landsliðið í handknattleik mætti Pólverjum klukkan 6.15 í morgun í átta liða úrslitum á Ólympíuleikunum. Risaleikur hjá strákunum okkar sem spila til verðlauna náði þeir að leggja Pólverja að velli. Takist það mætir Ísland sigurvegarinum í viðureign Kóreu og Spánar í undanúrslitum.

„Undirbúningur hefur gengið vel. Mikið fundað og svo æft. Það er alveg ljóst að við verðum að



SPENNA Leikir íslenska liðsins hafa tekið á taugar landsliðspjálfrans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

spila mjög vel til þess að vinna þennan leik,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðspjálfrari.

„Þeir voru í auðveldum riðli og ég hef ekki enn séð þá spila af fullum styrk. Þeir hafa eflaust verið að spara orku og eiga mikið inni. Pólverjarnir eru góðir en það erum við líka,“ sagði Guðmundur sem er ekki í vafa um hver lykillinn að sigri sé.

„Vörnin þarf að vera frábær því við erum að taka á móti einni

sterkustu sóknarlínu heims. Það þýðir ekki að vera með neitt hálfkák heldur þarf að fara út í Pólverjana af krafti. Þeir lágu aftarlega gegn okkur síðast og vilja að við skjótum fyrir utan og við verðum að vera klárir í það,“ sagði Guðmundur en allir leikmenn eru heilir heilsu nema Arnór Atlason sem er enn stífur í baki en spilar væntanlega þrátt fyrir það. - hbg



A-LANDSLIÐ KARLA

ÍSLAND - ASERBAÍDSJAN

VINÁTTULEIKUR Á LAUGARDALSVELLI Í KVÖLD KL. 19:45

LEIKUR ÁN FORDÓMA
MasterCard KSI

KSI
Alltaf í boltanum

Alltaf í boltanum með KSI



FORSALA TIL OG MEÐ 19. ÁGÚST
Sæti á rauðu svæði kr. 3.000
Sæti á bláu svæði kr. 2.000
Sæti á grænu svæði kr. 1.000

MÍÐAVERÐ Á LEIKDAG 20. ÁGÚST
Sæti á rauðu svæði kr. 3.500
Sæti á bláu svæði kr. 2.500
Sæti á grænu svæði kr. 1.500

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum. Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn. Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við aðgönguhlíð.

Áhorfendur á rauðu og grænu svæði ganga inn um aðgönguhlíð í vesturstúku. • Áhorfendur á bláu svæði ganga inn um aðgönguhlíð við austurstúku við Valbjarnarvöll.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.45
Hotel Babylon

Lífið á Hotel Babylon gerist skrautlegra og meira spennandi með hverri þáttaröðinni. Þættirnir gerast á hóteli fina og fræga fólksins í London. Charlie Edwards er þar orðinn hóteltjóri og sér til þess hvern dag að starfsfólkið hafi hugann við það þrennt sem öllu máli skiptir, þjónustu, þagmælsku og þjófnefni. Þessi þriðja sería sló þeim fyrri við í áhorfi í Bretlandi og þykir hún vera sú besta til þessa.



► **VIÐ MÆLUM MED**
Longford
Stöð 2 bíó kl. 22.00

Vönduð og áhrifarík kvikmynd um Lord Longford sem fékk gervalla bresku þjóðina upp á móti sér þegar hann barðist fyrir auknum réttindum kvenfanga. Það var einkum samúð hans í garð myrarmorðingjans Myru Hindley sem fór fyrir brjóstið á þjóðinni en hún, ásamt elskhuga sínum Ian Brady, var dæmd fyrir morð á fjórum börnum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- | | |
|---|--|
| 06.05 Morgunvaktin | 15.03 Útvarpssagan: Hafborg |
| 06.50 Bæn | 15.30 Heimsauga |
| 07.30 Fréttayfirlit | 16.00 Síðdegisfréttir |
| 08.00 Morgunfréttir | 16.13 Flækingur |
| 08.30 Fréttayfirlit | 17.03 Víðsjá |
| 09.05 Okkar á milli | 18.00 Kvöldfréttir |
| 09.45 Morgunleikfimi | 18.25 Spegillinn |
| 10.13 Viltu syngja minn söng? | 19.00 Á sumarvegi |
| 11.03 Samfélagið í nærmynd | 20.00 Leynifélagið |
| 12.00 Fréttayfirlit | 20.30 Tímakorn |
| 12.02 Hádegisútvarp | 21.10 Út um græna grundu |
| 12.20 Hádegisfréttir | 22.12 Orð kvöldsins |
| 12.50 Dánarfrægir og auglýsingar | 22.15 Kvöldsagan: Rósin rjóð |
| 13.00 Hádegisleikhúsið: Dauði trúðsins | 22.45 Saga Blue Note útgáfunnar |
| 13.15 Á sumarvegi | 23.30 Loftbelgur |
| 14.03 Bravó, bravó! | 00.07 Næturtonar |

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (257:260) Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks (258:260)

17.00 Seinfeld (9:24)

17.30 Special Unit 2 (12:19)

18.15 Skins (8:9)

19.00 Hollyoaks (257:260)

19.30 Hollyoaks (258:260)

20.00 Seinfeld (9:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunarsamur og sérvitur.

20.30 Special Unit 2 (12:19) Gaman-samir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftast en ekki eru af yfirmáttúrulegum toga.

► **21.15 Skins** (8:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturfyljaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.

22.00 Canterbury's Law (5:6) Elizabeth Canterbury er eldklár verjandi sem vilur ekki fyrir sér að sniðganga lögin þegar frelsi skjólstæðinga hennar er í húfi.

22.45 Moonlight (13:16) Mick St. John ódauðlegur einkaspæjari sem býr og starfar í Los Angeles. Hann stríðir gegn öllu því sem aðrar vampírir standa fyrir með því að nota yfirmáttúrulega hæfileika sína til að hjálpa hinum dauðlegu.

23.30 Twenty Four 3 (13:24)

00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Mér finnst... Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen.

21.00 Vigtarráðgjafarnir 1.þáttur Umsjón: Kristín V. Óladóttir.

21.30 Hvað ertu að hugsa? Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Gunnlaugur Briem trommuleikari og lagasmiður.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

14.15 NI HAO OL hájdepunkter **15.25** Nyheder på tegnsprog **15.30** Skæg med tal **15.55** Gurli Gris **16.00** NI HAO OL í dag **16.30** TV Avisen **17.00** Chris på Skolebænken **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Når mor skal dø **19.00** TV Avisen **19.25** NI HAO aftenOL **20.20** En sag for Frost **22.00** Onsdags Lotto **22.05** Seinfeld **22.30** En sag for Frost **00.10** Conviction **01.00** NI HAO OL direkte **05.00** NI HAO OL direkte **05.15** Sejlsport og beach volley

NKI

10.00 Sommer-OL í Beijing. Håndball kvartfinalar, menn **11.30** Sommer-OL í Beijing. Friðrett **15.00** Sommer-OL í Beijing. Hájdepunkter fra dagen **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Rupert Bjørn **16.10** Ugler i mosen **16.30** Lure Lucy **16.40** Distriktshyter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sommer-OL í Beijing. OL-studio **18.55** Distriktshyter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Vikinglotto **19.45** House **20.30** Olavsfestdagene **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedde med Madeleine? **22.25** Ein studie i mord **01.00** Sommer-OL í Beijing

SVT 1

10.00 Sommar-OS í Peking **16.00** Lilla syster kanin **16.25** Argfilmen **16.30** Jane och draken **17.00** I hvetet på varann **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Den olympiska stadion **19.30** Olssons studio **20.00** Den hårda linjen **20.50** Rapport **21.00** Sommar-OS í Peking **00.55** Sommar-OS í Peking **04.00** Sommar-OS í Peking

HAUSTNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í SEPTEMBER

Gítarnámskeið fyrir alla!

ATH: Nú er hægt að nota Frístundakortin til að greiða niður námskeið hjá Tónvinnsluskólanum*



Gítarnámskeið fyrir byrjendur

Viltu vera stjarnan í partýinu eða geta spilað lag fyrir ástina þína? Langar þig kannski að stofna hljómsveit? Þetta námskeið er kjörinn byrjunarrettur. Kennsla fer fram í hóptímum þar sem raðað er niður eftir stöðu hvers og eins. Markmið námskeiðsins er að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og kunnir helstu gítargripin.

Lengd námskeiðs: 12 vikur
Aldur: Fyrir alla aldurshópa.

25.000 kr.
niðurgreiðsla fyrir þá sem geta notað Frístundakort ÍTR*

*Nánari upplýsingar á www.itr.is um möguleika Frístundakortsins



Námskeiðin hefjast í september. Kennst verður í Kópavogi, Grafarvogi, Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma líkur og hljóðveri RMP. Skráningar á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is eða í síma 534 9090

Kennarar að þessu sinni eru: Vignir Snær Vigfússon, Gunnar Þór Jónsson og Hafþór Valur Guðjónsson

Fyrir þá sem vilja læra meira

Við bjóðum lengra komnum gítarleikurum upp á einkakennslu þar sem farið er nánar í tækniatriði, hljómfærð og kenndar upphafslínur og þekkt sóló úr lögum flytjenda á borð við Metallica, Led Zeppelin, Nirvana o.fl. Uppbygging gítarsóla og notkun skala er kennd í bland við skemmtileg gítar-"trix". Farið verður í mismunandi "karakter"-tegundir gítara og gítarmagnara og notkun þeirra í hljóðverum.

Lengd námskeiðs: 12 einkatímar
Aldur: Fyrir alla aldurshópa.



TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

FRSKT Í BUDIR Á HVERJUM DEGI



SAMLOKUR

RÆKJUSALAT
HEILSUBITI
ROAST BEEF
SKINKA & SALAT
TÚNFISKSSALAT
KJÚKLINGUR & EGG
HANGIKJÖT & SALAT
KALKÚNN OG TÓMATBRAUD



TORTILLUR

REYKT SKINKA & EGG
TIKKA MASALA KJÚKLINGUR
REYKTUR LAX & EGGJASALAT



LANGLOKUR

OSTUR, GRÆNMETI & SINNEPSSÓSA
SKINKA, OSTUR & SINNEPSSÓSA
KJÚKLINGUR & LÉTTISÓSA
SKINKA, EGG & PÍTUSÓSA
LANGLOKA MÁNAÐARINS
ROAST BEEF



PÍTUBRAUD

REYKT SKINKA & EGG
TIKKA MASALA KJÚKLINGUR



SAMLOKURISTAR

SKINKA, OSTUR & BEIKON
SKINKA & OSTUR



LANGLOKURISTAR

SKINKA, OSTUR & PEPPERONI
KJÚKLINGUR, OSTUR & BEIKON
AMERÍSK GRÍSLANGLOKA



HAMBORGARAR

HAMBORGARI MED OSTI
LÚXUSBORGARI



BÁTAR

SKINKA, ASPAS & BEIKON
KJÖTLOKA MED NAUTAHAKKI OG OSTI
KJÖTLOKA MED NAUTAHAKKI, SVEPPUM & OSTI



PASTABAKKAR

KJÚKLINGUR
SKINKA

HYRNUR

BIRKIREYKT HANGIKJÖT
KJÚKLINGUR & PESTO
LÚXUS SKINKA & EGG
HYRNA MÁNAÐARINS
BACON & EGG



FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaæild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



next
bæklingurinn fylgir
blaðinu í dag!

next Handa þeim sem þér þykir vænst um!



BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur

Að leyfa það sem er bannað


Í fyrri viku gekk athyglisverður dómur á Norðurlandi þar sem maður var sýknaður af að hafa refsað börnum fyrir óskilgreinda óþekkt með flenginum á beran rassinn. Í rökstuðningi dómsins er vísað til hugsanlegrar hefðar fyrir því í samfélaginu að flengja börn og ekki sé hægt að kveða á um refsingu fyrir slíkt ef uppalandi tekur á því ábyrgð með samþykki sínu og nærveru.

MIÐAÐ við þetta er foreldrum heimilt að berja börnin sín til hlýðni eða fá aðra til verksins. Þótt Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveði á um að börn skuli njóta verndar gegn öllu ofbeldi af hvers kyns tagi virðist dómurinn frekar vilja miða við það sem hann hefur á tilfinningunni að tíðkast á Íslandi. Burtséð frá samþykktum réttindum barna er þar semsé stuðst við óstaðfesta hugmynd um refsiaðferðir sem íslenskir foreldrar í hrönnum beiti börnin sín.

EN raunar eru áratugir síðan flengingar þóttu boðleg uppeldis- aðferð. Fyrir nokkuð löngu fór að hvarfla að fólki að ef til vill væru barsmíðar ekki vænlegar til að byggja upp sjálfstraust barna og trúnaðartraust við foreldra. Þar á undan þótti kannski í finu lagi að flengja smá. Þá þótti gefa góða raun að hræða með Grýlu og Kuldabola því hvað er nú með- færilegra en barið og hrætt barn?

TRÚLEGA eru fleiri en ég sem stundum mislíkar ögn hegðun litlu grísanna. Stundum fara þeir jafn- vel töluverða vegalengd yfir strikið og æði misjafnt hvernig við sjálf erum upplögð til að höndla uppsteyttinn. Göfugri manneskja getur kannski litið á nauðsynlega búðarferð með heimtufrekan krakka síðla dags sem dásamlega upplifun en ekki harðneskjulega þjálfun í jafnaðargeði. Reyndar þekki ég ekkert foreldri sem aldrei hefur dottið í hug eitt örstutt augnablik að taka oggulftið í hnakkadrambið á krakkaorminum. Ekkert er eins yndislegt og sofandi börn.

MARKMIÐ sæmilega þenkjandi fólks er vitaskuld að hafa góð áhrif á afkvæmi sín og til þess eru yfirvegaðar leiðbeiningar vænleg- astar til árangurs. Börn hafa yfir- leitt tilhneigingu til að skilja þryði- lega ýmsar aðferðir sem eru lausar við bæði ofbeldi og niður- lægingu. Og þó enn eimi eftir af gamaldags uppeldisaðferðum getur varla verið hlutverk dóm- stóla að leyfa það sem er bannað.



GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn 20. ágúst, 233. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 5.35	13.31	21.24
Akureyri 5.11	13.16	21.18

Heimild: Almanak Háskólans



www.toyota.is

Sól og bíll - Með Toyota

Með flestum tegundum nýrra seldra Toyota bifreiða fylgir utanlandsferð á sólarströnd fyrir allt að fjóra í allt að tvær vikur, að verðmæti allt að 550 þúsund kr.

Öll gjöld og skattar innifalín.

Viðskiptavinur velur hversu lengi hann vill vera (1 eða 2 vikur), hverjum hann býður með sér og hve mörgum (1 til 3). Gjafabréfið er framseljanlegt.

Komdu sem fyrst á sölustaði Toyota um land allt og tryggðu þér gjafabréf að þínum draumaáfangastað. Þetta tilboð rennur út 14. september 2008.

Áfangastaðir: Krít, Mallorca, Tyrkland (Marmaris), Portúgal, Kanarí (Tenerife) og Costa del Sol.

Bílar: Yaris, Auris, Corolla, Verso, Avensis, RAV4, Prius, Land Cruiser, Hilux og Hiace.

Allar nánari upplýsingar á www.toyota.is



TODAY TOMORROW TOYOTA



Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjaneshæ
Njarðarbraut 19
Reykjaneshæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070